

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. apríl 2005 – 114. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 **visir**

FÖSTUDAGUR




DÓMAR Í LANDSÍMAMÁLINU MILDADIR Dómar Héraðsdóms yfir Árna Þór Vigfússyni, Kristjáni Ra. Kristjánssyni og Ragnari Orra Benediktssyni voru í Hæstarétti mildaðir. Allir kröfðust þeir sýknu í málinu. **Sjá síðu 2**

SEGJA SPURNINGUM EKKI SVARAD Fjárlaganefnd Alþingis ákvað á fundi sínum í gær að ríkisendurskoðandi hefði ekki gefið fullnægjandi svör við spurningum um einkavæðingu á Búnaðarbanka og Landsbanka. **Sjá síðu 2**

FÓLSKULEG LÍKAMSÁRÁS Á AKUREYRI Fimm menn gengu í skrokk á 17 ára pilti á Akureyri, rífu af honum fótin og drógu hann nánast nakinn eftir malarlögðu plani. **Sjá síðu 4**

KVEÐUR STJÓRN MÁLIN MED SÖKNUÐUR Ásdís Halla Bragadóttir tekur við forstjórastarfi hjá BYKO eftir mánuð. Gunnar Einarsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar tekur við bæjarstjórnastafinu. **Sjá síðu 6**



BJARTVIÐRI SYÐRA Rigning eða slydda norðan og austan til. Vindurinn hvað hægastur á Suðurlandi. Hiti 2-10 stig, mildast syðst. **Sjá síðu 4**



APÓTEKARINN Í ÓPERUNNI Þáttakendur í Óperustúdíói Íslensku óperunnar og Listaháskóla Íslands frumsýna óperuna Apótekarinn eftir Haydn í Íslensku óperunni í kvöld klukkan 20.

Kvikmyndir	46	Myndlist	40
Tónlist	40	Íþróttir	32
Leikhús	40	Sjónvarp	48

Atvinnurekendur hafna frumvarpi

Samtök atvinnulífsins telja að frumvarp menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið brjóti bæði gegn samkeppnislögum og reglum EES um ríkisstyrki. Það feli í sér óhóflega mismunun í skilyrðum til útvarpsrekstrar.

RÍKISÚTVARPIÐ Frumvarp menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið brýtur gegn samkeppnislögum og reglum Evrópska efnahagssvæðisins um ríkisstyrki. Þetta kemur fram í álitni Samtaka atvinnulífsins sem sent var menntamálanefnd Alþingis í gær. „Við mælum gegn því að frumvarpið verði samþykkt í þeirri mynd sem það er nú. Í því er gert ráð fyrir áframhaldandi ríkisstyrkjum til dagskrárgerðar og þjónustu á markaði sem er í engu frábreytt því sem einkafyrirtæki eru að bjóða,“ segir Ari Edwald framkvæmdastjóri SA. „Við drögum í efa að það fái staðist reglur EES um ríkisstyrki. Sérstök rök verða að vera fyrir því

að veita ríkisstyrki fyrir slíka starfsemi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að halda áfram að reka ríkisfyrirtæki, sem nú er rekið með tapi, með styrkjum frá ríkinu sem hlýtur að eyðileggja skilyrði fyrir heilbrigðri samkeppni á þessu sviði,“ segir Ari. Í umsögninni segir að útvarpsrekstur sé frjáls atvinnustarfsemi og því þurfi lög um hann að vera laus við mismunun sem á sér ekki eðlilegar forsendur. Ekki sé gætt nægjanlega að þessum þætti í frumvarpinu og verði einkaaðilum í útvarpsrekstri ekki tryggt eðlilegt jafnræði, segir í umsögninni. Þá segir að almannathjónustuhlutverk RÚV sé ekki nægilega

vel skilgreint og engu betur en nú er gert í lögum. Einnig sé flestum þeirra atriða sem skilgreind eru sem útvarpsþjónusta í almannabágu nú einnig sinnt af einkareknum útvarpsstöðvum. „Telja samtökin að með samþykkt frumvarpsins yrði fest í sessi óhófleg mismunun í skilyrðum til útvarpsrekstrar sem engin sátt gæti orðið um og teljast verði andstæð markmiði samkeppnislaga,“ segir í umsögninni. Ekki náðist í Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra í gær og Gunnar I. Birgisson, formaður menntamálanefndar, vildi ekki tjá sig um umsögnina að svo stöddu. - sda

Landsímamálið: Dómar mildaðir

HÆSTIRÉTTUR Hæstiréttur mildaði í gær dóma Héraðsdóms yfir þeim Árna Þór Vigfússyni, Kristjáni Ragnari Kristjánssyni og Ragnari Orra Benediktssyni í Landsímamálinu. Árni Þór og Kristján Ra. höfðu báðir fengið tveggja ára dóm í héraði en fá nú 15 og 18 mánaða fangelsisdóm. Til frádráttar kemur 11 daga gæsluvarðhaldsvist þeirra. Ragnar Orri fékk átta mánaða dóm í héraði, en sá dómur var mildaður í þrjá mánuði og til frádráttar kemur sjö daga gæsluvarðhaldsvist. Í dómnum kemur fram að Kristján hafði á hendi fjárvörslur þeirra að meginstofni og segir að hann hafi þannig átt ríkari þátt í verknáðinum. Því var gerður nokkur munur á refsingu þeirra. Árni Þór og Kristján þurfa einnig að greiða hálf milljón hvor í málsvarnarlau og Ragnar Orri 350 þúsund. Einnig féll í gær dómur Hæstaréttar í líkfundarmálinu þar sem dómur Héraðsréttar var staðfestur, auk þess sem dómur Annþórs Karlssonar var þyngdur í Hæstarétti í gær. **Sjá síður 2 og 8**

Methagnaður KB banka: Grænt ljós á Singer

VIÐSKIPTI Hagnaður KB banka nam rúmum ellefu milljörðum króna á fyrsta ársfjórðungi ársins. Er það methagnaður fyrirtækis á einum ársfjórðungi. Samhliða birtingu uppgjörsins tilkynnti stjórn Singer & Friedlander að hún hygðist mæla með tilboði KB banka við hluthafa breska bankans. Tilboðið hljóðar upp á ríflega 64 milljarða króna. Þar með eru yfirgnæfandi lýkur á að KB banki taki við stjórnartaumum í breska bankanum að nokkrum mánuðum liðnum. Heildareignir bankanna samanlagt munu nema yfir tvö þúsund milljörðum króna. - hh / sjá síðu 30



PÓLVERJAR REISA ÁLVER Griðarleg eftirspurn er eftir starfsmönnum hjá Fjarðaáli, aðalverktakanum Bechtel og tengdum verktökum á Reyðarfirði og noga vinnu að fá. Erlendir starfsmenn eru nú aðeins 10-20 prósent af starfsmönnum við framkvæmdirnar en það breytist hratt á næstu vikum þegar Íslendingar og Pólverjar taka til starfa. Mennirnir á myndinni eru pólskir.

Álversframkvæmdirnar í Fjarðabyggð: Iðandi mannlíf og mikil uppbygging

REYÐARFIJÓRÐUR Atvinnulífið í Fjarðabyggð idar af lífi og bjartsýni nú þegar framkvæmdir í tengslum við fyrirhugað álver eru komnar vel á veg og áhrifin eru farin að skila sér í þjóðfélaginu. Verið er að byggja nýja verslun á Neskaupstað og verða tvær verslanir, Lyfja og ÁTVR, fljótlega opnaðar til viðbótar við þær þrjár

sem þegar eru í Molanum á Reyðarfirði. Viðbyggingar og skólabyggingar rísa í öllum hverfunum þremur í Fjarðabyggð. Á Eskifirði er fyrirhugað að byggja nýja útisundlaug í samstarfi við fasteignafélagið Fasteign og er verið að endurbyggja útisundlauginu á Norðfirði. Á Reyðarfirði er fyrirhugað að

byggja fjölnota íþróttahús, hugsanlega í samstarfi við Fjarðaál. Einnig er í bígerð að opna veitingastað og bíó í Félagslundum og vera þar með reglulegar sýningar. Í næstu viku verða haldnir kynningarfundir á vegum Fjarðaáls um allt land og er það liður í að fá innlenda starfsmenn. -ghs

77%

fólks í úthverfum lesa Fréttablaðið daglega.*

Ekki missa af fólkinu í stærstu hverfunum.

*Gallup febrúar 2005

FRÁ LEIKSTJÓRA
DIE ANOTHER DAY

KOMIN Í BÍÓ



SPURNING DAGSINS

Magnús, var Stoke bara djók?

„Stoke er djók.“

Magnús Kristinnsson, útgerðarmaður og hluthafi í Stoke City, segir að knattspyrnufélagið sé hans versta fjárfesting í áratug og ætlar að selja sinn hlut.



GESTIRNIR Á AKUREYRI

Næst heldur hópurinn til Murmansk og Lapplands í þeim tilgangi að rannsaka og greina framþróun ör- og jaðarsamfélaga.

Háskólinn á Akureyri: Fjölbjóðleg heimsókn

SAMSTARF Tuttugu og þrjú nemendur, frá sex löndum, sem leggja stund á umhverfisverkfræði við Háskólann í Tampere í Finnlandi, heimsóttu Háskólann á Akureyri í gær. Heimsóknin er hluti af samstarfsverkefni Íslands, Finnlands, Kanada og Rússlands sem ætlað er að stuðla að auknum tengslum vísindamanna landanna. Verkefnið kallast „Northern Environment Student Forum“ og hefur verið í umsjón Finna.

- kk

LÖGREGLA

LÍKFUNDUR Í REYKJAVÍK Lokið er rannsókn lögreglunnar í Reykjavík á láti manns sem fannst við listaverkið Sólfríð við Sæbraut á miðvikudagskvöldið. Að sögn lögreglu var um að ræða einstakling sem lýst hafði verið eftir fyrr um daginn og ljóst að ekki var um glæpsamlegt athæfi að ræða. Málið telst upplýst.

ÚTAFAKTUR Í NORÐURÁRDAL Bíl var ekið út af þjóðvegnum í Norðurárdal í gærkvöld. Að sögn lögreglu er bíllinn ónýtur en öku-manninn, sem er tvítugur, sakaði ekki. Hann var einn í bílnum.

Umdeildur dómur staðfestur:

Skilorð fyrir að berja konu

HÆSTIRÉTTUR Maður fékk þriggja mánaða fangelsisdóm skilorðsbundinn í þrjú ár í Hæstarétti í gær. Dómurinn fékk hann fyrir árás á eiginkonu sína.

Dómurinn er nær samhljóða fyrri dómi Héraðsdóms Reykjanes, en hann vakti mikið umtal því látið var að því liggja að konan hefði verið valdur að bræði mannsins, en hann sakaði hana um framhjáhald. „Við refsímat í málinu verður að líta til þess, að samkvæmt frásögn kæranda hefur sambúð hennar og ákærða verið stormasöm allt frá því að þau giftust [...] í þessu tilvikum leggur ákærður hendur á kæranda í mik-

illi bræði og hníga gögnin frekar að því, að kærandi kunni að hafa valdið henni,“ sagði þá í dómi héraðsdóms.

Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari skilaði sérá-liti, en hann vildi kveða upp 30 daga skilorðsbundinn fangelsisdóm. Hann sagði að fallast mætti á að opinber umfjöllun um brot mannsins „þar sem meðal annars var birt mynd af honum undir nafni, hafi verið einhliða og ósanngjörn og til þess fallin að valda honum þjáningum og skaða“ og vildi meta honum það til refsilækkunar.

- óká



JÓN STEINAR GUNNLAUGSSON
HÆSTARÉTTARDÓMARI

Jón Steinar vildi meta fjölmiðlaumfjöllun mannum til refsilækkunar.

Fyrri dómur þyngdur: Annþór fær þrjú ár

HÆSTIRÉTTUR Hæstiréttur þyngdi í gær fyrri dóm Héraðsdóms Reykjavíkur yfir Annþóri Kristjáni Karlssyni um hálf tveggja ára fangelsisdómur. Staðfestur var tveggja ára dómur yfir Ólafi Valtý Rögnavaldssyni.

Annþór og Ólafur Valtýr réðust inn á heimili mjaðmagrindarbrotins manns og gengu í skrokk á honum. Fyrir dómi breytti maðurinn framburði sínum og vildi fría Annþór af því að hafa handleggsbrotið sig. Sögunni var ekki trúað og kvað Hæstiréttur brot Annþórs bæði „alvarleg og ófyrirleit.“

- óká

Dómar í Landssíma-málinu mildaðir

Dómar Héraðsdóms yfir Árna Þór Vigfússyni, Kristjáni Ra. Kristjánssyni og Ragnari Orra Benediktssyni voru í Hæstarétti samtals mildaðir um 20 mánuði. Allir kröfðust þeir sýknu í málinu, en ákærvaldið vildi staðfestingu héraðsdóms.

HÆSTIRÉTTUR Hæstiréttur mildaði nokkuð dóma héraðsdóms yfir þeim Árna Þór Vigfússyni, Kristjáni Ragnari Kristjánssyni og Ragnari Orra Benediktssyni. Árni Þór og Kristján Ra. höfðu báðir fengið tveggja ára dóm í héraði en fá nú 15 og 18 mánaða fangelsisdóm, en til frádráttar kemur 11 daga gæsluvarðhaldsvist þeirra. Ragnar Orri fékk átta mánaða dóm í héraði, en sá dómur var mildaður í þrjú mánuði og til frádráttar kemur sjö daga gæsluvarðhaldsvist. Árni Þór og Kristján þurfa einnig að greiða hálf milljón hvor í málsvarnarlaun og Ragnar Orri 350 þúsund.

Árni Þór og Kristján Ragnar voru sakfelldir fyrir hylmingu með því að hafa veitt viðtöku frá Sveinbirni Kristjánssyni, fyrrum aðalféhirði Landssímans, tæplega 163,6 milljónum króna á árunum 1999 til 2001 og ráðstafað í eigin þágu, auk Alvöru lífsins og Skjás eins. Ragnar Orri Benediktsson var dæmdur fyrir hylmingu.

Sveinbjörn Kristjánsson, fyrrum aðalféhirði Landssímans, ákvað að una sínum dómi í héraði, en mál hans var skilið frá hinum. Hann var dæmdur í fjögurra og hálfis árs fangelsi fyrir um 261 milljónar króna frádrátt í starfi sínu hjá Símanum.

Árni, Kristján Ra. og Ragnar Orri kröfðust allir sýknu fyrir Hæstarétti, en til vara krafðist

Nafn	Hæstiréttur	Héraðsdómur	Mismunur
Árni Þór Vigfússon	15 mánuðir	24 mánuðir	9 mánuðir
Kristján Ragnar Kristjánsson	18 mánuðir	24 mánuðir	6 mánuðir
Ragnar Orri Benediktsson	3 mánuðir	8 mánuðir	5 mánuðir



KRISTJÁN RAGNAR OG ÁRNI ÞÓR Í HÆSTARÉTTI

Árni Þór Vigfússon og Kristján Ra. Kristjánsson mættu hvorugur við uppkvaðningu dómsins í gær, en myndin var tekin við flutning málsins í Hæstarétti í byrjun mánaðarinnar.

Árni Þór þess að héraðsdómur yrði ómerkter og málinu vísað heim í hérað og til þrautavara mildunar refsingar. Kristján Ra. Kristjánsson krafðist þess til vara að refsing hans yrði ákveðin sem fésekt og Ragnar Orri fór til vara fram á mildun refsingar.

„Ákærði Árni Þór hefur ekki áður sætt refsingum svo að kunnugt sé og ákærði Kristján Ragnar ekki að því marki að máli skipti. Brot ákærðu varða hins vegar fjölmargar greiðslur, sem spanna yfir talsverðan tíma, og eru flest-

ar að verulegri fjárhæð. Alls nema brot þeirra stórfelldri fjárhæð, sem ekki á sér hlíðstæðu í öðrum dómsmálum. Þegar litið er til þess að ákærði Kristján hafði á hendi fjárvörslur þeirra að megin stofni og átti þannig ríkari þátt í verknáðinum verður nokkur munur gerður á refsingu þeirra,“ segir í dómi Hæstaréttar. Dómurinn kváðu upp Markús Sigurbjörns-son, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnlaugur Claessen og Hrafn Bragason. Ríkissak-sóknarni skaut málinu til Hæstaréttar í lok júlí í fyrra, bæði fyrir ákærðu sem vildu áfrýja og ákærvaldið sem vildi staðfestingu á héraðsdómi.

ollikr@frettabladid.is

- bs

Síminn:

Tjáir sig ekki um dóminn

LANDSSÍMAMÁLID „Af hálfu Símans eru engin viðbrögð við dómi Hæstaréttar,“ sagði Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi fyrirtækisins. Hún sagði fyrirtækið frá upphafi hafa ákveðið að tjá sig ekki um dóma í Landssíma málinu svokallaða. „Málinu var lokað af hálfu Símans og svo tók dómskerfið við,“ sagði hún og kvað fyrirtækið treysta dómstólum landsins til að komast að réttlátri niðurstöðu.

EKKI NÁÐIST Í ÁRNI ÞÓR VIGFÚSSON Í GÆR TIL AÐ FÁ VIÐBRÖGÐ HANS VIÐ DÓMNUM, SEM ER HELDUR MILDARI EN SÁ SEM KVEÐINN VAR UPP Í HÉRAÐI.

- óká

Lögmaður Ragnars Orra:

Vonsvikinn en virðir dóminn

LANDSSÍMAMÁLID „Ég er vonsvikinn að því leyti að ég vonaði að hann yrði sýknaður,“ segir Sigmundur Hannesson, lögmaður Ragnars Orra Benediktssonar, um úrskurð Hæstaréttar. „Aftur á móti er nokkur leiðrétting í þessu; dómurinn var lækkaður úr átta mánuðum niður í þrjú. En við virðum niðurstöðu æðsta dómstóls landsins.“

Að sögn Sigmundar vildi Ragnar Orri ekki tjá sig um málið opinberlega. „Hann er rétt búinn að renna yfir dómnum og er að átta sig á þessu.“

Hvorki Ásgeir Þór Árnason, lögmaður Kristjáns Ra. Kristjánssonar, né Gestur Jónsson, lögmaður Árna Þórs Vigfússonar, vildu tjá sig um málið.

Ríkisendurskoðandi á fundi fjárlaganefndar Alþingis

Segja spurningum ekki svarað

EINKAVÆÐING Fjárlaganefnd Alþingis ákvað á fundi sínum í gær að Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi hefði ekki gefið fullnægjandi svör við spurningum nefndarmanna um einkavæðingu á Búnaðarbanka og Landsbanka á árunum 2002 til 2003. Því var fallist á að kalla framkvæmdanefnd um einkavæðingu, og fyrrum nefndarmenn hennar, á fund nefndarinnar að tíu dögum liðnum.

Lúðvík Bergvinsson, þingmaður Samfylkingarinnar sagði að ekki hefðu fengist svör við ýmsum veigamiklum spurningum, svo sem þeirri, hvers vegna báðir bankarnir voru seldir í einu þrátt fyrir að talið væri að hærra verð fengist fyrir þá yrðu þeir seldir hvor í sínu lagi, hvers vegna Kaldbakshópnum

hefði verið sýnað á þeirri forsendu að hann hefði ekki erlendan fjárfesti á sínum vegum og hvers vegna hæsta verðið var ekki látið gilda þegar Landsbankinn var seldur Samson.

„Einnig var spurt hvers vegna samsetning S-hópsins breyttist dag frá degi meðan viðræðurnar stóðu yfir [um sölu á Búnaðarbankanum] og hvenær þýski bankinn kom inn í myndina og hver aðkoma hans nákvæmlega var,“ segir Lúðvík.

Ríkisendurskoðandi fundaði með Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherra áður en hann mætti fyrir fjárlaganefnd. Samkvæmt upplýsingum frá forsætisráðuneytinu tengist sá fundur ekki einkavæðingu bankanna.

- sda



SIGURÐUR ÞÓRÐARSON KEMUR AF FUNDI MEÐ FORSÆTISRÁÐHERRA Í GÆR.

Ríkisendurskoðandi mætti fyrir fjárlaganefnd í gær og svaraði spurningum um einkavæðingu Landsbankans og Búnaðarbankans á árunum 2002 til 2003.

Alltaf í leiðinni



Ódýrt bensín

14 stöðvar!
www.ob.is

01 - 8045

„Ef ég væri rík“

Peningar eru ekki lykillinn að lífshamingjunni. Jöfn og trygg innkoma eru hins vegar gæði sem seint verða ofmetin. Með því að leggja pening í viðbótarlífeyrissparnað Allianz stuðlar þú að öryggi í fjármálunum og getur látið drauma þína rætast. Það er aðeins einn lífeyrissjóður á Íslandi með tryggða lágmarksávöxtun – það er Allianz.

Skaftahlíð 24 | Sími 595 3300 | allianz@allianz.is | www.allianz.is

VIÐBÓTARSPARNADUR

Allianz 
– stendur með þér

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 28.04.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	63,52	63,82
Sterlingspund GBP	120,88	121,46
Evra EUR	81,97	82,43
Dönsk króna DKK	11,006	11,07
Norsk króna NOK	10,058	10,118
Sænsk króna SEK	8,968	9,02
Japanskt jen JPY	0,5997	0,6033
SDR	XDR	96,02
		96,6

Gengisvísitala krónunnar
113,327% -0,04%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Óprúttir þjófar:

Ópið ef til vill eyðilaggt

NOREGUR Norska dagblaðið Dagbladet birti í gær frétt þar sem því var haldið fram að málverkin dýrmætu eftir Edvard Munch, Ópið og Madonna, hefðu verið brennd.



ÓPIÐ
Skyldi verkio vera að eilífu glatað?

Verkunum var stolið í fyrrahaust og er talið að sömu menn hafi verið að verki og stóðu á bak við Stavangursránið. Blaðið segist hafa heimildir frá lögreglunni fyrir því að þjófarnir hafi brennt verkin til þess að ekki væri hægt að sanna á þá þjófnáðinn.

Yfirmaður rannsóknarinnar á stuldinum sagðist hins vegar í samtali við norska ríkisútvarpið ekkert vita um málið og benti á að lögreglan fengi Dagbladet sjaldan til að birta fréttir. ■

Morð í Afríku:

Varpað fyrir ljón

HÖFÐABORG. AP Hvítur suður-afríkur bóndi og undirmaður hans voru í gær fundnir sekir um að hafa myrt þeldökkan vinnumann.

Morðingjarnir skáru fyrst fórnarlamb sitt með sveðjum, bundu það og kefluðu og óku með það á dýraverndarsvæði. Þar fleygðu þeir manninum ofan í ljónagryfju þar sem hann var étinn upp til agna, aðeins fundust nokkur bein af honum.

Vitnaleiðslur í málinu snerust að mestu leyti um hvort bóndinn hefði tekið þátt í óðæðinu og hvort fórnarlambið hefði verið lifandi þegar því var varpað fyrir ljónin. Dómurinn taldi að svo hefði verið. Dómur verður kveðinn upp eftir nokkra daga. ■

Bretland: Tony Blair birtir Íraksskjöl

BRETLAND. AP Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands og leiðtogi Verkamannaflokksins, heimilaði í gær að skjöl sem innihalda trúnaðaralit lögfræðilegs ráðgjafa ríkisstjórnarinnar um lög-mæti innrásarinnar í Írak, sem samið var áður en hún hófst, yrðu birt. Áður hafði Blair staðfastlega neitað að láta birta álit-ið, en innihald þess lak nýlega til fjölmiðla.

„Þið hafið þetta sennilega allt hvort er. Ég sé enga ástæðu til að birta þetta ekki,“ sagði Blair við fréttamenn í gær. Blair hafði vonast til að geta látið umræðuna í kosningabaráttunni snúast um

efnahags-, mennta- og heilbrigðismál, en þess í stað hafa deilurnar um það hvernig ákvörðunin var tekin um innrásina í Írak snú-ið athyglinni að trúverðugleika forsætisráðherrans. Deilurnar hafa nú knúði Blair til að reyna að snúa vörn í sókn með því að birta gögnin.

„Aðalatriðið er að ríkislögmaðurinn komst að þeirri niðurstöðu að það samræmdist lögum að láta til skarar skrifa,“ sagði Blair. „Hvað sem ég segi mun mér aldrei takast að sannfæra suma sem voru andsnúnir þessu stríði. Ég get ekki beðist afsökunar á þessari ákvörðun vegna þess

að ég tel heiminn betur settan með Saddam Hussein bak við lás og slá en á valdastóli.“

Gögnin sýna að Goldsmith lávarður, aðallögfræðiráðgjafi forsætisráðherrans, sagði þann 7. mars 2003 að æskilegra væri að fyrir lægi önnur samþykkt öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, þar sem ótvírætt væri veitt heimild fyrir því að hervaldi yrði beitt gegn Írak. Í öðru lögfræðilíti Goldsmiths sem Blair lagði fyrir þingið þann 17. mars voru þessir fyrirvarar ekki nefndir, aðeins að innrás væri lögformlega heimil án nýrrar öryggisráðssamþykktar. ■



LÖGFRÆÐIALIT BIRT
Tony Blair ávarpar fjölmiðla í gær.



ÍÐNAÐARSVÆÐI Á AKUREYRI

Í þessu porti var sparkað í andlit og höfuð piltins, fót og skór rifin og tætt utan af honum og hann dreginn á nærbuxum einum klæða.



GÖMLU BRÝRNAR

Ekið var með piltinn í farangursgeymslunni að vinsælu útivistarsvæði á Akureyri innan við flugvöllinn.

Fólkskuleg líkamsárás á Akureyri

Fimm menn gengu í skrokk á 17 ára pilti á Akureyri, rifu af honum fötin og drógu hann nánast nakinn eftir malarlögðu plani. Árásarmennirnir hafa allir komið við sögu fíkniefnamála en líkamsárásin tengist ekki fíkniefnum.

LÍKAMSÁRÁS Fólkskuleg líkamsárás átti sér stað á Akureyri föstudagskvöldið 11. mars, þegar fimm menn gengu í skrokk á 17 ára pilti, afklæddu hann og drógu eftir malarlögðu plani. Lögð var fram kæra sama kvöld.

Pilturinn, sem er nemandi við Verkmenntaskólann á Akureyri, hefur aldrei komið við sögu lögreglunnar þar. Daníel Snorrason lögreglufulltrúi segir einu sök piltins vera þá að hann bauð systur eins árásarmannsins upp í bifreið og hafa árásarmennirnir staðfest að það hafi verið ástæða árásarinnar.

Samkvæmt frásögn piltins kannaðist hann lítilega við árásarmennina sem töldu hann á að stíga inn í bifreið sem þeir voru í en síðar var honum skipað að fara

ofan í farangursgeymslu bifreiðarinnar. Ekið var með piltinn inn fyrir Akureyrarflugvöll en þar var bifreiðin stöðvuð, honum ógnað með kúbeini og hann sleginn í andlit með tveimur mannanna þar sem hann lá í farangursgeymslunni. Að því búnu var ekið með piltinn í iðnaðarhverfi nærri Oddeyrarskála og hann tekinn harkalega úr farangursgeymslunni, sparkað í andlit hans og höfuð, fót og skór rifin utan af honum og hann dreginn á nærbuxum einum klæða á bakinu eftir malarlögðu plani. Árásarmennirnir höfðu sig loks á brott en tóku áður af piltinum síma, peninga og fötin og skildu hann eftir á planinu nánast nakinn í fimm stiga frosti og myrki.

Pilturinn þurfti að leita læknis-

aðstoðar en Daníel segir hann hafa verið með ljótt svöðusár á baki, auk annarra eymsla, og var hann frá skóla í 10 daga. Daníel segir rannsókn málsins hafa tekið langan tíma þar sem fimm-menn-ingarnir viðurkenndu ekki árásina í fyrstu heldur komu sér saman um rangan framburð.

Árásarmennirnir hafa allir komið við sögu fíkniefnamála og tengjast tveir þeirra málum þar sem ofbeldi hefur verið hótað. Málið telst að mestu upplýst og ganga árásarmennirnir lausir en ekki er um að ræða sömu menn og skutu annan 17 ára pilt á Akureyri 11 skotum með loftskammbyssu fyrir hálfum mánuði. Polandinn í því máli reyndist þó vera bílstjóriinn í þessu máli.

kk@frettabladid.is

Berlusconi: Fær blessun þingsins

RÓM. AP Efri deild ítalska þingsins studdi í atkvæðagreiðslu nýja ríkisstjórn Silvio Berlusconi forsætisráðherra í gær en deginum áður hafði neðri deildin lagt blessun sína yfir hana. Þar með ætti leiðin að vera greið fyrir Berlusconi til að stýra landinu að minnsta kosti fram að næstu kosningum, sumarið 2006.



MEÐ KROSSLAGÐAR HENDUR
Berlusconi mæddist í morgu í gær.

Í samtali við blaðamenn lét Berlusconi einnig að því liggja að hann teldi skýringar Bandaríkjamanna um tildrög skotárásarinnar á ítalska leyniþjónustumannina Nicola Calipari í Írak í síðasta mánuði ekki fullnægjandi. ■

LÖGREGLUFRETTIR

REYKSKEMMDIR Í HAFNARFIRÐI Eldur kviknaði út frá helli í Álfholti í Hafnarfirði um eittleitið í gær. Mikill reykur hlaut af og urðu nokkrar sótskemmdir á íbúðinni sem var mannlau. Slökkvilið þurfti að brjótast inn í íbúðina og náði fljótlega að slökkva eldinn. Enginn skaði varð á fólki en lögregla rýmdi blokkina meðan á slökkvistarfi stóð.

FÍKNIENI Í FÆREYSKUM TOGARA

Um fimm grömm af maríjúana fundust í gærmorgun við leit toll-gæslunnar og lögreglunnar í Hafnarfirði í færæyskum togara sem lá í Hafnarfjarðarhöfn. Auk þess fundust heimatilbúin áhöld til neyslu fíkniefnanna. Þrjú voru færðir til yfirheyrslu og gengust við brotinu. Þeir voru látnir lausir en þurfa að greiða sekt.

Koddamaðurinn



Hryllilegt og fyndið!

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Veðrið


SUBVESTANVERT LANDIÐ LOFAR GÖÐU

Það verður nokkuð vindasamt á landinu í dag en síst þó vestan til á Suðurlandi og þar verður einna bjartast. Þetta þýðir að Suðurlandi mun hafa vinninginn þennan daginn. **KULDAKASTIÐ** Svo er það blessaða kuldakastið sem nú mun herja á okkur. Kaldast verður um helgina og þá á Vestfjörðum og Norðurlandi en skaplegra syðra. Það verður svalt fram á þriðjudag en þá höktir hann upp á við á ný.



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

Um hádegi í dag



Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	9°C skýjað	Paris	20°C skýjað	Alicante	23°C skýjað
Oslo	10°C skýjað	Berlín	17°C skýjað	Milano	24°C heiðskirt
Stokkhólmur	15°C skýjað	Amsterdam	16°C léttskýjað	New York	16°C skúrir
Helsinki	10°C léttskýjað	Madrid	26°C heiðskirt	San Francisco	18°C léttskýjað
London	18°C skýjað	Barcelona	21°C léttskýjað	Orlando/Florida	31°C léttskýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skýggó á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Ódýrar kjúklingabringur



**Danskar
Kjúklingabringur**
lausfrystar, 1 kg

TILBOÐ
1.299 kr/pk
Verð áður 1.499,-

Tandori kryddaðar kjúklingabringur með dverg Naan brauði og jógúrt-agúrku sósu

4 skinnlausar kjúklingabringur eða lundir
2 msk. tandori kryddblanda
2 msk. smjör eða ólifuolía

Dverg Naan brauð

250 g hveiti
1 tsk. lyftiduft
2 msk. hrein jógúrt
1 tsk. salt
110-120 ml vatn

Aðferð:

Öllu blandað saman en vatnið er sett síðast, hnoðað létt og látið jafna sig í 1 klst. með rökum klút yfir, mótað í litlar kúlur og rúllað þunnt út. Bakið brauðin undir grilli eða steikið á pönnu, líka er hægt að nota útigrill. Bakið í nokkrar mínútur, kryddið með hvítlauk og kóriander olíu, salti og fersk möluðum pipar.

Hvítlauks og kóriander olía

100 ml ólifuolía
1 rif hvítlaukur
Nokkur lauf saxað ferskt kóriander.

Aðferð:

Blandið öllu saman, gott að eiga olíu til í kæli og er hægt að nota á ýmsan mat.

Aðferð:

Kjúklingabringurnar eru steiktar stökkar á pönnu og látanar eldast rólega í ofni við 100°C í 10 mín. eða þar til fullri eldun hefur verið náð.

Köld jógúrt sósa

100 ml hrein jógúrt (hægt er að nota sýrðan rjóma eða ab mjólk ef það á betur við)

1-2 rif hvítlaukur
1/2 söxuð agúrka
1/2 lime (safinn)
1/2 tsk. salt

Nokkur blöð ferskt kóriander

Aðferð:

Öllu er blandað saman og kryddað.



Bjarni Gunnar Kristinsson
Yfirmatreiðslumaður á Grillinu
meðlimur í landsliði matreiðslumeistarara



TILBOÐ
699 kr/stk
Verð áður 999,-

Salzburg tertur, 3 tegundir



Nýtt
í Hagkaupum

Sharwood's austurlenskar sósar



Nýtt
í Hagkaupum

TILBOÐ
499 kr/stk
Verð áður 699,-

Carte d'or ís, 4 tegundir

Gildir til 1. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Hlauptu með Asics í sumar!

- einfaldlega betri hlaupaskór

KAYANO



TOPPURINN FRÁ ASICS.
HLAÐNIR ÖLLUM HUGSANLEGUM
TÆKNIBÚNAÐI!

NIMBUS



ALHLÍÐA HLAUPASKÓR MEÐ
STYRKINGUM Í HÆL OG UNDIR
TÁBERGI.

2100



INNANFÓTARSTYRKTIR HLAUPA-
SKÓR MEÐ GELPÚÐUM Í HÆL
OG UNDIR TÁBERGI.

**SÉRFRÆÐINGUR FRÁ ASICS VEITIR
RÁÐGJÖF UM HELGINA Í SMÁRALIND!**

- FÖSTUDAG 14 - 18
- LAUGARDAG 14 - 18
- SUNNUDAG 14 - 18

- TÆKNILEGIR YFIRBURÐIR
- Í REYKJAVÍKURMARAFONINU ERU MEIRA
EN 50% HLAUPARA Á ASICS SKÓM SKV. KÖNNUN Á HLAUP.IS

Björn Margeirsson
- margfaldur Íslandsmeistari
í 800 og 1500 metra hlaupi
hleypur á Asics



VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hvað heita rafmagnsbílarinn sem á að fara að flytja til landsins í haust?
- 2 Hvaða þrjár af frægustu plötum íslenskrar poppsögu verða endurútgefnar í sumar?
- 3 Hver er stjórnarmaður Stoke Holding?

SVÖRIN ERU Á BLS. 50

Seley ÞH breitt til línuveiða:

Stærsta línuskip landsins

ÚTGERÐ Umfangsmiklar breytingar standa nú yfir í Slippstöðinni á Akureyri á nóta- og togveiðiskipinu Seley ÞH-381 og verður skipið búið til línuveiða. Kostnaður við breytingar og nýjan búnað er um 120 milljónir króna en að breytingum loknum verður Seley stærsta línuskipið í íslenska flotanum.

Allur búnaður til nóta- og togveiða verður fjarlægður úr skipinu og komið verður fyrir mjög afkastamikilli beitingavél.

Þessi vél er tölvustýrð og afar fullkominn en hún getur beitt sex króka á sekúndu. Um borð verða línurekkar fyrir 52 þúsund króka og í áhöfn verða 14 manns, segir



SELEY Á AKUREYRI

Visir í Grindavík keypti Seley í upphafi árs af Ishafi á Húsavík en skipið hét áður Guðrún Þorkelsdóttir og var gert út frá Eskifirði.

Kjartan Viðarsson útgerðarstjóri Vísis.

Seley er í eigu Vísis í Grindavík og mun skipið leysa af hólmum tvö línuskip sem Vísir hefur gert út,

Fjölmi IS og Frey ÞH, en þau skip verða seld.

Skipstjóri á Seley verður Þórður Pálmason sem verði hefur skipstjóri á Hrungni GK.

- kk

OPINBERAR HEIMSÓKNIR

UMHVERFISRÁÐHERRANN TIL KÍNA Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra verður með í för þegar Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, heldur til Kína um miðjan næsta mánuð. Hún mun hitta kínverska starfsbræður sína og ræða við þá vítt og breitt um umhverfismál.

PINGFORSETINN TIL DANMERKUR Halldór Blöndal, forseti Alþingis, er staddur í Danmörku í boði forseta danska þingsins ásamt fríðu föruneyti. Í ferðinni verður meðal annars rætt við forsætisnefnd danska þingsins og nokkra ráðherra. Í næstu viku mun svo sendinefndin halda á árlegan fund þingforseta Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna.

Ósáttur við dóminn

Grétar Sigurðarson, einn þriggja sakborninga í líkfundarmálinu, er ósáttur við dóm sinn. Hann vonaðist til að fá samstarfsvilja og skýr svör metin til refsilækkunar. Hæstiréttur staðfesti í gær fyrri dóm Héraðsdóms.

HÆSTIRÉTTUR Hæstiréttur staðfesti í gær dóm Héraðsdóms Reykjavíkur yfir Grétari Sigurðarsyni, Jónasi Inga Ragnarssyni og Tomasi Malakaukas, en hver þeirra hafði verið dæmdur í tveggja og hálfis árs fangelsi. Dóminn hlutu þeir fyrir smygl á tæpum 224 grömmum af amfetamíni, brot gegn lífi og líkama og fyrir ósæmilega meðferð á líki Vaidasar Juceviciusar.

„Þetta er bara úr í hött að öllu leyti,“ sagði Grétar eftir að dómurinn hafði verið kveðinn upp. „Maður hefði haldið að í öllum eðlilegum samfélögum yrði það talið þeim til tekna sem sýnir bót og betrun, vinnur með lögreglu og kemur fram eins og maður. Það virðist ekki vera hér.“ Hann sagðist þó ekki hafa hug á að fara lengra með mál sitt og kvaðst ekki ósáttur við að vera dæmdur í fangelsi fyrir hlutdeild sína í málinu. „Ég er bara ekki sáttur við að fá uppkveðinn sama dóm og þeir.“

Eftir að lík Vaidasar Juceviciusar fannst í höfninni í Neskaupstað 11. febrúar í fyrra var í fyrstu óttast að um morðmál væri að ræða enda stungusár á líkinu. Síðar kom í ljós að stungurnar voru gerðar eftir dauða Vaidasar til að hindra að líki



GRÉTAR SIGURÐARSON

Grétar svaraði spurningum fjölmiðla fyrir utan Hæstarétt í gær, eftir að kveðið hafði verið upp úr með staðfestingu á fyrri dómi Héraðsdóms yfir honum upp á tvö og hálf ári í fangelsi.

flyti upp vegna gasmyndunar við rotnun þess. Vaidas hafði flutt innvortis til landsins amfetamín í 61 pakkingu sem hann gleypiti. Hann veiktist hins vegar daginn eftir komuna til landsins vegna stíflu í mjólgirni af völdum pakkinganna. Grétar, Jónas og Tomas létu hjá líða að koma Vai-

dasi til hjálpar og lést hann sárkvalinn þremur dögum síðar. Jónas og Tomas óku svo með lík hans frá Reykjavík austur á Neskaupstað þar sem þeir sökku því í sjó við netagerðarbyggjuna. Grétar, sem er frá Neskaupstað, flaug austur og aðstoðaði við að fela líkið.

Eftir að málið komst í hámmáli lýsti Grétar því hvernig honum þætti sér ógnad af lítháfskri mafú, en hann kvaðst laus við þann ótta nú og málið væri liðið hjá. „Núna er ég bara að sinna mínu lífi, halda heimili og vera til fríðs,“ sagði hann fyrir utan Hæstarétt í gær.

olikk@frettabladid.is



BJÖRGVIN GUNNARSSON

Vorið 2003 fékk Björgvin fimmtán bleikjur í Leirutjörn á Akureyri 28. apríl og þá hljóp stangveiðimönnum bæjarins kapp í kinn.

Akureyri:

Stangveiði í Leirutjörn

VEIÐI Björgvin Gunnarsson, stýrimaður á Árbaki EA, fékk sína fyrstu bleikju í ár í Leirutjörn á Akureyri á miðvikudag. Segist hann vanur að kasta flugunni snemma á vorin í Leirutjörn en þar er staðbundin bleikja og urriði. „Ég hef oft fengið góðan afla í Leirutjörn en fiskur gengur í tjörnina á vorin og einu sinni fékk ég þar hnúðlax sem veiðist ekki oft á stöng,“ segir Björgvin.

Dæmi eru um að stórir sjóbirtingar gangi í Leirutjörn og fyrir í vor veiddist þar sjö punda sjóbirtingur.

- kk

OPNUN Í DAG KL. 15 Í BOÐI NORSKA SENDIHERRANS, GUTTORM VIK.

ØRNULF OPDAHL: Verk á pappír

Úr Brekkukotsannál, frá Mið-Atlantshafshryggnum (MAR-ECO) og Suðurskautslandinu

DAVID SHALE: Undraheimur hafdjúpanna

Ljósmyndir frá vistfræðirannsóknum á Mið-Atlantshafshryggnum (MAR-ECO) í júní og júlí 2004

NORRÆNA HÚSIÐ • STURLUGÖTU 5 • SIMI: 551 7030 • FAX: 552 6476 • WWW.NORDICE.IS

Í svörtum fótum spila

BÓNUS OG BROADWAY MEÐ BALL!
-fyrir viðskiptavini Bónus, velunnara, vini, frændur og frænkur....

Bónusball á Broadway

30. apríl LAUGARDAG
miðnætti

Þú færð miða í næstu Bónusverslun
ALDURSTAKMARK 18 ÁR



ELDUR Í FRAMHEIMILINU

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins viðhafði svokallað „stórt útkall“ og kallaði til aukamannskap til að takast á við eld í útvegg Framheimilisins í gær.

Erfiðar aðstæður í íþróttahúsi Fram:


Eldur logaði í útvegg

ELDSVOBI Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hafði mikinn viðbúnað vegna elds í Framheimilinu í Reykjavík laust eftir klukkan eitt í gærdag. Enginn meiddist og búið var að hefta útbreiðslu eldsins um klukkustund síðar. Nemendur í Álftamýrarskóla, sem er í næsta húsi, voru sendir heim vegna brunans.

Eldurinn logaði í útvegg og í hluta af þaki hússins og kvað Rúnar Helgason aðstoðarstjórnari aðstæður hafa verið frekar erfiðar. „Við þurftum að losa klæðningu frá veggnum og þakinu til að komast almennilega að þessu,“ sagði hann.

Halldór Halldórsson, staðgengill slökkviliðsstjóra, sagði ekki hægt að fullyrða strax um eldsupptök, en sjónir manna beindust þó að vinnu við tjörupappalagningu í viðbyggingu við húsið. „Við sáum aldrei mikinn eld, en óttuðumst að hann kynni að krauma þarna inni í veggnum,“ sagði Halldór og kvað slökkvilið hafa haft vitneskju um brunahættu vegna þess að í vegg byggingarinnar væri loftrými og einnig eldsmat. „En húsið stenst allar byggingarkröfur, að minnsta kosti eins og þær voru við byggingu þess fyrir um áratug síðan.“

- óká



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

LONDON
GLASGOW • OSLÓ
KAUPMANNAHÖFN
STOKKHÓLMUR • HELSINKI
FRANKFURT • BERLÍN
MÜNCHEN • AMSTERDAM
PARÍS • BARCELONA
MADRÍD • MILANÓ

60% afsláttur

fyrir börn af Netsmellum
til Evrópu*

Netsmellur - Verðdæmi

Fyrir barn með afslætti

Verð frá **11.035** kr.**

* Gildir fyrir börn 11 ára og yngri í fylgd fullorðinna.
Sölutímabil: 29. apríl - 13. maí.
Ferðatímabil: 1. júní - 31. ágúst.
Afsláttur reiknast af Netsmelli án flugvallarskatta,
við bætast barnaflugvallarskattar.

Fyrir fullorðinn

Verð frá **19.900** kr.**

**Netsmellur til Glasgow.

Í tilefni af 60 ára afmæli millilandaflugs

Icelandair fagnar á þessu ári 60 ára afmæli millilandaflugs á vegum félagsins og þar með sextíu ára afmæli farþegaflugs milli Íslands og annarra landa.

11. júlí 1945 var flogið í fyrsta skipti með farþega til útlanda á íslenskrum flugvél. Farkosturinn var Catalinaflugbátur í eigu Flugfélags Íslands og flogið var frá Reykjavík til Largs Bay í Skotlandi.



Icelandair tekur við MasterCard ferðaávisun í allt flug, þ.m.t. netflug.

ICELANDAIR
www.icelandair.is





UNGVERSKUR JAGÚARUNGI
Maya, doppóttur jagúarungi sem fæddist í Nyiregyhaza-dýrargarðinum í Ungverjalandi, horfir forvitinn út í heiminn í gær. Foreldrar Mayu eru með svartan feld en talið er að afkvæmið haldi doppóttu feldinum.

Impregilo: 20 prósentu bónus 1. maí

KÁRAHJÚKAR Starfsmenn Impregilo, sem starfa við að reisa stífluna á Kárahnjúkum, fá 19,46 prósentu bónusgreiðslur ofan á öll laun um næstu mánaðamót. Þetta er í samræmi við aukin afköst við stíflugerðina. Starfsmennirnir fengu 8 prósentu bónus um síðustu mánaðamót.

Skúli Thoroddsen, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, segir að rúmur helmingur starfsmanna Impregilo fái bónusgreiðslurnar, um 600-700. Hinir starfi í göngunum. Þar hafi verið mikill vatnsgætur og verkið gengið hægt. Nú sjái

hinsvegar fyrir endann á því og verður þá samið um bónus til handa þessu fólki.

Sett var á laggirnar nefnd verkalýðsfélaganna og Impregilo í vetur og hefur hún tekið á aðstöðu starfsmanna og bónusgreiðslum. Skúli segir að starfsmenn á Kárahnjúkum hafi kvartað yfir því að bónuskerfið hafi ekki virkað og því hafi verið gerðar breytingar sem nú séu að skila sér.

Þá eru komnir 500 Kínverjar að Kárahnjúkum sem Skúli segir að séu greinilega mjög varir. Það hafi kannski líka áhrif.

-ghs



KÍNVERJI AÐ STÖRFUM Á KÁRAHJÚKUM
Starfsmenn við stíflugerðina á Kárahnjúkum fá tæplega 20 prósentu bónus um næstu mánaðamót.

Þjófur á Kleppsvegi: Braust inn um glugga

LÖGREGLA Brotist var inn í blokkaríbúð á Kleppsvegi aðfaranótt fimmtudags og þaðan stolið farsíma, skartgripur og lítillæði af peningum. Þjófurinn braust inn um glugga en hvarf á brott þegar húsráðendur urðu hans varir. Að sögn lögreglunnar í Reykjavík sást til dökkklædds manns á hlaupum frá húsinu. Tilkynnt var um innbrotið um klukkán fjögur um nóttina.

Þjófurinn er enn ófundinn en lögregla segir ekki ólíklegt að haft verði uppi á honum og þýfinu, jafnvel þótt síðar verði.

-óka

Atlantshafsbandalagið:

Mun hjálpa til í Darfur

NATO Atlantshafsbandalagið hefur ákveðið að hefja viðræður við bandalag Afríkurríkja um mögulega aðstoð við hjálparstarf í hinu stríðshrjáða Darfur-héraði í Súdan eftir að beiðni þess efnis hafði borist NATO. Það var Alpha Oumar Konare, forseti bandalags Afríkurríkja sem óskaði eftir aðstoðinni á þriðjudag.

Ekki er þó talið líklegt að hermenn aðildarríkja NATO verði sendir á vettvang heldur verður einungis um aðstoð við skipulag á liðsflutningum og aðdráttum. Þetta verður í fyrsta sinn sem NATO tekur þátt í aðgerðum í Afríku.

2.300 friðargæsluáhöfðar frá 53 Afríkurríkjum eru í Darfur en sá fjöldi verður í það minnsta tvöfaldadur á næstu misserum. ■

Ólga í Tógó:

Mannskæð átök í Lomé



LÓMÉ, AP Ófremdarástand hefur ríkt í Afríkurríkjunni Tógó í kjölfar vafasamra kosninga um síðustu helgi þar sem Faure Gnassingbe, sonur fyrrum einræðisherra landsins, bar sigur úr þýtum. Sex manns, þar af þrjár borgarar, hafa látist í átökum í höfuðborginni Lomé undanfarna daga.

Leiðtogar stjórnarandstöðunnar hafa hvatt til frekara andófs enda segjast þeir hafa sannanir fyrir víðtæku kosningavindli. Nígíerumenn hafa haft forgöngu um að stilla til friðar í Tógó en erindrekki þeirra þar sagði hins vegar að ekkert hefði verið athugasvert við framkvæmd kjörfundarins. ■

TIL Í SLAGINN
Mótmælendur köstuðu grjóti og bensín-sprengjum á lögreglu.



NÝI FORSÆTISRÁÐHERRANN
Ibrahim al-Jaafari var greinilega létt þegar hann ræddi við fréttamenn að lokinni atkvæðagreiðslunni í þinginu.

Stjórnarkreppan í Írak á enda

Stjórnarkreppunni í Írak lauk í gær þegar þingið lagði blessun sína yfir ráðherrar al-Jaafari forsætisráðherra. Enn á þó eftir að skipa í nokkur veigamikil embætti.

ÍRAK, AP Stjórnlagabíng Íraka samþykkti í gær ráðherrar al-Jaafari forsætisráðherra. Þar með hafa Írakar eignast sína fyrstu lýðræðislega kjörnu ríkisstjórn í hartnær hálfa öld.

Frá því að Írakar gengu að kjörborðinu í janúarlök hefur gengið afleittlega að mynda nýja ríkisstjórn. Atburðarásin hefur hins vegar verið hröð síðustu daga eftir að Ibrahim al-Jaafari tilkynnti á þriðjudaginn að honum hefði tekist að setja saman ráðherrarlista. Jalal Talabani forseti lagði blessun sína yfir tillofu al-Jaafari í gær og síðan greiddi þingið atkvæði um listann. 180 af þeim 185 þingmönnum sem voru viðstaddir studdu listann en níutíu þingmenn voru fjarverandi. „Þetta er fyrsta skrefið í átt að nýju Írak,“ sagði al-Jaafari eftir atkvæðagreiðsluna í gær, glaður í bragði.

Sautján sjáar sitja í stjórninni, átta Kúrdar, sex súnníar og einn kristinn maður. Sex ráðherranna eru konur. Stjórnin mun taka við völdum af bráðabirgðastjórn Allawi eftir nokkra daga.

Ekki er þó kálið sopið þótt í ausuna sé komið. Enn á eftir að manna tvö embætti og sum ráðuneytin eru í höndum settra ráðherra. Þannig hefur al-Jaafari sjálfur tekið að sér

embætti varnarmálaráðherra, stöðu sem hafði verið eyrnaþermt súníum, og Ahmed Chalabi, einn varaforsetisráðherra, gegnir jafnframt embætti olíumálaráðherra. Ekki verður séð að súníum hafi verið tryggð völd í samræmi við fjölda þeirra og sú staðreynd mun eflaust verða olía á eld uppreisnarmanna. Ghazi al-Yawher, varaforseti og súní, gat ekki leynt gremju sinni yfir því hversu fáa trúbræður hans var að finna í stjórninni.

Hvað sem stjórnarmynduninni líður þá heldur vargöldin í landinu áfram. Ráðist var inn á heimili íraskrar þingkonu í Bagdad á þriðjudagskvöldið og hún skotin til bana. Í bænnum Musayyib reyndu uppreisnarmenn að varpa sprengjum að bandarískri herstöð en ekki vildi betur til en svo að þær lentu á strætisvagnabíðstöð. Fjórir Írakar dóu og 21 særðist. ■

HELSTU RÁÐHERRAR:

Ibrahim al-Jaafari forsætisráðherra og starfandi varnarmálaráðherra
Ahmed Chalabi varaforsetisráðherra og starfandi olíumálaráðherra
Hoshiyar Zibari utanríkisráðherra
Bayan Jabr innanríkisráðherra
Ali Abdel-Amir Allawi fjármálaráðherra


Mýrargata 26 í Reykjavík:


Óviðkomandi bönnuð umferð

BRUNAMÁL Nýja Jórvík ehf. sem á húsið að Mýrargötu 26 í Reykjavík hefur fengið Securitas til að annast þar sérstaka öryggisgæslu. „Óviðkomandi umferð um húsið – gömlu Hraðfrystistöðina – verður kærð til lögreglu,“ segir fyrirtækið í tilkynningu, en gripið er til þessara ráðstafana vegna síendurtekinna

bruna og íkveikjutílauna í húsinu. Fram kemur að hreinsun hússins sé hafin og tilheyrandi öryggisráðstafanir hafi þegar verið gerðar. „Áætlanir félagsins um endurbýggingu hússins eru óbreyttar,“ segir í tilkynningunni sem Magnús Ingi Erlingsson framkvæmdastjóri skrifar undir.

-óka






**ÞAÐ ER SVO GOTT
AÐ VERA NÁMSMAÐUR**

Árlega veitir KB banki **15 styrki** til námsmanna í Námsmannalínunni. Hver styrkur nemur **200.000 kr.**

Styrkir eru veittir til námsmanna á háskólastigi innanlands og erlendis.
Nánari upplýsingar og umsóknarform má finna á www.namsmannalinan.is.



**Umsóknarfrestur
er til 1. maí 2005**

Ragnhildur Sveinsdóttir
Andlit ársins 2005

NO NAME

COSMETICS ICELAND

Förðun og stíllisering: Silla Páls. Ljósmyndari: Ásmynd. Ásdrís Jónsdóttir. Hár: Sigrún á Hársögu. Fatnaður og skart: Juniform.. Umbrot: Viðey

**Kynnum nýju NO NAME litina
flottir og frísklegir litir**

Förðun í boði
föstudag og laugardag 12 - 18

Kaupauki fylgir ef
keypt er fyrir 3.900- eða meira*

DEBENHAMS

SMÁRALIND

*Meðan birgðir endast



SVALIR SUNDMENN

Unglingarnir á Raufarhöfn fögnuðu sumarbyrjun og hlýndunum á Norðurlandi að undanföngu með því að draga fram tjöld og setja upp í húsgörðum. Þeir allra svölustu stungu sér til sunds í tjörn sem stendur í miðju þorpínu.

Sigurður Thorlacius tryggingayfirlæknir:

Fjarri stefnu stofnunarinnar

LÍFEYRISMÁL Sigurður Thorlacius, tryggingayfirlæknir hjá Tryggingastofnun ríkisins, segir það af og frá að starfsfólk hjá stofnuninni sé að ráðleggja öryrkjum að skilja til að fá hærri bætur. „Slíkt væri fjarri stefnu stofnunarinnar og ef einhver starfsmanna væri með slíkar ráðleggingar þá ætti hann að vinna annars staðar,” sagði hann.

Arnþór Helgason, framkvæmdastjóri Öryrkjabandalagsins, sagði á Talstöðinni í gær um

tekjutengingu öryrkjabóta, að það væri „íúlega að ráðgjafar, félagsráðgjafar og jafnvel starfsmenn Tryggingastofnunar ríkisins hvetji fólk til þess að skilja, til þess að auka tekjur heimilisins.“

Lára Björnsdóttir, félagsmálastjóri í Reykjavík, sagði um ummæli Arnþórs að það væri fráleitt að félagsráðgjafar bentu öryrkjum á að skilja við maka til að auka heimilistekjurnar. Að auki væri algjörlega bannað að fólk væri að ráðleggja slíkt.



ARNÞÓR HELGASON

Öryrkjum íúlega ráðlagður til að auka heimilistekjurnar.



SIGURÐUR THORLACIUS

Af og frá að starfsfólk TR ráðleggi öryrkjum að skilja.



SÖGULEG HEIMSÓKN

Lien Chan ásamt konu sinni Fang Yu. Fundur þeirra Hu fer fram í dag.

Hu og Lien: Vilja klekkja á forsetanum

PEKING, AP Lien Chan, leiðtogi stjórnarandstöðunnar á Taívan, er kominn til Peking til viðræðna við Hu Jintao, forseta Kína. Svo háttsettur taivanskur embættismaður hefur ekki sótt Kína heim síðan þjóðernissinnar flúðu til Formósu árið 1949 og settu á fót ríkið sem í dag er Taívan.

Tilgangur fundarins er þó ekki eingöngu að bæta samskipti landanna tveggja heldur hafa báðir áhuga á að einangra Chen Shui-bian, forseta Taívan. Hann er hlynntur formlegu sjálfstæði eyjarinnar en slíkt er eitur í beinum kínverskra ráðamanna. Lien vill hins vegar sameinast Kína á nýjan leik. ■

Vill afnema tekjutengingu

Félagsmálastjórinn í Reykjavík vill afnema tekjutengingu öryrkja, annarra en þeirra sem hafa umtalsverðar tekjur. Lára Björnsdóttir segir að samfélagsleg skylda eigi að hvíla á fyrirtækjum um að ráða fólk með skerta starfsgetu í vinnu.

LÍFEYRISMÁL Lára Björnsdóttir, félagsmálastjóri í Reykjavík, kveðst vilja afnema tekjutengingu öryrkja, nema þeirra sem vinni fyrir umtalsverðum tekjum. Hún segir að um leið og fólk reyni að komast út á vinnu-markaðinn, þótt ekki sé nema í litlum mæli sé lífeyririnn tekinn af því. Í því sé ekkert vit.

„Fólk verður öryrkjar af slæmum aðstæðum, bæði heilsufarslegum og félagslegum, sem geta leitt til ýmiss konar sjúkdóma. Langtímaatvinnuleysi gerir það að verkum að menn verða óvirkir í samfélaginu. Það er því líkt niðurbrot á sjálfsvitund og sjálfsvirðingu, auk bágs fjárhags, að þeir sem fyrir því verða missa heilsuna,” sagði Lára. „Ég hef horft upp á einstæðar mæður með lítið stuðningsnet verða veikar af vonleysinu einu saman. Þær sjá enga leið út, en lenda inni í einhverj-



um vítahring. Andleg og líkamleg heilsa haldast í hendur. Margir karlmenn sem flosna upp frá fjölskyldunni lenda utan garðs og enda sem öryrkjar.“

Lára sagði þá ábendingu réttmæta að arðsemiskröfur á vinnu-markaði væru miklu meiri nú en áður. Hvíla ætti samfélagsleg skylda á fyrirtækjum landsins, bæði í opinbera geiranum og enn frekar í einkageiranum þar sem menn græddu á tá og fingri, að ráða fólk til starfa sem hefði ekki fulla starfsgetu en gæti unnið við ýmislegt.

„Ég vil að menn fái að vinna með örorkubótunum“

um, alveg eins og þeir geta, því það skiptir svo miklu máli fyrir heilsuna,” sagði Lára. „Það er hægt að hjálpa fólki með þessu móti svo og með öflugri endurhæfingu. Það þarf að setja fjármuni í endurhæfingarverkefni. Stuðningsverkefni af þessum toga hafa verið reynd í litlum mæli, en það mætti vera miklu meira því það er þjóðhagslega hagkvæmt.“

Lára kvaðst vilja sjá tekjutengingunni þannig háttáð að fólk þyrfti að vera með allverulegar tekjur til þess að bætur færu að skerðast. Það væri hryggilegt að horfa upp á að þeir sem væru að reyna að komast til vinnu aftur úti í samfélaginu þyrftu að láta krónu í skerðingu á móti krónu sem þeir ynnu sér fyrir. Væri þessu breytt yrði minna um svarta vinnu og vinnuumhverfið allt heilbrigðara.

jss@frettabladid.is

FÉLAGSMÁLASTJÓRI

Lára Björnsdóttir segir að langtímaatvinnuleysi geri það að verkum að menn verði óvirkir í samfélaginu.

Tilboð maí 2005
ALTO háþrýstidælar á tilboðsverði

Opnunartími í verslun RV:
Mánudaga til föstudaga frá kl. 8:00 til 18:00
Laugardaga frá kl. 10:00 til 14:00

6.888 kr.
Nilfisk ALTO Compact
Þrýstingur: 100 bór
Vatnsmagn: 300 l/klst

15.888 kr.
Nilfisk ALTO Compact
Þrýstingur: 120 bór
Vatnsmagn: 440 l/klst

28.888 kr.
Nilfisk ALTO Excellent
Þrýstingur: 135 bór
Vatnsmagn: 500 l/klst

Tæki sem auðveldar vorverkin
ALTO háþrýstidælar

Rekstrarvörur

- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



LÓÐIR Í LAMBASELI

Einn þeirra sem fékk úthlutað lóð við Lambaseli fær lóðina ekki eftir allt saman þar sem hann fékk úthlutað 2001. Starfsmenn borgarinnar á leið til sýslumanns þar sem dregið var úr umsóknunum.

Lóðirnar í Lambaseli:

Einn fær ekki lóðina

REYKJAVÍK Einn umsækjenda um lóð í Lambaseli hefur fengið afsva. Ekki kemur til greina að hann fái lóð þar sem hann fékk úthlutað lóð árið 2001 þó að hann hafi ekki nýtt sér þá úthlutun.

Eitt af skilyrðunum fyrir lóðum í Lambaseli er að umsækjendur hafi ekki fengið úthlutað lóð í Reykjavík frá árinu 2000.

Starfsmenn umhverfis- og tæknisviðs eru þessa dagana að fara yfir umsóknirnar og kanna hvort nokkur brögð séu í tafla hjá umsækjendum, til dæmis hvort fjölskyldur hafi skilað inn fleiri en einni umsókn.

„Stóra stundin er svo mið-

vikudaginn 4. maí en þá mæta umsækjendur til að velja sér lóð,” segir Ágúst Jónsson, skrifstofustjóri hjá umhverfis- og tæknisviði.

„Sá sem er með valnúmer eitt velur fyrstur og svo velja þeir koll af kalli.“

Eftir að dregið var úr umsóknunum var gagnrýnt að dregið skyldi úr kókuboxi.

Þótti furðu sæta að tvö samstæð númer skyldu til dæmis koma upp.

Ágúst segir að ekki hafi sér vitanlega borist nein kæra vegna þessa.

- ghs

Ágúst Ólafur Ágústsson alþingismaður:

Óttast töf á frumvarpi um kynferðisbrot

ALÞINGI „Ég óttast að það sé verið að tefja málið, fyrst í allsherjarnefnd og síðar uppi í ráðuneyti,“ sagði Ágúst Ólafur Ágústsson alþingismaður um frumvarp sem hann hefur lagt fram um afnám fyrningarákvæðis þegar um er að ræða kynferðisbrot gegn börnum undir 14 ára aldri. Frumvarpið er nú í allsherjarnefnd. Formaður hennar, Bjarni Benediktsson, útilokar ekki að það verði afgreitt frá þessu þingi, en telur einnig koma til álita að vísa því til dómsmálaráðuneytis, þar sem er að hefjast vinna við aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi.

„Það er jákvætt að endurskoða

hegningarlögin,“ sagði Ágúst Ólafur. „En samþykki þessa frumvarps breytir engu í því efni. Hvað varðar afnám fyrningarfrestsins þá er óvíst hvað kemur út úr þeirri endurskoðun í ráðuneytinu. Ég sé enga þörf á að vísa jafn einföldu frumvarpi, þar sem engar alvarlegar atvagasemdir hafa borist, til ráðuneytisins. Ég skil ekki af hverju meiri hluti allsherjarnefndar vill ekki leyfa öðrum þingmönnum að taka afstöðu til málsins með því að afgreiða það úr nefndinni.“ -jss

ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON
Vill frumvarpið úr nefnd og í umfjöllun þingsins.



NÝ ALPAGÖNG
Verkamenn og verkfræðingar sem unnið hafa að gerð svonefndra Lötschberg-ganga í gegnum svissnesku Alpna fögnuðu í gær eftir að síðasta haftið var sprengt í hinum 34,6 kílómetra löngu göngum. Um þau munu bruna járnbrautarlestir hlaðnar vörubílum.



AFANGI Á LANGRI LEIÐ
Georgi Parvanov, forseti Búlgaríu, til vinstri, og forsætisráðherrann Simeon af Sachsen-Coburg-Gotha munda lindarpennana.

Rúmenía og Búlgaría:

Samningar undirritaðir

LÚXEMBOURG, AP Ríkisstjórnarleiðtogar Rúmeníu og Búlgaríu undirrituðu aðildarsamninga landa sinna að Evrópusambandinu við athöfn í Lúxemborg á mánudag. Gert er ráð fyrir að samningarnir gangi í gildi á árinu 2007, standi stjórnvöld við að koma í framkvæmd umsömdum umbótum fyrir þann tíma.

Samningamenn ESB stóðu fast á því að í samningunum yrði ákvæði um að fresta mætti gildistöku hvors þeirra sem er um eitt ár ef misbrestur yrði á umbótunum.

Viðræður um aðildarsamninga Rúmenía og Búlgara hófust árið 2000. Því var undirritun þeirra fagnað í löndunum tveimur sem miklum áfanga. ■

Maður í ársfangelsi:

Byssa gerð upptæk

DÓMSMÁL Maður frá Ólafsfirði hlaut í síðustu viku ársfangelsisdóm í Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir aðild að innbrotum, fyrir að hafa átt óskráða loftskambyssu og fyrir handrúkkun á hálfri milljón fyrir þriðja aðila. Maðurinn hefur frá árinu 1996 hlotið fjölda dóma, þar á meðal fyrir fíkniefnabrot, ölvunarakstur, auðgunarbrot og þjófnað.

Tveir voru ákærðir með manningum og var annar sýknaður af kröfum ákæruvaldsins, en hinn dæmdur til að greiða 120 þúsund króna sekt. Loftskambyssan var gerð upptæk. - óká

Viðbygging við ME:

Tilboð ná-lægt áætlun

FRAMKVÆMDIR Fimm tilboð, frá fjórum verktökum, bárust í viðbyggingu við Menntaskólann á Egilsstöðum. Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 157,5 milljónir króna og átti viðhald fasteigna lægsta tilboðið, 164,5 milljónir króna.

Framkvæmdin var boðin út í tvígang en í fyrra skiptið var öllum tilboðum hafnað þar sem þau þóttu of há.

Ríkiskaup önnuðust útboðið, fyrir hönd Fljótsdalshéraðs, og verða tilboðin skoðuð og metin áður en ákveðið verður hverju þeirra verður tekið. - kk

Stjörnustríðsleikur SPRON er hafinn á snilld.is

STAR WARS

EPISODE III
REVENGE OF THE SITH



ÞÚ GÆTIR UNNIÐ:

- Bíómiða fyrir tvo á Star Wars
- Spannandi varning merktan Star Wars
- Flug, gistingu og miða fyrir tvo á heimsfrumsýningu Star Wars Episode III – Revenge of the Sith Dregið 6. maí

Snilldarkort SPRON tryggir þér rétt til þátttöku og um leið möguleika á sérlega spennandi vinningum. Það eina sem þú þarft að gera er að skrá netfangið þitt á Snilld.is og nota Snilldarkortið.

Áttu ekki Snilldarkort?

Allir sem sækja um Snilldarkort SPRON fá bíómiða fyrir tvo á sérstaka forsýningu Star Wars á Íslandi og flottan svartan bakpoka að gjöf*. Notaðu svo kortið fyrir 6. maí, skráðu netfangið á Snilld.is og þú ert með í leiknum.

*Á meðan birgðir endast



Allt um Snilldarkortið og leikinn á snilld.is og í síma 550 1200/550 1400

Snilld.is spron

– fyrir allt sem þú ert

VIÐBÚIN ... TIL



Komdu, skoðaðu og keyrðu heim á nýjum Golf!

Ótal útfærslur

Bílarir sem við bjóðum eru í ýmsum útfærslum hvað varðar stærð, útbúnað, vélarstærð og annað. Þú finnur alveg örugglega Golf við þitt hæfi.

Álfelgur fylgja öllum bílum!

Ótrúleg kjör

SP Fjármögnun býður sérstök Golf-kjör, bílasamning með **4,4%** vöxtum. Gildir aðeins í dag og á morgun!

BÚIN ... GOLF!



25 bílar á tilboðsverði – engir tveir eins!

Erum með heilan flota af Volkswagen Golf, tilbúna á númerum. Þú þarft ekki annað en finna þann sem hentar þér og þú getur keyrt á honum heim.

Komdu strax og finndu þinn Volkswagen Golf!

**Opið föstudag kl. 10-20
laugardag kl. 10-16**

GOLF





SORPSKÚLPTÚR Í LONDON

Verkamenn leggja síðustu hönd á uppsetningu skúlpúrs í risaróbotsformi við Turnbrúna á suðurbráka Thames í gær. Skúlpúrin er gerður úr tækniþorpi en listamaðurinn, Paul Bonomini, nefnir hann WEEEMAN (Waste Electrical and Electronic Equipment Man)

Raforkuframleiðsla á Akureyri: Glerá virkjuð á ný

VATNSAFL Í lok maí verður Glerárvirkjun á Akureyri tekin í gagnnið á ný en hætt var að nota hana til raforkuframleiðslu um 1960. Framkvæmdir við endurbýggingu virkjunarinnar hófust síðastliðið haust en Glerárvirkjun var upphaflega gangsett 17. september 1922 og formlega tekin í notkun 30. september sama ár.

Í fyrra voru liðin 100 ár frá rafvæðingu Íslands og af því tilefni ákvað Norðurorka á Akureyri að láta endurbýggja virkjunina. Stefán H. Steindórsson, véltækni-fræðingur hjá Norðurorku, segir að framleiðslugeta virkjunarinnar hafi í upphafi verið um 330

hestöfl. Glerá stóð hins vegar ekki undir væntingum varðandi vatnsrennsli og því var orkuframleiðslan að meðaltali um 200 hestöfl en það dugði þó til að lýsa upp öll hús á Akureyri og til matseldar síðar meir, segir Stefán.

Búið er að gera smávægilegar lagfæringar á stíflunni og verið að ljúka við að byggja nýtt stöðvarhús. Útlitslega er það í líkingu við gamla húsið en með glerveggjum svo hægt verði að horfa inn, segir Stefán.

GLERÁRVIRKJUN
Raforkan frá Glerárvirkjun mun fara inn á dreifikerfi Norðurorku og jafngildir meðalneyslu um 30 íbúðarhúsa.



FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Al-Zarqawi:

Næstum því handtekinn

ÍRAK Hársbreidd munaði að bandarískum hersveitum tækist að góma Abu Musab al-Zarqawi, leiðtoga hryðjuverkahóps í Íraks sem tengist al-Kaída.

Að sögn CNN fékk leyniþjónustan upplýsingar um að Zarqawi væri að finna í nágrenni bæjarins Ramadi.

Hermenn stöðvuðu grunsamlegan bíl á leiðinni sem Zarqawi var talinn farþegi í en hann hafði náð að forða sér. Hins vegar handtóku þeir náinn féлага hans og fundu auk þess tölvubúnað sem innihélt upplýsingar um hvernig komast mætti í samband við Osama bin Laden.

Fundurinn sýnir að bein tengsl eru á milli bin Laden og hryðjuverkamanna í Írak. ■

Flúði fullur undan lögreglunni í Reykjavík:

Dómur fyrir þjófnað og ofsaakstur

DÓMSMÁL 25 ára gamall maður var í Héraðsdómi Reykjavíkur á miðvikudag dæmdur í þriggja mánaða fangelsi, auk ökuleyfisvæðingar í þrjú mánuði fyrir þjófnaði og ofsaakstur á undan lögreglu á síðasta ári. Í apríllok í fyrra braust maðurinn inn í íbúð í Grafarvogi og stal tveimur DVD-tækjum, tveimur myndbandstækjum, sjónvarpstæki, tveimur stafrænum myndavélum, stafrænni upptökuvél, Macintosh-tölvu, flatskjá, gítar, saumavél, mótaldi, tölvubúnaði, heyrnartólum, magnara, þremur farsímum, skanna, skartgripum, snúrum og fylgihlutum, sem samtals voru metin á tæpa 1,1 milljón króna. Þá stal maðurinn í maí bíl við Landsbankann á Selfossi og ók hratt og ógætlega til Reykjavíkur þar sem lögregla eldist við hann og náði loks á Adaltúni við Mosfellsbæ.



VESTURLANDSVEGUR VIÐ MOSFELLSBÆ
Maðurinn sem dóm hlaut á miðvikudag ók meðal annars á 160 kílómetra hraða á undan lögreglu á Vesturlandsvegi á kafla þar sem hámarkshraði er 70 kílómetrar á klukkustund.

Fram kemur í dómnum að maðurinn á sér nokkurn sakaferil og hefur verið dæmdur áður fyrir þjófnað, umferðar-

lagabrot, fjársvik, skjalafals og fíkniefnalagabrot. Þýfi mannsins frá því í apríl komst ekki til skila. - óká

Útlitsdýrkun:

Stelpur á sterum

BANDARÍKIN Ný bandarísk rannsókn sýnir að bandarískar stúlkur nota stera til að bæta útlitið að sögn CNN. Dæmi eru um telpur allt niður í níu ára gamlar sem taka inn stera.

Vísindamenn við Michigan-háskóla rannsaka á hverju ári áhættu hegðun unglunga og segja þeir að steraotkun stúlkna sé áhyggjuefni. Fimm prósent menntaskólameyja hafa neytt stera og vaxtarhormóna og sjö prósent stúlkna í gagnfræðaskólum. Sumar neyða efnanna til að bæta sig í íþróttum en fleiri gera það til að létta sig og gera líkamann stæltari á skjótan hátt.

Margvíslegar hættulegar aukaverkanir geta fylgt steraotkun. ■



Montana

Peter Lybecker sérfræðingur frá Montana verður í Epal í dag og á morgun laugardag og veitir faglegar ráðleggingar um val á húsgögnum frá fyrirtæki sínu.

Fyrsti stóll Verner Pantons verður til sýnis í Epal. Stóllinn var hannaður árið 1955 og hæfir jafnt heimili, skrifstofu, kaffihúsi, garðinum og veröndinni.

Teinahillurnar, hönnun Verner Pantons frá 1970, eru einnig komnar í Epal í nýrri útfærslu Verner Pantons og Peter J. Lassen hjá Montana.



Skeifunni 6 / Sími 568 7733
Fax 568 7740 / epal@epal.is
www.epal.is

Við tökum höndum saman á Norðurlandi



Penninn er orðinn umboðs- og þjónustuaðili Tæknivals á Norðurlandi. Penninn mun héðan í frá bjóða vörur frá Tæknivali, m.a. Fujitsu Siemens tölvubúnað til einstaklinga og fyrirtækja.

Markmið samstarfsins er að leysa þarfir viðskiptavina á Norðurlandi þannig að þeir njóti góðs vöruúrvals og hagstæðra viðskiptakjara og fái fljóta og áreiðanlega þjónustu þar sem staðið er við gefin loforð.

**Lítið við í glæsilegri verslun
Pennans að Hafnarstræti 91-93
á Akureyri.**

Opnunartilboð:



Toshiba Satellite L10-132
Intel® Celeron M 1.5GHz
512MB DDR Minni (Mest 1GB)
60 GB diskur
15" XGA skjár (1024 x 768 upplausn)
Intel extreme graphics2 skjástýring 64MB
DVD Super Multi brennari
10/100 Ethernet og V.90 mótald
VGA, TV-OUT
3x USB 2.0, hljóð inn/út
33.2 x 27 x 3.7cm, 2.7 kg
Lithium-ion, Allt að 2.9 klst
Þráðlaus netstýring 802.11BG
Windows XP Home
2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

Fartölvutaska fylgir með!

Opnunartilboð: 109.900 kr. m/vsk



FSC SCENIC E300 Cel 2.66 GHz
Small Form Factor, turnvél eða borðvél
Intel i865G kubbasett
Intel® Celeron® D 330 2.66 GHz
Front Side Bus 533MHz, 256KB L2
512MB DDR minni (1X 256, Mest 2GB)
40GB 7200sn. diskur
Intel® Extreme Graphics 2 skjástýring
16/48 hraða DVD/CD-ROM drif
Netkort (10/100), PXE, BootP, WOL
2 PCI raufar (1 FlexySlot)
2 raðtengi, 1 hliðtengi, 2 PS/2 tengi mús/lyklab.
6 USB 2.0 tengi (2 að framan)
Hljóðingangur inn/út að framan og á baki
Vönduð mús með fletthjóli
Windows XP Professional
F-Secure virusvörn - frí uppfærsla í 1 ár
100% umhverfisvæn og endurvinnanleg
3 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum

Opnunartilboð: 59.900 kr. m/vsk



17" FSC TFT B17-1

17" skjáflötur
1280 x 1024 upplausn
Birta 250 CD/M²
Skerpa 450:1
20 ms viðbragðstími
VGA tengi
Innbyggðir hátalarar
3 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum

Opnunartilboð: 29.900 kr. m/vsk

HVÆÐ ER AÐ FRÉTTA? GEIR ÞORSTEINSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI KSÍ

Leitar sér að öðru áhugamáli

„Það er heilmikið að gera við að undirbúa keppni í íslenski knattspyrnu fyrir sumarið,“ segir Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Knattspyrnusambands Íslands. „Það þarf gríðarlegan undirbúning til að allt gangi snurðulaust fyrir sig því þetta eru þúsundir leikja.“ Þótt álagið sé mikið segir Geir það vera innan hóflegra marka. „Það hefur þó aukist eftir því sem umfangið verður meira. Við erum alltaf að skapa betri umgjörð fyrir toppfótbolta og fjölgja leikjum fyrir yngri iðkendur þannig að allir geta fengið að leika.“ Sumarið heigar Geir fótboltanum og hann man ekki hvenær hann fór síðast í skipulagt sumarfrí. „Konan kvartar mikið yfir því að ég taki aldrei sumarfrí. Ef það gerist er það yfirleitt tengt knatt-

spyrnuviðburðum. En ég er búinn að lofa úrbótum og er að leita mér að öðru áhugamáli; það er hreinn sannleikur.“ Geir spilar fótbolta nokkrum sinnum í viku með vinnufélögunum. „Það er ekki nóg með að þurfa að stjórna þeim í vinnunni, heldur þarf ég að reyna að stjórna þeim í boltanum líka. Það getur reynst erfitt. Þeir hafa heldur ekki fengið



kennslu í finni grunntækni knattspyrnunnar,“ segir hann og hlær. Íslandsmeistaramótið í knattspyrnu hefst í næsta mánuði og Geir telur Íslandsmeistara FH sigurstranglegasta. Hann gefur ekki upp hvort hann kysir að sjá einhverja aðra hampa titilinum. „Það er alltaf ánægjulegt að afhenda Íslandsmeisturum sigurlaunin, hverjir sem þeir eru, því það er verðskuldað.“

HVÆÐ KOSTAR ÞAÐ?



PARATABS-VERKJATÖFLUR KOSTA FRÁ 195 UPP Í 334 KRÓNUR

Heimild: ASÍ

24 stundir

BJÓÐARHÓLL

EFTIRLIT MEÐ ÖRORKUSVIKURUM



SIGNÝ SÆMUNSDÓTTIR

Vill koma upp um svikahrappa

„Mér finnst allt í lagi að herða eftirlit, en það verður að gera það með réttum formerkjum þannig að það komi ekki niður á neinum sem á það ekki skilið,“ segir Signý Sæmundsdóttir söngkona. Í nýlegri skýrslu kom í ljós að bótaþegum hefur fjölgað um 82 prósent á 13 árum og útgjöld hins opinbera hafa aukist um tæpa níu milljarða króna á þeim tíma. Tryggingastofnun hyggst nú herða mjög eftirlit sitt til að ná þeim sem svíkja út örorkulífeyri með því að vinna „svart“ en eru samt á bóttum. Einnig með þeim sem eiga börn og eru fráskildir á pappírnum til að fá hærra barnalífeyri. Signý telur þó að langflestar séu mjög samviskusamir og fái það sem þeir eigi skilið og sé það sjálfsagt. Hins vegar séu alltaf til einhverjir svartir sauðir sem svíki undan og sé það mjög slæmt þar sem þeir rýri sannleiksgildi þeirra sem eru að gera rétt. „Ég vona bara að öryrkjar fái sitt og komið verði upp um svikahrappana,“ segir Signý.

Bitið í súrt epli

Gremju gætir meðal sumra launþega vegna þess að verkalyðsdaginn – fyrsta maí – ber upp á sunnudegi að þessu sinni.

Fyrsti maí er á sunnudeginum og verða hátiðarhöld verkalyðsfélaga haldin um land allt. Sem fyrr er bættra kjara og réttinda krafist og viðbúið að nokkurt fjölmenni verði í kröfugöngum og á baráttufundum.

Fyrsti maí er lögbundinn frídagur launþega en segja má að fríð detti dautt niður þar sem daginn ber upp á sunnudegi. Greina má gremju vegna þess meðal verkafólks sem gjarnan vildi fá frí á virkum degi. Hinir sömu segja að þegar svona háttí til ættu launþegar í staðinn að fá frí á föstudegi eða mánudegi.

„Ég hef oft verið spurður að því að undanförunni hvort ekki sé sanngjarnt að frí sé gefið á virkum degi í staðinn,“ segir Aðalsteinn Baldursson, formaður Verkalyðsfélags Húsavíkur, og bætir við að sér finnst krafan sanngjörn. „Það hefur samt aldrei verið farið fram með hana í samningaviðræðum.“

Aðalsteinn bendir á að fyrsti maí sé alþjóðlegur baráttudagur

verkafólks og því erfitt að hrófla við því. „Menn verða bara að standa og falla með því að oft er hann á virkum dögum og svo lendir hann á helgi. Við verðum bara að bita í það súra epli – sem reyndar er mjög súrt.“

Signý Jóhannesdóttir, formaður verkalyðsfélagsins Vöku á Siglufirði, segir umræðuefnið sígilt. „Sumir eru þeirrar skoðunar að þetta eigi að vera eins og verslunarmannafrídagurinn og bera upp á fyrsta mánudag í maí. Annars var ég að skoða almannaak-



SÚRA EPLIÐ Í þetta epli mega þeir bita sem eru súrir yfir að fyrsta maí beri upp á sunnudegi.

íð fram í tímann og sé að eftir tvö ár falla saman fyrsti maí og uppstigningardagur. Það verður nú ekki gæfulegt.“

Signý segist ekki sjá fram á að frídegi verslunarmanna verði hnikað þó að það sé freistandi að lengja helgina. „Atvinnurekendur vilja nú færa sumar daginn fyrsta fram á haust og uppstigningardag líka vegna þessa hökts í atvinnulífinu á vorin þannig að ég held að þeir séu ekki til í viðræðu um það.“

bjorn@frettabladid.is



SIGNÝ JÓHANNESSDÓTTIR

AÐALSTEINN BALDURSSON

Þrekmeistarinn haldinn á Akureyri um helgina:

Reykjavíkumaraþon framtíðarinnar

Dágóður hópur af hraustasta fólki landsins verður á Akureyri um helgina og reynir með sér í keppninni um Þrekmeistarann 2005. Yfir 150 manns hafa skráð sig til leiks og telst forsvarsmönnum mótsins til að keppendur komi frá 16 bæjarfélögum.

Einar Guðmann, umsjónarmaður Þrekmeistarans, segir mótið stefna í að komast á stall með hinu fjölmenna Reykjavíkumaraþoni. „Ég hef sterkan grun um að með þessu framhaldi verði þetta Reykjavíkumaraþon framtíðarinnar. Ég leyfi mér alveg að fara langleiðina með að fullyrða það,“ segir hann og hlær.

Til marks um þá fjölgun sem orðið hefur í hópi keppenda nefnir Einar að árið 2001, þegar mótið var fyrst haldið, voru keppendur rúmlega 30. Nú stefni þeir í að verða hátt í 160.

Meðal keppnisgreina á Þrekmeistarann eru þrekvél, armþygjur og axlapressa og segir Einar að ein helsta ástæðan fyrir mikilli þátttöku sé sú að þetta sé sömu æfingar og fólk gerir í líkamsræktarsölunum. „Þetta eru kunnulegar æfingar og koma engum á óvart og því hefur fólk



FITTÝ BOLLURNAR FRÁ SPORTHÚSINU Þær tóku þátt síðast og stóðu sig vel.

gaman af að spreyta sig.“

Einar Guðmann veit hvað hann syngur þegar þegar kemur að líkamsrækt enda sjálfur rammur að afli. Hann tók þátt í fyrsta Íslandsmótinu í vaxtarækt sem haldið var 1982 og hefur hugsað

vel um skrokinn á sér síðan. „Þessi bóla sem talað var um eftir fyrstu vaxtaræktarmótin – líkamsræktarbólan – er orðin ansi langdregin og ég hef ekki enn séð merki þess að hún fari að spryngra.“

- bps



REYKJANESBÆR

HANDVERKSSÝNING SKRÁNING HAFIN

Hin árlega List- og handverkssýning sem haldin hefur verið í Íþróttahúsinu við Sunnubraut verður haldin dagana 21.-22. maí n.k.

Þeir sem hafa áhuga á að skrá sig til þátttöku geri það í síma 860 8585 eða á netfangið: handverk@reykjanesbaer.is.

Nánari upplýsingar á reykjanesbaer.is.

Skráningu lýkur 9. maí.

Menningar-, íþrótt- og tómstundasvið.

... reykjanesbaer.is

FLÖT SJÓNVÖRÞ VAXTALAUS TILBOÐ



AÐEINS KR. 12.499
Á MÁNUÐI Í 16 MÁNUÐI*

VAXTALAUST!

EÐA KR. 199.990
STAÐGREITT

PHILIPS 32PF4320

32" High Definition LCD SJÓNVARP með móttakara, 1366x768 (VGA, SVGA, WXGA) upplausn, 3D Comb Filter og Digital Crystal Clear, ljósskynjara og Active Control til að minnka glampa, 2 x 30w Virtual dolby Surround, 6 breiðtjaldsstillingum, 2 Scart tengjum og SVHS, íslensku textavarpi og borðstandi.

Heildarverð er 207.340

ÖRPUNN
LCD



PHILIPS 17PF8946

17" stereó LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1280x768 punkta upplausn, FM útvarpi, textavarpi, 2 Scart tengjum: RGB-inn/CVBS-inn, PC-inngangi, tengi fyrir heyrnatól, fjarstýringu og borðstandi.

AÐEINS KR. 7.490
Á MÁNUÐI Í 10 MÁNUÐI*

VAXTALAUST!

EÐA KR. 74.990
STAÐGREITT

FULLT VERÐ kr. 99.990

Heildarverð er 78.325

ÖRPUNN
LCD



UNITED LTV27

27" LCD SJÓNVARP með 1280x768 upplausn (VGA, SVGA, XGA, WXGA) með Progressive Scan, 2x7w SRS Surround hljóðkerfi með 2 Hátölurum, 2 Scart tengjum, Component (YPbPr) og DVI tengi, AV og heyrnartólstengi að framan, mynd í mynd (2 tunerar) textavarpi og fjarstýringu.


AÐEINS KR. 9.990
Á MÁNUÐI Í 10 MÁNUÐI*

VAXTALAUST!

EÐA KR. 99.990
STAÐGREITT

FULLT VERÐ kr. 149.990

Heildarverð er 103.955



PHILIPS 23PF8946

23" stereó LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1280x768 punkta upplausn, FM útvarpi, textavarpi, 2 Scart tengjum: RGB-inn/CVBS-inn, PC-inngangi, tengi fyrir heyrnatól, fjarstýringu og borðstandi.

AÐEINS KR. 9.999
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI*

VAXTALAUST!

EÐA KR. 119.990
STAÐGREITT

FULLT VERÐ kr. 179.990

Heildarverð er 124.750



UNITED PTV42

42" PLASMA SJÓNVARP með 852x480 upplausn (VGA, SVGA, XGA), Progressive Scan, 2x10w Nicam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengjum, DVI og PC tölutengi, mynd í Mynd (2 Tunerar) textavarpi og fjarstýringu.

AÐEINS KR. 16.666
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI*


VAXTALAUST!

EÐA KR. 199.990
STAÐGREITT

FULLT VERÐ kr. 249.990

Heildarverð er 206.760

ÖRPUNN
LCD



JVC

LT32C31S

32" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með D.I.S.T myndtækni, Super DigiPure og Digital Comb Filter, 1280x768 punkta upplausn, stýður HDTV, fullkomnar litstýringar, textavarpi, tvískiptur skjá möguleiki, 20w RMS, BBE Nicam stereó hljóðkerfi, 3D Sound með Active Hyper Bass, 2 Scart, Component og SVHS tengi, RCA og heyrnartólstengi, T-V Link og borðstandi.

AÐEINS KR. 24.999
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI*

VAXTALAUST!

EÐA KR. 299.990
STAÐGREITT

FULLT VERÐ kr. 379.990

ÖRPUNN
LCD

Heildarverð er 309.270

ÖRPUNN
PLASMA



JVC

PD42B50

42" PLASMA BREIÐTJALDSSJÓNVARP með D.I.S.T myndtækni, Super DigiPure og Digital Comb Filter, 852x480 punkta upplausn með 3000:1 skerpu, stýður HDTV, fullkomnar litstýringar, textavarpi, tvískiptur skjá möguleiki (mynd og mynd/textavarpi), mynd í mynd (1 móttakari), 20w RMS, BBE Nicam stereó hljóðkerfi, 3D Sound með Active Hyper Bass, 3 Scart, Component og SVHS tengi, RCA og heyrnartólstengi, T-V Link og veggfesting.

AÐEINS KR. 33.333
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI*

VAXTALAUST!

EÐA KR. 399.990
STAÐGREITT

FULLT VERÐ kr. 449.990

Heildarverð er 411.785

*Vaxtalaugar VISA eða EURO raðgreiðslur. Við bætist lántöku- og færslugjald.



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSV-EBÍÐ: Hagkaup, Smáralind, VESTURLAND: Hjólsmýn, Akranesi, Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi, Blómsturvellir, Hellissandi, VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Dranganesi, NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík, KF V-Húvetninga, Hvammstanga, KF Húvetninga, Blönduósi, Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki, Ljósgrajinn, Akureyni, Öryggi, Húsavík, AUSTURLAND: KF Héradsbúa, Egilsstöðum, Verzlunin Vík, Neskaupsstað, Kauptún, Vognafríði, KF Héradsbúa, Seyðisfirði, Tumbaþéður, Seyðisfirði, Sparkaup, Féskrúðsfirði, Mantólvan, Höfn Hornafirði, SUBURLAND: Mosfelli, Hellu, Fosshaf, Selfossi, Rás, Þorlákshöfn, Brimnes, Vestmannaeyjum, REYKJANES: Rafeindatækni, Keflavík, Rafagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði, Rafmætti, Hafnarfirði.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

I. FLOKKUR FROSINN
HUMAR
nýveiddur

I. FLOKKS HUMAR
3790
5% afsláttur við kassann

FROSNIR LAXABITAR
699
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 999kr.

Þú ert á

FROSNIR ROÐLAUSIR BEINLAUSIR
Laxa BITAR

Hunt's BBQ
ORIGINAL BBQ
89
510g KR.

BILANX
Best Friend Salmon Trout

BILANX
Best Friend Chicken & Lamb

100g Kisu MATUR
39
100g KR.

Beinlaust ROÐLAUST

30% afsláttur við kassann

BÚHNYKKS ÝSUBITAR
389
KR. KG.

Svínahnakki ALI GRILL ÚRBEINAÐ

ALI úrbeinaður svínahnakki
1049
KR. KG.
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1498kr.

599
6,36 kíló KR.

Kominn aftur!

USA
kattasandur
SEX KÍLÓ

HomeBest Cat Litter
Scented Formula

FERSKAR ALI SVÍNA KÓTELETTUR
909
KR. KG.
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1298kr.

30% afsláttur við kassann

FERSKAR ALI KÓTELETTUR
1049
KR. KG.
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1498kr.

Svínakótelettur ALI BBQ GRILL

399
3 KÍLÓ KR.

Chappi

Hundafóður ÞRjú KÍLÓ

PESTO-SNEIÐAR
599
KR. KG.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 998kr.

Villikryddaðar GRILLSNEIÐAR

599
KÍLÓVERÐ KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 998kr.

40% afsláttur við kassann

Pesto rosso LAMBASNEIÐAR

-fyrir

Tilboðin gilda föstudag og laugardag eða á meðan birgðir endast

réttri opnu!

20 **Goða PYLSUR** EKKERT BRUÐL
og fótboltasett

20 PYLSUR + FÓTBOLTASETT

1498 KR.

PESTO LAMBASTEIK

KF PESTÓ HELGARSTEIK

1099 KR.

Lambasteik
BEINLAUS PESTO

FÓTBOLTI
PUMPA
LEGGHLÍFAR
HANSKAR



GODI

GODI

Goða pylsur

Pipar SÖSA, Grænastíva SÖSA, Hvítblauks SÖSA

99

200g KR.

Höldum 1. maí hátíðlegan
LOKAÐ 1. MAÍ
Gerum helgarinnkaupin snemma!

Kartöflusalat, Hrá salat

UM 700 GRÖMM

129 KR.

GRILL KARTÖFLUR

Íslenskar
AGÚRKUR STYKKJAVERÐ
um 350g KR.



Bónus býður betur!

FJALLA FRAMHRYGGJARSNEIÐAR

949 KR.

30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1356kr.

Fjallagrill
LAMBALÆRISNEIÐAR
FJALLA LAMBALÆRISNEIÐAR

1397 KR.

30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1995kr.

Fjallagrill
FRAMHRYGGJARSNEIÐAR

30% afsláttur við kassann

Tómatar
ÍSLENSKIR Í BAKKA



KÍLÓVERÐ

199 KR.

Sætar
KARTÖFLUR
KÍLÓVERÐ

199 KR.

góða helgi...

EKKERT BRUÐL

Kúrbítur
ZUCCHINI

KÍLÓVERÐ

199 KR.



FBL-GREINING: BRESKA KOSNINGAKERFIÐ

Ýkir meirihluta stærsta flokksins

Kosningakerfið sem notað er í þingkosningum í Bretlandi er svonefnt meirihlutakerfi sem byggist á einmenningskjördæmum og einföldum meirihluta atkvæða í hverju kjördæmi. Það færir stærsta floknum á landsvísu langflest þingsætin og gerir þannig jafnan einum flokki fært að mynda meirihlutastjórn án þess endilega að kjölfylgið að baki þingmeirihlutanum ná helmingi greiddra atkvæða. Kerfið yfir undir tveggja flokka kerfi, það er kerfi þar sem tveir flokkar skiptast á um að verma ríkisstjórnar- og stjórnarandstöðubekinn. Minni flokkar hafa sáralítið að segja enda fá þeir sjaldnast þingsæti í hlutfalli við landsfylgi. Þessu er ólíkt ferlið í hlutfallskosningakerfi, en Alþingi er kosið eftir slíku kerfi. Þetta veldur því að hér á landi tíðkast sam-

steypustjórnir, ólíkt löndum þar sem meirihlutakosningakerfi er við lýði eins og í Bretlandi. Kjarninn í breska kerfinu er sá, að allt sem frambjóðandi þarf að gera til að hljóta þingsæti er að hljóta fleiri atkvæði en nokkur annar frambjóðandi í sama kjördæmi. Einfaldur meirihluti nægir sem sagt, svipað og á við um forsetakosningar á Íslandi. Bretlandi er skipt upp í 659 kjördæmi – 18 á Norður-Írlandi, 40 í Wales, 72 í Skotlandi og 529 í Englandi. Einn þingmaður er kjörinn í hverju kjördæmi og hver kjósandi hefur eitt atkvæði. Kostir kerfisins eru þeir helstir að það er einfalt; hlutverk kjósandans er einfalt er í kjörklefann er komið: hann þarf aðeins að merkja við eitt nafn á kjörseðlinum. Þetta minnkar hættu á ruglingi

eins og vill henda í öðrum kerfum þar sem kjörseðillinn er flóknaði, svo sem þar sem fleiri en einn þingmaður er kjörinn í hverju kjördæmi. Annar kostur er hraði; taling er einföld og því liggja úrslit fyrir mjög fljótt. Í þriðja lagi skapar kerfið nánari tengsl milli kjósenda og hins kjörna fulltrúa. Í fjórða lagi skapar kerfið í flestum tilvikum afgerandi úrslit sem auðveldar myndun starfhæfra meirihlutastjórnna. Helstu veikleikar kerfisins eru að oft hafa þingmenn ekki meirihluta allra greiddra atkvæða í sínu kjördæmi að baki sér. Næst- eða þriðju stærstu flokkarnir á landsvísu enda oft uppi með sárafá þingsæti, alla vega ekki í hlutfalli við landsfylgið. Til dæmis fengu Frjálslyndir demókratar 18 prósent atkvæða í þingkosningunum 1992 en aðeins 3



prósent þingsæta. Kerfið felur auk þess í sér þann möguleika að flokkur fái meirihluta þingsæta jafnvel þótt annar flokkur fái fleiri atkvæði á landsvísu. Þetta gerðist árið 1951 og 1974. Loks gerir kerfið sum kjördæmi svo örugg vígi eins flokks að atkvæði greidd öðrum flokkum í viðkomandi kjördæmi eru sem dauð og ómerk.



SPURT & SVARAÐ STYTTING SKÓLAÁRSINS



Umtalsverður ávinningur

Talsverð umræða hefur skapast um að stytta framhaldsskólann um eitt ár. Umræðan er ekki ný af nálinni en Sveinn Agnarsson, hagfræðingur hjá Háskóla Íslands, gerði úttekt á málinu árið 2002.

Hver er hagnaður samfélagsins af slíkrí styttingu?

Hann er umtalsverður eins og sjá má í skýrslunni sem ég vann fyrir VR á sínum tíma. Þá reiknaði ég að nettóávinningur af því að stytta framhaldsskólavist um eitt ár en lengja skólaárið í staðinn yrði um 70 milljarðar króna.

Hverjir eru ókostirnir?

Slík ráðstöfun hefði mikil og víðtæk áhrif fyrstu árin eftir að hún tæki gildi. Þá kæmu tveir árgangar í stað eins á vinnumarkaðinn eða í háskólanám og þá skiptir máli hvaða aðstæður eru þar fyrir hendi. Ekki er víst að vinnumarkaðurinn geti tekið við slíkum fjölda á stuttum tíma og sama má segja um háskólana. Ferðaþjónusta úti á landi gæti goldið þess að skólarnir stæðu lengur yfir og yrðu þar af leiðandi ekki opnir sem hótél á meðan.

Nýtt hátækni sjúkrahús fyrir 36 milljarða

Sjö hópar fyrirtækja hafa verið valdir til að keppa um skipulag lóðar Landspítala – háskólasjúkrahúss við Hringbraut. Heildarkostnaður vegna þessa verkefnis er áætlaður um 36 milljarðar króna. Þar af er gert ráð fyrir að kostnaður vegna bráðadeildar hins nýja sjúkrahúss verði um tólf milljarðar króna.



SIGURÐUR ÞÓR SALVARSSON
BLÁÐAMAÐUR

FRÉTTASKÝRING BYGGING NÝS HÁSKÓLASJÚKRAHÚSS

Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra afhenti í gær fulltrúum fyrirtækjahópanna sjö útboðsgögnin og tók fram við það tækifæri að samkeppnin væri tvíþætt, annars vegar ætti að skila skipulagi fyrir lóðina í heild og hins vegar ætti að skilgreina nánar skipulag nýs spítala á lóðinni.

Alls voru það 18 hópar fyrirtækja sem lýstu áhuga á að taka

Hóparnir sjö sem taka þátt í samkeppni um hönnun nýs hátækni sjúkrahúss

1. C.F. Möller, Arkitektúrís, SWECO Grøner, Verkfræðist. Norðurlands, Schönherr Landscape (Danmörk, Norvegur, Ísland og Svíþjóð)
2. Carl Bro A/S, Arkis, Aarhus Arkitekterne A/S, Friis & Moltke A/S, Hnit, Landmótun (Danmörk, Ísland)
3. VST, NBBJ, VA arkitektar, ARUP, Landmótun (Ísland, BNA og BR)
4. Buro Happold Engineers, Dissing – Weitling arkitektafirma, Úti og Inni, OWP/P architects, Jeppe Aagaard Andersen, David Langdon (Ísland, BNA, Danmörk, BR)
5. de Jong Gortemaker Algra, Alark, Fjölhönnun, Landark, Arup technical (BR, Holland, Ísland)
6. Línuhönnun, RTS verkfr. Norconsult, ASK arkitektar, Medplan, Landslag, Hospitalitet AS, Prof. Per Teisberg (Norvegur og Ísland)
7. Henning Larsens Tegnestue, S&I A/S, Batterið, Lohfert & Lohfert A/S, Birch & Krogboe A/S, Landform (Danmörk, Ísland)



LÓÐ LANDSPÍTALA VIÐ HRINGBRAUT Rauða línan afmarkar lóð Landspítala Háskólasjúkrahúss við Hringbraut þar sem áformað er að reisa nýtt 500 rúma hátækni sjúkrahús á næstu árum.

Laufásveg 81 er innan þessarar lóðar, en hann er friðaður samkvæmt lögum um húsafríðun og elsti hluti Landspítalans sem er frá 1930 hefur verndargildi.

Pappírslaus sjúkrahús

Keppendur þurfa að taka tillit til margra mismunandi umhverfisþátta svo sem umferðarpunga kringum og inn á skipulagssvæðið, fyrirhugaðra Holtsganga, flugvallarins og nálægðar við miðbæ Reykjavíkur. Jafnframt verður að hafa að leiðarljósi að svæðið verði hluti borgarmyndarinnar og sameini ólíka þætti í umhverfi þess.

Við hönnun húsa á lóðinni skal miða við nýjustu upplýsingatækni í starfsemi, þar á meðal rafræna sjúkrahúsi og að spítalinn verði „pappírslaus“ þegar hann verður byggður.

Umhverfi sjúkrahússins á að vera áhugavert og aðlaðandi fyrir gesti og starfsmenn. Lögd er áhersla á græn svæði og útigarða og að bílum sé sem mest lagt í bílastæðahús.

Sjúkrastofur fjölnota einbýli

Á nýju sjúkrahúsi Landspítala – háskólasjúkrahúss eiga legudeildir að byggjast upp af fjölnota einbýlum. Þar geti dvalist jöfnum höndum sjúklingar sem gangast undir skurðaðgerðir, sjúklingar sem eru til meðferðar hjá lyflæknum eða sjúklingar öldrunarlækninga og endurhæfingar.

Á þessum einbýlum verði hægt að veita alla hjúkrunarmeðferð, sjúkrahjúfningu, iðjuþjálfun og framkvæma minni háttar inngrip. Herbergin skulu vera þannig útbúin að hægt sé að annast sjúklinga á sömu stofu allan tímann sem þeir dveljast á sjúkrahúsinu, að undanskilinni dvöl á gjörgæsludeildum. Sérhvert herbergi á að hafa aðstöðu fyrir snyrtingu, böðun og rými fyrir nauðsynlegustu hjúkrunarvörur. Gert skal ráð fyrir því að ættingjar geti dvalist á herbergjum.

Gera skal ráð fyrir einni bráðamóttöku og þangað komi allir sem þurfa á bráðþjónustu að halda. Í tengslum við bráðamóttökuna verði mjög góð aðkoma sjúkrahúsa og lendingarpallur fyrir þyrlu. ■



Beint flug til hinna fögru miðaldarborgar Tallinn í Eistlandi

Ótrúlegt verð - flug með sköttum, einungis 18.990 kr.
Örfá sæti eftir. Frá 15. júlí-26. júlí.

Tallinn hefur breyst í nútímaborg með alþjóðlegu yfirbragði á síðustu 10 árum. Þrátt fyrir það eru íbúarnir stoltastir af gamla bæjarhlutanum. Þar eru götur steini lagðar og við þær standa vel varðveittar stórkostlegar byggingar frá 11-15 öld. Þá setja markaðirnir mikinn svip á borgina. Tallinn hefur verið bætt við á heimslista UNESCO sem ein best varðveitta miðaldarborg N-Evrópu. Menningarlíf í Tallinn stendur með miklum blóma og geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Í Tallinn er hægt að gera góð kaup. Þar er ódýrt að versla, hóteltgisting og matur á veitingahúsum er ódýr. Þá er, næturlífið fjörugt, barir, skemmtitaðir og kaffihús á hverju götuhorni.

Tallinn er borg sem fangar, borg sem skilur eitthvað eftir, löngu eftir að komið er heim.



Sími 588 8900 • www.transatlantic.is

Grand
öryggi

Grand
gæði

Grand
styrkleiki

Grand Vitara Limited er glæsilegur bill hlaðinn búnaði. Til viðbótar við ríkulegan staðalbúnað Grand Vitara, er Limited útgáfan meðal annars með leðuráklæði á sætum, "Limited" álfelgum, vindskeið með hemlaljósi, þokuljósum í framstuðara, viðaráferð á mælaborði og krómuðum hurðarhúnum og grilli.



Grand Vitara Limited

Verð:

Beinskiptur kr.
2.640.000
27.044
á mánuði*

Sjálfskiptur kr.
2.790.000
29.206
á mánuði*



HUGTÓK Apr-05

* bílasamningur Giltis með 30% áttborgun og eftirstöðvum í 84 mánuði.
50% íslenskar kr / 50% erlend mynt

Komdu í reynsluakstur, þú verður ekki fyrir vonbrigðum og verðið það hefur aldrei verið hagstæðara.

 **SUZUKI**

SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 51 00.
www.suzukibilar.is

Ótrúlegt verð

Eingöngu fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri



Frábær afslöppun sem þú verður að prófa!



Ekta leður

Nuddstóll TS-866

- Rafknúinn stilling á baki og sæti
- 4 mótórar sem nudda
- Hægt er að stilla styrkleikann á 8 mismunandi vegu
- Nudd í baki sem gengur upp og niður bakið.

Vaxtalaust 20 mán. tilboð

9.999 kr á mánuði *

fullt verð 199.990kr



Sestu í stólinn og láttu þreytuna líða úr þér!



Ekta leður

Hægindastóll

- Stillanlegt bak og sæti
- Leður

Vaxtalaust 10 mán. tilboð

4.999 kr á mánuði *

fullt verð 49.990kr

Nuddstólar í úrvali



Nuddstólar eru nýjung sem virkar!

Vaxtalaust 10 mán. tilboð

4.999 kr á mánuði *

fullt verð 49.990kr

Nuddstóll TS-838BR

- Innbyggt útvarp
- 8 stillanleg nudd svæði
- Nudd í fótskemli
- Stillanlegt bak og sæti



Ótrúleg þægindi sem allir verða að sannreyna!

Vaxtalaust 10 mán. tilboð

9.999 kr á mánuði *

fullt verð 99.990kr

Nuddstóll TS-836G

- Rafknúinn stilling á baki og sæti
- 4 mótórar sem nudda
- Hægt er að stilla styrkleikann á 8 mismunandi vegu
- Nudd í baki sem gengur upp og niður bakið.



Komdu og prófaðu þægindin!

Vaxtalaust 10 mán. tilboð

3.999 kr á mánuði *

fullt verð 39.990kr

Nuddstóll TS-804F

- 8 stillanleg nudd svæði
- Nudd í fótskemli
- Stillanlegt bak og sæti

Gildir á meðan birgðir endast.

*Stimpil-, seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK 5.06	13.25	21.46
AKUREYRI 4.40	13.10	21.42

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er föstudagur 29. apríl, 119. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Mér finnst svo gaman í bólinu mínu áður en ég fer að sofa. Þá er mamma svo mömmuleg!



Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is

Smáauglýsingar byrja í dag á bls. 4

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & sellt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is



allt

tilboð o.fl.

Fótboltavörur á tilboðsverði

BLS. 5



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Gunnar Hansson leikari er bestur í grjónagraut og grillrifjum.

Salatið bjargar mannorðinu

Gunnar Hansson leikari streitist á móti þegar ruslfæði togar í hann og hefur oftast ekki sigur. Hann segist þó ekki elda nógu oft, en er stoltur af grjónagrautum sínum.

„Ég er mjög meðvitaður en ekki alveg nógu duglegur að borða hollt.“ segir Gunnar. „Ég er heldur ekki nógu duglegur að elda þó mér finnst það mjög gaman þegar ég byrja á annað borð. Ef ég hins vegar er illa svangur er fyrsta hugsunin ruslfæði og þá þarf ég að beita mig hörðu til að beina huganum á aðrar slóðir. Þetta er samt allt að koma og nú er ég mikið í Melabúðinni og kaupir grillaðan kjúkling.“

Þegar Gunnar er með börnin sín hjá sér eldar hann grjónagraut, sem hann segir að sé alltaf sérlega vel heppnaður, og mexíkóskar pönnukökur og kjúklingaréttir liggja líka ágætlega fyrir honum.

„En það sem ég geri lang, langbest er að grilla svínaríf,“ segir Gunnar. „Ég luma á

trikki sem Gunnar Óli Kvaran vinur minn kenndi mér en það er algjört leyndarmál,“ segir hann og ljóstrar upp leyndarmálinu í um 100 þúsund eintökum.

„Galdurinn er að sjóða rifin áður en þau eru grilluð. Maður lætur þau malla í um það bil klukkutíma í þremur fjórðu af vatni og einum fjórðu af pilsner. Svo penslar maður rifin grimmt með grillsósunni meðan á steikingu stendur, en þau eru tilbúin þegar þau eru falletta stökk. Þá er sniðugt að þenkja einu sinni enn og þá verða þau algjör snilld. Gunnar vinur minn býr að sjálfsögðu til sína eigin grillsósu en ég kaupir einhverja góða úti í búð,“ segir Gunnar. „Svo ber ég fram með þessu hrisgrjón og salat, en það er bara til að bjarga mannorðinu, sjálfum finnst mér best að borða þetta eintómt.“

Nú er Gunnar á fullu í sýningum Borgar-leikhússins á Terrorisma. „Þetta er gríðarlega gott stykki og mikill og svartur húmor. Áhorfendur vakna þó til nýrrar vitundar um terrorisma, sem á sér oft stað í nánasta umhverfi þeirra þó hann verði ekki fréttæmur fyrr en á hæsta stigi.“ ■

Neytendur hafa áhrif á vatnsbúskap heimsins

Sameinuðu þjóðirnar telja að verði ekkert að gert muni vatnsnotkun vegna matvælaframleiðslu tvöfaldast til ársins 2050.

Með vali sínu á matvörum geta neytendur haft afgerandi áhrif á vatnsbúskap heimsbyggðarinnar. Í nýrri skýrslu sem kynnt var á fundi nefndar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun kemur fram að ef ekkert verði að gert muni vatnsnotkun vegna framleiðslu á matvælum tvöfaldast fram til ársins 2050.

Samkvæmt skýrslunni liggur lykillinn að lausn á þessum vanda hvorki hjá bændum, ríkisstjórnunum né tæknimönnum, heldur ræður val neytenda mestu. Þeir geti valið á milli hollrar fæðu úr heimabyggð, sem framleidd er með sjálfbærum aðferðum, eða



Neytendur geta hafnað matvöru þar sem miklu vatni er sóað við framleiðsluna.

matvöru þar sem miklu vatni og öðrum auðindum hefur verið sóað við framleiðsluna.

Í skýrslunni er kallað eftir meiri upplýsingum til neytenda um aðferðir við matvælaframleiðslu og um félagsleg og umhverfisleg áhrif mismunandi aðferða. ■

LIGGUR Í LOFTINU

í tilboðum

Blómaval býður nú grasaburð á góðu verði. Þar hefur fimm kílóa poki lækkað úr 549 kr. í 299 kr. eða um 45%. Þetta tilboð ætti að kæta þá sem hafa yfir lendum að ráða og halda þeim í góðri rækt því áburðurinn er sérvalinn á grasflatir.

Gallapils, bolir, peysur, buxur, jakkar, toppar og ýmislegt fleira er á tilboði hjá tiskuversluninni Cher á Laugavegi 82. Afslátturinn nemur 30%. Allt eru þetta nýjar vörur í númerum frá 34 til 48 en mest í 40-44. Auk þess veitir Cher 10% af allri annarri vöru í versluninni. Tilboðið stendur fram á þriðjudag.



Garð- og svalahúsgögn eru á lækkuðu verði hjá Garðheimum. Nefna má sett sem heitir Tennis og inniheldur borð og fjóra stóla. Það var áður á 19.950 kr. en er nú á 15.950 kr. og annað krúttlegt sett sem nefnist Bistro, það kostaði áður 12.450 kr. en er nú á 9.950 kr. Auk þess eru pallahitarar, moltukassar, kurlarar og mosatætarar á 15% afslætti í Garðheimum.

Sumarúlpur og kápur eru á 15% afslætti hjá Hrafnhildi á Engjateig 5. Þær eru í ýmsfrá 34 til 48 en mest í 40-44. Auk þess veitir Hrafnhildi 10% af allri annarri vöru í versluninni. Tilboðið stendur fram á þriðjudag.

tilbod@frettabladid.is

Þín eigin heilsulind!
HotSpring®
Portable Spas
Bandrískir hágæða pottar

Nú er rétti tíminn til að panta HotSpring rafmagns nuddepottinn vegna hagstæðs gengis dollarans

Vista® Spa
6 manna,
2,5 x 2,31
háð 97 sm

Grandee® Spa
7 manna,
2,54 x 2,31
háð 97 sm

Envoy® Spa
5 manna,
2,36 x 2,26
háð 91 sm

Vanguard® Spa
6 manna,
2,20 x 2,20
háð 91 sm

Sovereign® Spa
6 manna,
2,03 x 2,36
háð 84 sm

Prodigy® Spa
5 manna,
1,88 x 2,21
háð 84 sm

Jetsetter® Spa
3 manna,
2,08 x 1,57
háð 74 sm

ÍSLEIFUR JÓNSSON
Bolholti 4 • 105 Reykjavík
Sími 568 0340 • www.isleifur.is

Sveppir Sveppir eru uppfullir af B-vitámíni, og þá sérstaklega B12, ásamt járni og kalíum. Best er að kaupa þá ferska og geyma þá í kæli í bréfpoka.



JACOB'S CREEK: Ofursopi Ástralíu

„Ofursopi Ástralíu“, eða „Australia's Top Drop“, er vínið Jacob's Creek nefnt af andfætlingum okkar. Philip Laffer, víngerðarmaðurinn á bak við Jacob's Creek, hefur m.a. verið valinn víngerðarmaður Ástralíu en hann þykir í hópi helstu víngerðarmanna heims. „Við búum við ákaflega góðar aðstæður frá náttúrunnar hendi og höfum því getað nýtt landið mjög vel og komið gæðunum í flöskurnar án mikilla tilfæringa. Við höfum líka alltaf haft þá stefnu að setja peningana í framleiðsluna frekar en auglýsingar og þess vegna erum við að bjóða svona gott verð,“ segir Philip Laffer. Þrátt fyrir hógverð Laffers er ljóst að það eru engir aukvisar sem hugsa um markaðsmálin hjá Orlando Wyndham en Jacob's Creek er langsöluhæsta vínið í Ástralíu og jafnframt það ástralska vín sem mest er flutt út af. Fyrirtækið ætlar að eyða 100 milljónum dollara í að byggja upp framleiðslu sína næstu þrjú árin til að anna þeirri miklu eftirspurn sem er eftir vínunum á alþjóðamarkaði. Patrick Ricard, forstjóri risasamsteypunnar Pernod Ricard, sem á Orlando Wyndham, segir að Jacob's Creek sé „stjarnan í perlufesti samsteypunnar“ og markmiðið sé að gera vínið að söluhæsta víni veraldar.

Kynningarverð á áströlskum dögum: Jacob's Creek Shiraz-Cabernet 1.090 kr. og Jacob's Creek Chardonnay 990 kr.



Tómatar eru ber

Kirsuberjatómatar eru sætir og ljúffengir og henta bæði í salöt og matreiðslu.

Kirsuberjatómatar eru smávaxnir tómatar, sérlega sætir og bragðgóðir og minna ef til vill fremur á ber en grænmeti. Það er ekkert skrítið þegar haft er í huga að tómatar eru í raun ber. Kirsuberjatómatar henta vel í salöt en ekki síður í ýmiss konar rétti. Yfirleitt er þó best að elda þá ekki of lengi, eða ekki lengur en svo að þeir haldi lögun. Heitur kirsuberjatómatur, til dæmis kryddaður með ferskum kryddjurtum, pipar og salti, getur verið eins og bragðsprengja og er frábært meðlæti með margs konar mat. En svo er líka gott að tína þá bara beint upp í sig, rétt eins og hver önnur ber.



Kirsuberjatómatasalat með balsamedíki
400 g kirsuberjatómatar
3 msk. ólífuolía
1 msk. balsamedík
1 tsk. sykurlu eða hunang
1 hvítlauksgeiri, pressaður
nýmalaður pipar
salt
hnefayfylli af salatblöðum
8-10 grænær ólífur, steinlausar
75 g fetastur

Hver tómatur um sig er skorinn í tvennt. Ólífa, edik, sykurlu, hvítlaukur, pipar og salt sett í skál og hrært vel saman. Tómatarnir settir út í og blandað vel. Látið standa í hálf tíma og hrært öðru hverju. Salatblöðin rifin eða söxuð gróft og ólífurnar skornar í sneiðar. Öllu blandað saman í skál og borið fram.



Kirsuberjatómatar með hvítlauk
250 g kirsuberjatómatar
2-3 hvítlauksgeirar
3 msk. ólífuolía
nýmalaður pipar
salt
8-12 basilíkuþönd

Ofninn hitaður í 200°C. Djúpur rauf skorin í hliðina á hverjum tómata, næstum inn að miðju. Hvítlauksgeirarnir skornir í þunnar sneiðar og einni sneið stungið inn í hvern tómata (best er að þrýsta ögn á þá svo að raufin opnast). Þeir eru svo settir í eldfast mót, hæfilega stórt til að rúma þá í einföldu lagi, ólífuolíu ýrt yfir og kryddað með pipar og salti. Bakað í um 15 mínútur, eða þar til tómatarnir eru vel mjúkir en halda enn lögun. Basilíkan söxuð og stráð yfir tómatana um leið og þeir eru teknir úr ofninum. Borið fram t.d. sem meðlæti með mat eða sem sósa út á pasta.



Kirsuberjatómatabrauð
300 ml vatn, ylvolgt
1 msk. þurrger
1 tsk. hunang eða sykurlu
450 g hveiti, eða eftir þörfum
1 tsk. salt
3 msk. ólífuolía
500 g kirsuberjatómatar
svolítið gróft salt (má sleppa)

Vatn, ger og hunang eða sykurlu sett í skál og látið standa í nokkrar mínútur. Þá er hveiti, salti og 2 msk. af ólíu bætt út í og hrært vel. Deigið á að vera fremur þykkt en þó ekki svo að hægt sé að hnoða það með höndunum. Látið lyfta sér við stofuhita í um 2 klst. Þá er því hvolfi úr skálinni á pappírsklædda bökunarplötu og það mótað með hveitistráðum höndum í fremur þunn brauð, ferhyrnt eða kringlótt. Tómtunum þrýst vel ofan í brauðið og það síðan látið lyfta sér aftur í um 25 mínútur. Á meðan er ofninn hitaður í 220°C. Tómtunum þrýst aftur ofan í brauðið, það penslað með 1 msk af ólífuolíu, dálitlu grófu salti e.t.v. stráð yfir, og það síðan bakað í 18-20 mínútur, eða þar til það hefur lyft sér vel og er fallega gullinbrúnt. ■

bílar o.fl.

Á LAUGARDÖGUM

FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesna blað landsins

Réttir kvöldsins
Fordrykkur í boði hússins
M/ þriggja rétta seðlinum Canasta Cream

Forréttur	verð f/ einréttu	verð f/ þriggja rétta máltíð
Humarsúpa m/ rjómatoppi og hvítlauksbrauði	kr. 850	
Aðalréttir		
Smjörsteiktur skötuselur m/ hvítvínssósu, grænmeti og bakaðri kartöflu	kr. 2.950	kr. 3.890
Lambafillet m/ sherrybættri sveppasósu, grænmeti og bakaðri kartöflu	kr. 2.980	kr. 3.890
Nautalundir m/ chateaubriandsósu, grænmeti og bakaðri kartöflu	kr. 3.150	kr. 3.990
Eftirréttur Súkkuladifrauð	kr. 690	

Borðapantanir í síma 562 1988
Veitingahúsið Madonna Raudarárstíg 27 www.madonna.is

FISKBÚÐIN HAFBERG

Nýr stór humar
Nýlagað sushi

Glæsilegt úrval fiskréttu
- tilbúnir á grillið

10-11 óskar eftir duglegu starfsfólki í verslanir sínar á höfuðborgarsvæðinu. Sérstaklega verið að leita af starfsfólki í hlutastarf. Unnið er á vöktum. Umsækjendur þurfa að vera þjónustulundaðir, áreiðanlegir, vinnusamir og góðir í mannlegum samskiptum. Einnig verða umsækjendur að vera fæddir '87 eða fyrr. **Áhugasamir geta sett inn umsókn á vefslóðinni www.10-11.is eða fyllt út umsóknareyðublið í verslunum sjálfum.**

Shell stöðvarnar. Óskum eftir duglegum og þjónustulundaðum einstaklingum 18 ára og eldri til afgreiðslu á Shell stöðvarnar í vaktavinnu og eins í hlutastörf á kvöldin og um helgar. **Hægt er að sækja um á heimasíðu 10-11. www.10-11.is eða senda umsóknir á sat@10-11.is**



Verkstæðisvinna Hraustan og stundvísan starfskraft vantar. Unnið undir bilum við þústkerfi með rafstöðu og loftverkefni. Þarf ekki að vera vanur. Skrifleg umsókn berist fyrir 10. maí til Þústþjónustu BjB. Flatahraun 7 220 Hafnarfirði eða á þúst@bjb.is. Upplýsingar ekki gefnar í síma.

Framtíðarstarf og sumar-afleisingar
AÐFÖNG óska eftir starfsmönnum í lagerstörf. Um er að ræða framtíðarstarf og einnig í sumarafleisingar. Við bjóðum upp á góða tekju- og möguleika, góða vinnuástandi og mótuneyti er á staðnum. Leitað er að kraftmiklum og áreiðanlegum einstaklingum sem eru eldri en 18 ára og vilja framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki. **Umsóknareyðublið má fá í móttöku Aðfanga að Skútuvogi 7, 104 Reykjavík. Upplýsingar gefur Ríkarð í síma 693-5602**

Starfsmenn óskast. Okkur vantar góða sölumenn. Viðkomandi þarf að geta byrjað strax. Erum með mörg fjölbreytt og skemmtileg verkefni framundan. **Hafið samband í síma 575-1500 og leggið inn umsókn. Skúlasón ehf. Laugavegi 26. S. 575 1500 www.skulason.is**

Papinos Pizza. Óskum eftir hressu og duglegu starfsfólki. Umsóknarblöð í Núpaland 1 Kóp.

Langar þig að greinast, stinnast eða laga vöxtinn þinn á einn eða annan hátt. Við erum með lausnina fyrir þig. Frábærar andlitsmeðferðir sem hreinsa stinna og upplifga húðina svo um munar. Langar þig að líta betur út komdu á til okkar og fáðu aðstoð. Didrix spa s: 561 8677.

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Kópavogi bæði fyrir og eftir hádegis, einnig aðra hvora helgi. Ekki undir 20 ára, helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

Pizza Höllin í Mjódd
óskar eftir bílstjóra í kvöld- og helgarvinnu. Umsóknareyðublið liggja á staðnum.

LAUST starf: Færsla bókh., afstem., framtalsgerð og fl. FJÁRHÚS ehf s: 534-0040

Óska eftir vönu fólki í málnigarvinnu. Uppl. í s. 869 3934.

Atvinna-Vesturbær
Starfskraftur óskast til léttara starfa. Ekki unnið á laugardögum. Hraði, fatahreinsun, Áfgissjóu 115. S. 552 4900.

Óskum eftir fólki til starfa við ræstingur í hlutastörf á sv. 105. Einnig leitum við að fólki á skrá fyrir önnur ræstingarströf og sérverkefni víðsvegar um Reykjavík. Nánari uppl. veitir Shery í síma 693 1516 eða shery@hreinleiki.is

Aðstoðarmaður óskast í bakarí í Breiðholti. Uppl. í s. 893 7370 & 820 7370.

Hefur þú áhuga?
Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í sal. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila. Vaktavinnu. Nánari uppl. á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1.

Sumarstarf/Hlutastarf. Röskur áreiðanlegur starfskraftur óskast í lager og afgreiðslustörf. Tilvalið með skóla. S. 897 5080.

Hraðbinding ehf
Óska eftir að ráða vana jánamann í vinnu, næg verkefni framundan. S. 868 3101.

Ræsting/Matráður
Óskum eftir að ráða nú þegar starfskraft til að sjá um ræstingar og matseld 50% starf. Vaktavinnu, unnið í viklu, frí í viklu. Íslenskukunnátta skilyrði. Einnig óskum við eftir starfskrafti í ræstingu á sv. 105 eftir kl. 16. Uppl. í s. 699 8403 & 896 5066.

Hreingerning/gólfbonun
Vantar nú þegar starfskraft við gólfbonun og hreingerningar. Uppl. í s. 699 8403 & 896 5066.

Vant starfsfólk óskast. Hvað hentar þér. Steypusögum, kjarnaborun, múrbrot, hellulagnir, gröfuvinnu, vörubílaakstur og ýmis verktafvinna. Mikil vinna framundan. Uppl. í s. 693 7700.

Íþróttahús FRAM óskar eftir starfsmanni í húsvörslu og þríf. Vinnutími frá kl.15:00 virka daga og aðra hvora helgi. Nánari upplýsingar í síma 533-5600

Gallerý á Skólavörðustíg óskar eftir aðila sem vinnur með roð og leður/skinn. Ýmislegt fleira kemur til greina. Uppl. í s. 895 4051 & 695 3076.

Meirapróbílstjóri
Óskum eftir að ráða bílstjóra í vörubíl með krana og eins steypubíl á Suðurlandi. Uppl. í s. 899 9670.

Fiskvinnsla
Óska eftir vönu fólki í fiskvinnslu í snyrtingu og þökkun. Reglusemi og stundvís skilyrði. Uppl. í s. 698 7120 eftir kl. 16.

Háseta vantar á 140 tonna dragnotarbat. Upplýsingar í síma 894 3026, 854 3026 eða 894 1638.

Við óskum eftir duglegu starfsfólki á dag, kvöld og helgarvaktir í eldhús og sal í sumarstörf á veitingastaðinum Pasta Basta. Uppl. í s. 862 5999, eftir kl. 12 föstudag og laugardag.

TILKYNNINGAR

Einkamál

TANTRA (85) EROTISK VERSLUN

LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA OPID MÁN - FOS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00

KOMIÐ Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 1 EÐA SKOÐIÐ HEIMASÍÐU OKKAR

[WWW.TANTRA.IS](http://www.tantra.is)

SÍMI 588 6969.



Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

Auglýsing um breytingu á Aðalskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 - 2024.

Vesturhöfnin.

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur, 2001 - 2024, vegna Vesturhafnar, viknarvæði.

Tillagan gerir ráð fyrir að heimilt verði að reka verslanir og þjónustu sem ekki falla undir hafnsækna starfsemi á stærri hluta hafnarvæðisins sem liggur næst aðliggjandi íbúðasvæði og er í nágrenni við miðborgarsvæðið. Með þessari breytingu er um að ræða breytingu á landnotkun á lóðunum nr. 13, 15, 17, 19, 21, 23, 25-27, 43, 45, 47 og 49-51 auk 12 og 14 við Fiskislóð. Á lóðum við Hólmaslóð nr. 2, 4 og 6, Eyjaslóð 1, 3, 5, 7, 9 og 11 er gert ráð fyrir léttum iðnaði sem ekki hefur í för með sér mengun. Verkstæðum, vinnustofum, umboðs og heildverslunum, skrifstofum og þjónustu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 08:20 - 16:15, frá 29. apríl til og með 10. júní 2005. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, skipbygg.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við hana skal skila skriflega eða á netfangið skipulag@rvk.is, til skipulagsfulltrúa, merkt viðkomandi svæði og undirritað skilmerkilega, eigi síðar en 10. júní 2005.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykka tillöguna.

Reykjavík, 29. apríl 2005
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 563 2600 • MYNSENDIR 562 3219

ATVINNA

Tré-mót ehf Byggingaverktakar

Óskum eftir að ráða verkamenn og smíði til starfa á höfuðborgarsvæðinu.

Upplýsingar veita:
Brynjar s. 899-6482 • Jón s. 898-2062

NYTT
[á einkamal.is](http://a.einkamal.is)
Bear20

20 ára kk, Höfuðborgarsvæðið
Halió ég er tvítugur skemtilegur strákur sem er bara að leita að skemtilegr...

einkamal.is

Erotik.is 20% afsl. af öllum vörum. Erotica Shop Hverfisgötu 82 S. 511 6966.

Bjartir dagar.

Ekkiþjálfur um stjótugt óskar eftir vinkonu og ferðafélaga. Reglusalur við góða heilsu og í góðum málm. Svör sendist Fbl fyrir 7 maí merkt "Traustur vinur".

Talstöðin
FM 90,9



TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA

Opíð mán.–fím. kl. 9–18
og fös. kl. 9–17

FASTEIGNASALA Sími 533 4040

Ármúla 21 • Reykjavík • kjoreign@kjoreign.is • www.kjoreign.is

LJARSKÓGAR – EINBÝLI



LJARSKÓGAR, M/AUKA ÍBÚÐ OG TVÖFÖLDUM BÍLSKÚR, ÚT-SYNI. Húsið er á tveimur hæðum, staðsett í lokaðri götu. Stærð er 300 fm m/tvöf. innb. bílskúr, jeppaskúr. Húsið er í góðu ástandi, en ekki nýjar innréttingar. Í dag er íbúð á neðri hæðinni. Arinn í stofu á neðri hæð. **Afhending fljótlega. Verð 48 millj.**

REYNIHVAMMUR – EINBÝLI



REYNIHVAMMUR-KÓP. Einbýlishús með stórum bílskúr. Stærð 175,9 fm og bílskúr 34,6 fm. Alls 210,5 fm. Einn skjólsælasti staðurinn í Kópavogi. Útsýni. Húsið er klætt að utan. Afhending samkomulag. Góður garður. **VERÐ 34,0 millj. nr. 3125.**

RAUÐARÁRSTÍGUR 2JA. HERBERGJA



RAUÐARÁRSTÍGUR M/BÍLSKÝLI: Mjög góð 2ja herb. íbúð á 2. hæð með séringi. Stærð íbúðar 64,6 fm. Björt íbúð, góðar innréttingar, parket og flisar á gólfum. Tengt fyrir þvottavél á baðherb. Geymsla í kjallara. **VERÐ 35,6 millj. nr. 5126.**

SEILUGRANDI M/BÍLSKÝLI 2JA HERB.



SEILUGRANDI - M/ BÍLSKÝLI. Rúmgóð 2ja herb íbúð. 68,4 fm ásamt 30,9 fm stæði í bílageymsluhúsi. Að auki góð geymsla í kjallara. Íbúðin er á 2. hæð með séringgangi af svólum. Íbúðin skiptist í rúm gott anddyri, hol, herb m/n skáp, stofu, baðherb. m/glugga og eldhús m/borðkrók. Parket og flisar á gólfum. Hús og sameign í góðu standi. **Verð 15,9 millj. nr. 5135.**

HÁTÚN – LYFTUHÚS 4RA HERBERGJA



HÁTÚN - LYFTUHÚS. Rúmgóð og falleg 4ra til 5 herb. enda-íbúð á 4. hæð (efstu) lyftuhúsi ásamt stæði í opnu bílskýli. Stærð íbúðar 128,8 fm og bílastæði 23,0 fm. Innréttingar og gólfefni eru vönduð. Parket og flisar á gólfum. Innréttingar úr eik. Þvottahúsið í íbúð. Glæsilegt útsýni. Nýlegt hús í góðu ástandi. **Verð 26,8 fm. nr. 3133.**

LOGALAND – RAÐHÚS



LOGALAND – ÚTSÝNI Vorum að fá í sölu gott ráðhús ásamt sérbyggðum bílskúr á góðum stað í Fossvoginum. Stærð 187,4 fm og bílskúr 24,5 fm. Eignin er á tveimur hæðum, möguleiki á sér íbúð í kjallara. Á efri hæð eru tvö þrjú þrjú upp í stofuna sem snýr í suður, þar er hátt til lofta og stórir gluggar. Arinn er í stofu. Húsið stendur hátt og skipulag þess er gott. **Verð 40,9 millj. nr. 5136**

Sölumenn: Ólafur s. 896 4090 og Kristinn s. 896 6913

Akkurat - fyrir þig!

ÁSTÚN – 200 KÓP.



Mjög falleg 2ja herb. 64,0 fm endaíbúð á 2.hæð í litlu góðu fjölbýli. Stórar vestur-svalir. Þvottahús á hæð. Sam. leikherb. í sameign. Frábært útsýni yfir Fossvoginn og fjöllin. Sérgeymsla í sameign. Stutt í gönguleiðir og þjónustu. Nýlegar flísar á holi og baði. Gluggar á þrjá vegu.

VERÐ 15,7 millj.

Sími: 594 5000

Akkurat

AKKURAT | Lynghóli 4 | Lökk, Þorngatavegur, Hlíðarvegur, Hverfisheidi

Sérhver endir er upphaf að einhverju nýju ♥



María Haraldsdóttir Sölufróa maria@101.is Gsm 820 8102
Helgi J. Jónsson Sölufróa helgi@101.is Gsm 820 8104
Leifur Adalsteinnsson Framkvæmdari / Sölufróa leifur@101.is Gsm 820 8100
Sigtryggur Jónsson Ágga, Sérgeymsla sigtryggur@101.is Gsm 861 2206
Hrafnhildur Grönmundsdóttir Sölufróa hrafn@101.is

101 REYKJAVÍK
FASTEIGNASALA

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA ER MEGLIMUR Í FÉLAGI FASTEIGNASALA
Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is



Talstöðin
FM 90,9

ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX

Talstöðin færir þér fréttir oftár á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

HB FASTEIGNIR

Hús Verslunarinnar · Kringlunni 7 · 103 Reykjavík
Sími 534 4400 · Fax 534 4410 · www.hbfasteignir.is



Valdimar Óli Þorsteinsson
Sölufulltrúi
822 6439



Kristinn R. Kjartansson
Sölufulltrúi
897 2338



Hrafnhildur Bridde
Lögg. fasteignasali
821 4400



Teitur Lárusson
Sölufulltrúi
894 8090



Kári Kort
Sölufulltrúi
892 2506



Kristján Axelsson
Sölufulltrúi
821 4404



Pétur Kristinsson
Löggiltur fasteignasali
Löggiltur verðbréfamíðlari
893 9048



Sigríður Hvönn
Karlsdóttir
Sölufulltrúi
692 1010

OKKAR METNAÐUR
ÞINN HAGUR



Sími 534 4400



2.HÆÐ – LAUS!!
ÁSBRAUT, KÓPAVOGI **17,3 MILLJ.**
* 90,8 fm * 2. herb. og 2.stofur
* Suður svalir * Upprunalegar innréttingar
* Snyrtileg sameign
☎ 821-4400 Hrafnhildur Bridde



HRINGBRAUT
HRINGBRAUT **18 MILLJ.**
* 75 fm + bílskýli * Verið er að setja lyftu í húsið.
* Tvö herb. í útleigu * 43 fm risibúð m/svölum
* Stutt í alla þjónustu



GLÆSILEGT RADHÚS Í BYGGINGU!!
ASPARHOLT, BESSAST.HR. **33,6 MILLJ.**
* Heildarstærð 180 fm * Athending júlí 2005
* Flott staðsetning * Fullbúð án gólfena
☎ 821-4404 Kristján Axelsson



SJARMERANDI ÍBÚÐ Í MIÐBÆNUM
INGÓLFSSTRÆTI, 101 RVK. **XX MILLJ.**
* Heildarstærð 143,2 fm * Parket á gólfum
* 5. herb. * 2 baðherbergi
* Stutt í alla þjónustu * Á besta stað
☎ 692-1010 Sigríður Hvönn



FALLEG ÍBÚÐ MEÐ MIKLU ÚTSÝNI
HULDUBORGIR, 112 RVK. **22,9 MILLJ.**
* Heildarstærð 104,4 fm * Fallegar innréttingar
* Parket á gólfum * Stutt í alla þjónustu
* 3 svefnherbergi * Suður svalir
☎ 692-1010 Sigríður Hvönn



3.HÆÐ
FLÉTTURIMI, GRAFARV. **17,9 MILLJ.**
* 98,4 fm * Stofa björt m/vestur sval.
* 3. svefnherbergi * Stutt í skóla
* Eldhús m/fallegum innréttingum * Þvottahús í íbúð
☎ 892-2506 Kári Kort



4RA HERB. SÉRHÆÐ M/BÍLSKÚR
SUNDLAUGAVEGUR **21,9 MILLJ.**
* Heildarstærð 122,4 fm * Hol, stofa og borðst m/út á suðursvalir
* Tvö stór svefnherb. * Baðherbergi m/baðkari
* Bílskúr m/rafopnara
☎ 892-2506 Kári Kort



GLÆSILEG ÍBÚÐ Á GÓÐUM STAÐ
STEEKJARSEL, 109 BREIÐH. **18,7 MILLJ.**
* Vel staðsett hús * 2. herb. og 2.stofur
* 97 fm * 18 fm sólskáli
* Allt sér * Sölpallur
* Stór stofa * Glæsilegt eldhús
☎ 821-4404 Kristján Axelsson



2.HÆÐ
ASPARFELL, 2JA HERB. **10,6 MILLJ.**
* Hol m/fataskáp, dükur á gólfu * Eldhús m/eldri innréttingu
* Baðherbergi m/flísum * Þvottaherbergi á hæð.
* Sérgeymsla í kjallara * Sérgeymsla í kjallara
☎ 892-2506 Kári Kort



SKEMMTILEG ÍBÚÐ Á BESTA STAÐ
NJALSGATA, 101 RVK. **23,9 MILLJ.**
* Heildarstærð 106,5 fm * 4. herb
* Mikill endurnýjuð * Stutt í alla þjónustu
* Náttúruflisar á gólfum * Á besta stað
☎ 692-1010 Sigríður Hvönn



2JA HERB. ÁSAMT BÍLSKÝLI
KRUMMAHÓLAR, BREIÐH. **11,9 MILLJ.**
* Íbúð 49 fm * Bílskýli 23.8 fm
* Sameiginl inng. og garður * Gott skipulag, opið eldhús
* Sérgeymsla * Útgeingt úr íbúðinni út á grasflöt
* Stutt í alla þjónustu/ skóla
☎ 821-4400 Hrafnhildur Bridde



4. HERB.
LAUFENGI, GRAFARVOGUR **20,2 MILLJ.**
* 106,4 fm * 2.hæð
* 3. svefnherb. m/skápum * Séríngangur af svölum
* Barnvænt hverfi * Baðherb. nýl. endurnýjað
☎ 892-2506 Kári Kort



SJARMERANDI ÍBÚÐ Í GRÓNU HVERFI
HRAUNBÆR, 110 RVK. **16,3 MILLJ.**
* Heildarstærð 95,5 fm * Fallegar innréttingar
* 2. hæð * 3. herb.
* Stutt í alla þjónustu * Barnvænt hverfi
☎ 692-1010 Sigríður Hvönn



NJARDARGATA - MIDBORG
2JA HERB. **12,9 MILLJ.**
* Stærð íb. 45,5 fm
* Sameiginl. inng. og garður
* Sölpallur í garði - útúr eldhúsi
* Stórt opið eldhús m/ nýl. innréttingu
* Sér geymsla og sameiginl. þvottahús
* Stutt í alla þjónustu og skóla
☎ 894-8090 Teitur Lárusson



BERGSTAÐASTRÆTI
2JA HERB. ÍBÚÐ Í MIDB. **10,9 MILLJ.**
* Íbúð 37,8 fm
* 1.hæð, sameiginl. inng.
* Gott skipulag, nýl. pastparket á gólfum
* Rósettur í loftum, trérimlagluggatjöld
* Sér geymsla - sameiginlegt þvottahús
* Stutt í alla þjónustu og skóla
☎ 894-8090 Teitur Lárusson



BÚJÖRD / VEIÐJÖRD/ HESTABÚGARDUR
FRÍSTUNDAPARADÍS **27,8 MILLJ.**
* 143,9fm íbúðarhús. 24,1ha ræktað land,
* 2,1/2 tíma akstur frá Rvk
* Húsakostur, fjárhús, hesthús, vélageymsla
* Bakki rennur um landið þar er silungaveiði
* Mikil úthagar og veiði á Tröllatunguheiði
* Gæsir // Rjúpa // Silungur // Gott berjaland
☎ 892-2506 Kári Kort

Ingibjörg, Össur, flokkur, þjóð

UMRÆÐAN
SAMFYLKINGIN



ALBERT JENSEN

En eina ferðina stefnir í bræðravíg í flokki alþýðunnar og hagsmunum heildarinnar er vikið fyrir sínum eigin. Þar sem víðar, fær eigingirinn allt besta plássíð? Ætla menn aldrei að þroskast og læra af reynslunni? Um er að ræða tvo sémilega hæfa foringja, sem eru þó langt í frá

gallalausir.

Ef þau sömu halda að Samfylkingin þoli eingingjarnt fram-pot og augljósa sýndarmennsku, fara þau villur vega. Sagt er að sá vægi, sem vitið hefur meira. Svo þarf þó ekki að vera í öllum málum. Snjallir herforingjar hætta ekki öllu í eina orustu. Þeir vilja vinna stríðið og geyma trompið. Ef hallar á og óvinurinn ætlar að láta kné fylgja kviði, tekur óþreytt úrvalslið á móti þeim. Þannig á Samfylkingin að gera. Tefla Össur fram í fyrstu lotu og þar á eftir Ingibjörgu. Með því móti gæti flokkurinn átt mörg ár í ríkisstjórn.

Samstaðan og sjónarmiðin skipta mestu um farsæld.

Óvinafagnaður sá, er forustu-fólkið kyndir nú undir sem ákafast, á eftir að koma flokknum illa og þeim sjálfum þar af leiðandi. Eg efast lítið um að þau tvö, sem nú kjósa að gera hverja vitleysuna á fætur annarri, hafi til síns ágætis nokkuð. En glámskygginn er ekki bara einfeldninganna. Þótt Ingibjörg Sólrún hafi vænt mig um kvenfyrirlitningu í skrifum mínum og Össur, þáverandi ritstjóri DV, lokað á greinar frá mér, tók ég það ekki inn á mig. Sólrúnu líkaði ekki afstaða mín til fyrirhugaðrar úthlutunar lóðar í Laugardalnum og fleira. En inngríp Össurar helguðust af því að ég og þeir bræðurnir vorum ekki sammála um friðun dýra og

annað í umhverfismálum. Það varð til þess að sú saga komst á kreik, eftir að viðvörðunarkerfi fór af stað á umhverfisráðstefnu í Háskólabíó, að ég hefði hafnað aðstoð Össurar úr mögulegum eldsvoða. Hann kom að vísu til mín, en gárungarnir sögðu að ég vildi heldur brenna inni en þiggja aðstoð frá honum. Meðan svona húmor lifir, er okkur óhætt.

Engin flokkur getur þóknast öllum en Samfylkingin hefur mesta breidd. En hún hefur, því miður, sérlega fráhrindandi áhugamál. Þar ber hæst áætlun um inngöngu í ESB, þar sem glundroðinn er í algleymingi. Fyrir okkur þýddi það ófrelsi,

niðurlægingu og verri kjör. Viðskipti við önnur lönd færðust úr okkar höndum sem og allar auðlindirnar. Vegna þessa máls Samfylkingarinnar og kæruleysis í umhverfismálum eiga Vinstri grænir sér líf utan hennar. Ég hef aldrei verið svo heillum horfinn að kjósa Framsókn en kaus Sjálfstæðisflokkinn í borgarstjórn, vegna gagnkvæmra loforða. Björn Bjarnason hét að rétta hlut ferðabjónustu fatlaðra og annað í þeim dúr. Nokkuð sem R-listinn hafði látið drabbast niður, auk þess að mergsjúga fatlað fólk með þjónustugjöldum. Ef fylkingin og Vinstri viðhalda R-listanum neyðast margir til að skila auðu. ■

Endurgreiðslur Tryggingastofnunar

Hvaða þjónusta á rétt á að fá endurgreiðslu frá Tryggingastofnun? Eiga gigtar-, lómunar- og hreyfihamlaðir sjúklingar rétt á að fá stuðning frá Tryggingastofnun fyrir fótaaðgerð? Hér á landi sem og víða annars staðar flokkast fótaaðgerð undir heilbrigðisþjónustu.

Vil ég leggja fyrirspurn til félagasamtaka þessara hópa og annarra hópa sem eru í svipaðri aðstöðu. Hvernig stendur á því að þessi þjónusta er ekki niðurgreidd líkt og sjúkraþjálfun að undangenginni skoðun og eftir mati



EYGLÓ ÞORGEIRSDÓTTIR Fótaaðgerðafræðingur og sjúkrannuddari.

lækna? Hafa þessi félagasamtök ekki reynt að leita eftir því? Hefur þeim verið hafnað af Tryggingastofnun?

Margir einstaklingar sem eru fatlaðir og þjást af gigtarsjúkdómum, sykursýki, psoriasis o.fl. þurfa nauðsynlega á þessari þjónustu að halda og geta ekki án hennar verið. Vekur það undrun mína að stuðningur gegnum Tryggingastofnun sé ekki fyrir löngu komin á eins og gerist í nágrannalöndum okkar samkvæmt mati lækna hverju sinni. Ýmsir húðsjúkdómar mynda ákveðin húðútbrot á fótum þar sem fótaaðgerð er besti kosturinn, ásamt hjálp með sýrukremi sem er ávísað á fólk.

Liðagigtasjúkdómar þar sem álagssvæði fótisins fer úr skorðum leiða oft til sársaukafullrar myndunar á siggi sem þarf að fjarlægja reglulega.

Stuðningsmeðferðir með sílikoni á tær fyrir fólk sem m.a. lamast af ýmsum orsökum. Það er meðferð sem mikilvægt er að framkvæma strax þegar varanleg lómun hefur átt sér stað, áður en sinarnar byrja að stytast og tærnar byrja að krepast.

Aðgerðir sem hafa verið gerðar á tæbeinum mistakast því miður mjög oft og fólk verður að leita til okkar eftir þær aðgerðir þar sem líkþornamyndun m.a. hefur aukist og þörf er fyrir stuðning með sílikoni. Margir sjúkraþjálfarar eru meðvitaðir um hvað sílikon getur hjálpað og senda fólk til okkar í meðferð.

Niðurgrónar neglur eru mikið vandamál sem hægt er að laga með spangarmeðferð, samanber réttingu á tönnum, og óþarft að gera dýrar aðgerðir framkvæmdar af læknum í mörgum tilvikum. Sú þjónusta sem hér býðst sjúklingum getur aukið vellíðan þeirra sem og sparað almannafé í formi vinnutaps og kostnaðar á vegum sjúkrastofnana. ■

CISCO SYSTEMS



Premier
Certified
Partner

ALLIR KJÓSA ÖRYGGI

Er þráðlaus netkerfið í fyrirtækinu öruggt fyrir árás?

Mörg fyrirtæki hafa innleitt þráðlaus netkerfi. Ný könnun hefur sýnt að helmingur þráðlausra netkerfa er lítið eða ekkert varinn fyrir utanaðkomandi aðgengi.*

Hættan við óvarið þráðlaust netkerfi:

- Misnotkun á netsambandi
- Þjófnaður á upplýsingum
- Árás á tölvukerfi fyrirtækis

Sérfræðingar Tæknivals í öryggismálum bjóðast til að meta ástand þráðlausra netkerfa í fyrirtækjum og koma með tillögur að úrbótum.

Hafðu samband í síma 550-4000, eða sendu tölvupóst á lausn@taeknival.is til að fá nánari upplýsingar.

(*samkvæmt könnun norska ríkissjónvarpsins)

Tæknival

SKEIFUNNI 17
SÍMI: 550 4000
www.taeknival.is

ALFRED HITCHCOCK (1899-1980)
lést þennan dag.



Í kvikmyndum er leikstjórinn Guð. Í heimildarmyndum er Guð leikstjórinn.

Alfred Hitchcock kvikmyndaleikstjóri varð frægur fyrir spennumyndir á borð við *North by Northwest* og *Psycho*.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Óeirðir í Los Angeles

Miklar óeirðir brutust út í Los Angeles í Bandaríkjunum þegar kveðinn var upp dómur í Rodney King-málinu svokallaða árið 1992. Kviðdómur sem samanstóð einvörðungu af hvítu fólki sýknaði fjóra hvíta lögreglumenn sem voru ákærðir fyrir að nota óhóflegt ofbeldi við handtöku blökkumannsins Rodney King ári áður. Barsmiðarnar náðust á myndband og vöktu mikinn óhug meðal fólks þar sem lögreglumennirnir sástu ganga í skrokk á King. Mikil reiði vaknaði í samfélagi þeldökkra í borginni þegar til-

kynnt var um úrskurðinn. Mót-mælendur þustu út á götur og skeyttu skapi sínu á því sem fyrir þeim varð. Þegar spurðist út að lögreglan hefði misst öll tækni í nokkrum hverfum borgarinnar og vildi eða gæti ekki framyfngt þar lögum fóru mót-mælendur að brenna verslanir og fyrirtæki á svæðinu. Daginn eftir stóðu búðir tómar þar sem þúsundir höfðu látið greipar sópa. Uppþotin stóðu í nokkra daga. 55 létust og um 2.000 særðust. 12 þúsund voru hand- teknir og var eignatjón gríðarlegt.



Lögreglumennirnir sem höfðu hlotið sýknudóminn voru síðar dæmdir af alríkisdómstólum fyrir að brjóta mannréttindi á Rodney King. Hann hlaut tæpar fjórar milljónir dala í bætur frá Los Angeles-borg.

MERKISATBURÐIR

- 1106 Jón Ögmundsson er vígður fyrsti Hólabiskup.
- 1945 Adolf Hitler giftist Evu Braun.
- 1945 Bandarísk herlið frelsa fólk úr útrýmingar-búðum Þjóð-verja í Dachau
- 1967 Breski landhelgisbrjóturinn Brandur strýkur úr Reykjavíkurborg með tvo íslenska lögregluþjóna um borð.
- 1994 Halldór Ásgrímsson tekur við formennsku í Framsóknarfloknum af Stein-grími Hermannssyni.
- 1998 Varðskip kemur með stóra flotkví til Hafnarfjarðar. Flutningur hennar frá Bretlandi tók einn mánuð.

AFMÆLI



Regína Thorarensen
blaðamaður er 88 ára.



Jafet Ólafsson, framkvæmdastjóri Verðbréfastofunar, er 54 ára.



Lúdvík Bergvínsson
alþingismaður er 41 ára.



Auðun Georg Ólafsson,
fyrrverandi fréttastjóri RÚV,
er 35 ára.



Rúnar Freyr Gíslason leik-
ari er 32 ára.

ANDLÁT

Svava Ingibjörg Ingimundardóttir,
hjúkrunarheimilinu Eir, lést sunnudaginn
17. apríl. Útför hennar fór fram 27. apríl.

Sigurður Arnþór Pálsson, Melgerði 29,
Reykjavík, lést mánudaginn 18. apríl. Út-
för hans fór fram í kyrirþey.

Halldóra Auður Jónsdóttir, Hrafnistu,
Hafnarfirði, lést laugardaginn 23. apríl.

Gísli Jóhann Sigurðsson, rafvirkjameist-
ari, Bræðraborgarstig 38, Reykjavík, lést
mánudaginn 25. apríl.

Halldór Guðjónsson, vélstjóri, Bræðra-
tungu 28, Kópavogi, lést þriðjudaginn
26. apríl.

Halldór Höskuldsson, Réttarheiði 25,
Hveragerði, lést þriðjudaginn 26. apríl.

Unnur Guðmundsdóttir, Stað, Reyk-
hólasveit, lést þriðjudaginn 26. apríl.

JARÐARFARIR

13.00 **Sigurlaug Arnórsdóttir**, Smára-
hvammi 16, Hafnarfirði, verður
jarðsöngin frá Hafnarfjarðarkirkju.

13.00 **Þórarinn Guðlaugsson**, húsa-
smíðameistari, Aðalgötu 5, Kefla-
vík, verður jarðsöngin frá Grafar-
vogskirkju.

15.00 **Stefán Þórðarson**, Hörgslundi 13,
Garðabæ, verður jarðsöngin frá
Fossvogskirkju.



Minningarkort
535 1825

HJARTAVERND

www.hjarta.is • 535 1800

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli,
andlát og jarðarfariir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á net-
fangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5000.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma
Sigurlaug Arnórsdóttir
Smárahvammi 16, Hafnarfirði,
lést á gjörgæsludeild Borgarspítalans sunnudaginn 24. apríl.
Jarðarförin fer fram í dag, föstudaginn 29. apríl, frá Hafnarfjarðar-
kirkju.
Guðrún Axelsdóttir,
Solveig Axelsdóttir, Svavar Haraldsson,
Hrónn Axelsdóttir, Guillermo Rito
Axel Kristján Axelsson, Anna Eiríksdóttir,
barnabörn og barnabarnabarn.

Elskulegur bróðir okkar,
Snorri Pétursson
til heimilis að Hátúni 10b,
lést miðvikudaginn 13. apríl 2005. Útförin hefur farið fram í kyrirþey
að ósk hins látna, föstudaginn 22. apríl 2005.
Snorri var jarðsöngin frá Kirkjubæ í Hróarstungu og jarðsettur í
heimagrafreit að Litla Bakka í sömu sveit.
Aðalbjörg Pétursdóttir
Margrét Pétursdóttir
og aðrir aðstandendur.

TÍMAMÓT: GRÉTAR MAR JÓNSSON FIMMTUGUR

Langar í Jagúar

„Mér finnst ég alltaf vera tánungur, eða bara rétt rúmlega það,“ segir Grétar Mar Jónsson, skipstjóri og varapingmaður Frjálslynda flokksins, sem er fimmtugur í dag. Hann segist vera mikið afmælisisbarn og sló upp góðum veislum þegar hann varð þritugur og fertugur. Og fimmtugsafmælið fer ekki fram í kyrirþey. „Ég ætla að halda upp á afmælið á morgun og býð þá vinum, kunningjum og vandamönnum í Samkomuhúsið í Sandgerði milli 19 og 22,“ segir Grétar Mar, sem fékk vin sinn til margra ára, Guðmund Árna Stefánsson alþingismann, til að stýra veisluhöldunum.

Grétar Mar er skipstjóri á netabátnum Sæmundi GK 4 og tekur daginn snemma. „Við förum út á milli fimmm og sex og erum komnir í land fyrir kvöldmat.“ Og engan þarf að undra að honum líki lífið vel. „Mig langaði að verða skipstjóri um fermingaráldurinn og finnst þetta mjög skemmtilegt.“ Grétar Mar á heldur ekki langt að sækja áhugann á sjósókn, faðir hans og föðurbróðir eru skipstjórar og annar föðurbróðir hans er grásleppukar. „Þetta er í blóðinu,“ segir hann og unír sér einstaklega vel þessa dagana enda mofkiskir.

Után sjósóknar og stjórn mála hefur Grétar Mar brennandi áhuga á íþróttum og var frækinn handboltamaður á yngri árum; æfði til að mynda undir stjórn Guðmundar Árna á sínum tíma. „Ég er sportidjót og fylgist bæði með handbolta og fótbolta.“ Í ensku knattspyrnunni fylgir hann Liverpool að málum en liðið gerði jafntefli við Chelsea í undanúrslitum Meistaradeildarinnar á miðvikudagskvöld. Margir segja Liverpool hafa staðið sig vel í leiknum, sem fram fór á heimavelli Chelsea og lyktaði 0-0. Grétar Mar er ekki endilega á því. „Ja, ég veit það ekki, þeir náðu bara jafntefli. Ég vildi sigur.“



GRÉTAR MAR JÓNSSON „Mig langaði að verða skipstjóri um fermingaráldurinn og finnst þetta mjög skemmtilegt,“ segir afmælisisbarnið síunga.

Miklar hláturrokur kveða við þegar afmælisisbarnið er spurt hvað það langi í í afmælisisgjöf. „Ég veit það ekki, það er erfitt að svara svona löguðu þegar maður er kominn á þennan aldur. Ætli mig langi ekki í Jagúar-bíl og kannski flug-

vél,“ segir hann og hlær enn meira. Það er líklegt að líf og fjör verði í Samkomuhúsinu í Sandgerði annað kvöld enda Grétar Mar mikill gleðimaður og viðbúið að margir vilja heilsa upp á hann á þessum tímamótum. ■

Nesstofa á Seltjarnarnesi:

Umfangsmiklar endurbætur

Þjóðminjasafn Íslands hefur ákveðið að ráðast í viðamiklar endurbætur á Nesstofu á Seltjarnarnesi. Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður tilkynnti í gær að um tutugu milljóna króna styrkur úr danska sjóðnum Augustins Fonden gerði safninu kleift að ráðast í nauðsynlegar lagfæringar.

Nesstofa er steinhús sem dönsk yfirvöld létu reisa yfir nýskipaðan landlækni á sjöunda áratug átjándu aldar. Húsið teiknaði danski hiróteiknarinn Jacob Fortling. Árið 1772 var Nesstofu skipt á milli landlæknis og lyfsala og einnig starfaði ljósmóðir í því. Húsið komst í einka-eign þegar embættin voru færð til Reykjavíkur upp úr 1830. Frá árinu 1979 hefur húsið verið í vörslu Þjóðminjasafnsins og

NESSTOFA Húsið hýsir lækningaminjasafn, en Danir reistu Nesstofu á sínum tíma sem bústað fyrir nýskipaðan landlækni.



hýsir lækningaminjasafnið Nesstofusafn.

Að sögn Þorsteins Gunnarssonar arkitekts verður meginstefnan í viðgerðum á Nesstofu sú að nalg-

ast upphaflega gerð þess eins og kostur er. Þar eru lagðar til grundvallar ítarlegar úttektarlýsingar frá 1763 og 1767 sem og ummerki í húsinu sjálfu. ■

Við erum **2** ára! Öll tónlist **ókeypis** um afmælishelgina!



Afmælisveisla 30.apríl kl.15:00 í
Skífunni Kringlunni!
Þar sem allir fá glaðning og
Hildur Vala og Helgi Valur kíkja
á afmælisbarnið og taka **lagið!**

♪ Ókeypis tónlist alla
afmælishelgina.*

♪ Allir sem skrá sig um
helgina fara í pott og
gætu unnið ferð á **U2**
tónleika í sumar, **iPod**
suffle eða glaðning frá
Coca Cola!

Við bjóðum **iPod** notendur velkomna í hópinn.



 **TÓNLIST.IS**

KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 4.125 +0,30%

Fjöldi viðskipta: 403
Velta: 3.153 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ Hampiðjan 2,94%
Atorka 1,67%
Og fjarskipti 1,24%

MESTA LÆKKUN

↓ Síminn -3,16%
Bakkavör -0,90%
Íslandsbanki -0,72%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 40,40 +0,20% ... Atorka 6,10 +1,7% ... Bakkavör 33,00 -0,90% ... Burðarás 14,25 - ... FL Group 14,50 +1,0 ... Flaga 5,46 - ... Íslandsbanki 13,75 -0,7% ... KB banki 551,00 -0,50% ... Kögun 62,80 +0,2 ... Landsbankinn 16,50 - ... Marel 55,60 -0,7% ... Og fjarskipti 4,05 +1,20% ... Samherji 12,10 - ... Straumur 12,20 +0,8% ... Össur 83,50 -0,60%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nagnar.is

Peningaskápurinn...

Veisla en ekki bankakaup

Það fréttist af hópi Landsbankamanna og starfsmanna Burðarás á leið til London nú í vikunni. Orðrómurinn flaug þegar um viðskiptalíf og margir voru á því að nú væru stór viðskipti í uppsiglingu. Eins og oft vill brenna við, þá reyndist orðrómurinn ekki á rökum reistur. Landsbankamenn voru ekki í stórum kauphugleiðingum í þetta sinni. Þeir voru mættir til þess að taka þátt í veisluöldum þeirra sem komu að kaupum á Icelandkeðjunni. Venjan er að haldið sé upp á slík viðskipti með þeim sem að þeim komu með veglegri veislu. Ekki spillti ferðinni að leikur Chelsea og Liverpool var á Stamford Bridge og því hefur verið margt um manninn í stúkunni sem Pálmi Haraldsson, stjórnarformaður Iceland, leigir á vellinum.

Leikurinn var hins vegar leiðinlegur og markalaus.

Tugmilljarðar lítill tíðindi

Ekki fer sögum af því hvort KB-bankamenn voru á vellinum í stúkunni sinni og Bakka- varar. Þeir stóðu hins vegar í þriðju stærstu fyrirtækjakaupum Íslendinga frá upphafi með kaupnum á Singer & Friedlander. Fréttin kom í gærmorgun og samhliða skilaði KB banki mesta hagnaði skráðs fyrirtækis á Ísland á einum ársfjórðungi. Svo bar við að þessi tíðindi viku fyrir öðrum í fréttatíma RÚV og fóru þar saman fréttir af dómsmálum og hitt að sennilega eru menn hættir að kippa sér upp við fréttir af milljarðatugum.



MARKAÐSFRETTIR...

Matsfyrirtækið Moody's sendi í gær frá sér tilkynningu þess efnis að þeir hyggist endurmeta lánshæfismat opinberra fyrirtækja og stofnana viðs vegar um heiminn og nota við það nýja aðferð. Íbúðalánasjóður er eitt þeirra opinberu fyrirtækja sem er á lista þeim sem Moody's birti yfir þau fyrirtæki sem þessar nýju matsaðferðir muni ná til.

Tap var á rekstri Flögu á fyrsta ársfjórðungi ársins. Tapið nam ríflega milljón dollurum eða um 65 milljónum króna. Afkoma félagsins er í samræmi við áætlanir fyrirtækisins. Á tímabilinu féll til kostnaður vegna starfsloka stjórnenda.

Gengi íslensku krónunnar styrktist um 0,18 prósent í fremur litlum viðskiptum í gær.

Yfir væntingum

Áfram gert ráð fyrir góðum vexti.

Bakkavör skilaði 4,2 milljóna punda hagnaði á fyrsta ársfjórðungi eða 484 milljónum króna sem er tæplega tvöföldun frá fyrra ári. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði nam 929 milljónum króna og jókst um 58 prósent milli ára. Hlutfall hagnaðar fyrir afskriftir og fjármagnsliði var 21 prósent samanborið við 15 prósent árið áður en þetta hlutfall er að jafnaði lægst á fyrsta ársfjórðungi.

Rekstur Bakkavarar á fyrsta ársfjórðungi var í takt við væntingar stjórnenda og nokkuð yfir spám bankanna í heild.

Sala Bakkavarar jókst um 14 prósent milli ára sem vekur athygli

SPÁR OG AFKOMA BAKKAVARAR Í MILLJÓNUM PUNDA

Hagnaður	4,2
Spá Íslandsbanka	4,5
Spá KB banka	3
Spá Landsbankans	3,6



HAGNAÐUR TVÖFALDAST Ágúst og Lýður Guðmundssynir, stjórnendur Bakkavarar.

vegna þess að mikil samkeppni er í framleiðslu á kældum réttum. Þrýstingur á verð er því mikill en stjórnendur Bakkavarar segja tengsl sín við Tesco, helstu viðskiptavini sína, mjög góð. Stjórnendur félagsins gera ráð fyrir áframhaldandi góðum vexti.

Mikið handbært fé frá rekstri er einkennandi fyrir rekstur Bakkavarar og var það 822 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi.

Arðsemi eigin fjár var 19 prósent á fyrsta ársfjórðungi samanborið við 12 prósent árið áður.

- dh

Tillögur Morgan Stanley birtar

Skýrsla Morgan Stanley til einkavæðingarnefndar um söluférlí Simans verður gerð opinber í dag. Um er að ræða þann hluta er varða tillögur ráðgjafafyrirtækisins um fyrirkomulag sölunnar. Aðrar upplýsingar hafa verið teknar út.

Eins og fram kom í Markaðinum á miðvikudaginn fundaði einkavæðingarnefnd sama dag þar sem ákvörðun um birtingu skýrslunnar var tekin. Jón Sveinsson, formaður einkavæðingar-

nefndarinnar, segir að um vinnufund hafi verið að ræða með ráðgjöfum Morgan Stanley. Nefndarmenn séu ánægðir með framgang söluférlisins og samskipti við þá aðila, sem hafi viljað kynna sér Símann nánar. Margir hafi fengið viðbótargögn í hendur eftir að hafa undirritað trúnaðarsamning.

„Enginn gerir í sjálfu sér athugasemdir við þetta fyrirkomulag sem við vinnum eftir,” segir Jón.

- bg

Framsýn og Lífeyrissjóður sjómanna sameinast

Gildi lífeyrissjóður tekur til starfa

Lífeyrissjóðurinn Framsýn, sem er þriðji stærsti lífeyrissjóður landsins, og Lífeyrissjóður sjómanna, sá fjórði stærsti, hafa



SAMEINING LÍFEYRISSJÓÐA Lífeyrissjóðurinn Framsýn og Lífeyrissjóður sjómanna hafa náð samkomulagi um sameiningu sjóðanna. Hinn nýi sjóður verður til húsa í Sættúni.

ákveðið að sameinast og mun samruninn taka gildi frá og með 1. júní. Með sameiningunni verður til Gildi lífeyrissjóður sem hefur heildareignir yfir 155 milljarða króna og 22 þúsund sjóðfélaga. Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs sjómanna, verður framkvæmdastjóri Gildis. „Við erum að búa til öflugri sjóð og breikku sjóðfélagahópinn. Einnig aukum við áhættudreifingu sem skilar sér vonandi í betri ávöxtun fyrir okkar félagsmenn,” segir Árni.

Rekstur sjóðanna hefur verið í miklum blóma undanfarin ár. Á síðasta ári var raunávöxtun 13,6 prósent hjá Framsýn og 16,3 prósent hjá Lífeyrissjóði sjómanna.

- eþa

STAÐA FRAMSÝNAR OG LÍFEYRISSJÓÐS SJÓMANNA UM SÍÐUSTU ÁRAMÓT

Lífeyrissjóður	Heildareignir	Virkir sjóðfélagar
Lífeyrissjóðurinn Framsýn	76 milljarðar	17.735
Lífeyrissjóður sjómanna	68 milljarðar	3.665
Alls	144 milljarðar	21.400

Methagnaður og kaup á breskum banka

KB banki skilaði ríflega ellefu milljarða hagnaði sem var í takti við væntingar greiningardeilda. Stjórn Singer & Friedlander hefur ákveðið að mæla með að hluthafar bankans taki kautilboði KB banka.

KB banki hefur gert bindandi tilboð í breska bankann Singer & Friedlander. Stjórn breska bankans hefur ákveðið að mæla með tilboðinu.

Þar með er nánast ekkert sem komið getur í veg fyrir að KB banki kaupi breska bankann. KB banki birti einnig uppgjör sitt í gær og nam hagnaður bankans rúmum ellefu milljörðum á fyrstu þremur mánuðum ársins sem er í samræmi við spár. Hagnaður bankans hefur aldrei verið meiri á einum ársfjórðungi, en inni í hagnaðartölunum er söluhagnaður af Lýsingugeng-

ishagnaður af breytanlegu skuldabréfi í Bakkavör. Heildareignir bankans eru 1.675 milljarðar króna og með sameiningu við S&F verða eignir bankans um 2.000 milljarðar króna. Arðsemi eigin fjár á tímabilinu var 33 prósent.

Kaupgengið í viðskiptunum er 316 pens á hlut, en auk þess fá núverandi eigendur arðgreiðslu upp á um 4,25 prósent á hlut. Samkvæmt þessu er verð breska bankans tæpir 65 milljarðar króna, en KB banki á sjálfur 19,5 prósent eða rúma tólf milljarða af því.

SPÁR UM AFKOMU KB BANKA Í MILLJÓNUM KRÓNA

Íslandsbanki	11.270
Landsbankinn	11.300
Meðaltal	11.285
Niðurstaða	11.093

Með kaupnum verður Bretland, ásamt Danmörku og Íslandi, helsta markaðssvæði bankans. Þar munu eftir kaupin starfa á sjöunda hundrað manns. Í kynningu bankans á uppgjörunu í Stokkhólmi í gær fór Hreiðar Már Sigurðsson yfir uppgjör bankans. Hann sagði afkomuna sýna að bankinn sé á réttri leið. „Bætt afkoma skýrist fyrst og fremst af auknum tekjum, þótt það sé vissulega ánægjulegt að sjá heildarkostnað minnka á milli ársfjórðunga. Tekjur aukast á öllum markaðssvæðum. Um 62% af tekjum bankans myndast nú utan Íslands og hefur það hlutfall aldrei verið hærra.“

SINGER KEYPTUR

Það lá vel á Tony Shearer, forstjóra Singer & Friedlander, og Sigurði Einarssyni, stjórnarformanni KB banka, þegar þeir kynntu kautilboð KB banka í London í gær. Eignir KB banka eftir kaupin verða tvö þúsund milljarðar.



KB banki setur ný viðmið

Hagnast um 85 þúsund krónur á mínútu

KB banki hefur sett ný viðmið með ellefu milljarða hagnaði á fyrstu þremur mánuðum ársins. Þetta er mesti hagnaður íslensks félags á einum ársfjórðungi en til samanburðar hagnaðist bankinn um 15,8 milljarða allt árið í fyrra. Ellefu milljarðarnir urðu til á 91 degi á tímabilinu janúar til mars. Þetta gerir 122 milljónir króna á dag, fimm milljónir á klst., 85 þúsund á mínútu og 1.410 á sekúndu.

En hvað eru ellefu milljarðar í samanburði við aðrar tölur? Héðinsfjarðargöng eru talin kosta sex milljarða, vikuleg velta á fasteignamarkaði á höfuðborgarsvæðinu er um 4,5 milljarðar, kortavelta Íslendinga innanlands var ellefu milljarðar í desember og samanlagt útgjöld ríkisins vegna barna- og vaxtabóta munu nema 11,5 milljörðum á þessu ári. Ef við gerðum ráð fyrir að meðallaun vinnandi manns væru 250.000 krónur þá þarf mánaðarlaun 44.000 manns til að jafna hagnað KB banka.

Fyrirtæki eiga að leiða launahækkunar

Sækja ekki launakostnað í vasa skattgreiðenda.

Laun hafa hækkað hraðar hjá hinu opinbera en á almennum vinnumarkaði og því verður að linna að mati Samtaka atvinnulífsins. Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á að einkafyrirtæki leiði launamyndun í landinu en ekki hið opinbera. Aðrir aðilar megi ekki grípa inn í launamyndun með yfirboðum. Kjarsamningar verði að taka mið af afkomu og samkeppnisstöðu fyrirtækja því að þau sækja ekki launakostnað í vasa skattgreiðenda.

Ari Edwald, framkvæmda-

stjóri Samtaka atvinnulífsins, segir launahækkunar þurfa að vera raunhæfar og erfitt sé fyrir einkageirann að fylgja hinu opinbera eftir. „Uppi er vaxandi krafa um sambærileg lífeyrisréttindi fyrir atvinnulífið og hið opinbera en það mun aldrei gerast,“ sagði hann.

Samtök atvinnulífsins vilja að Ísland verði einn vinnumarkaður en ekki klofinn í almennan vinnumarkað og opinberan vinnumarkað eins og nú sé, með mismunandi réttindum.

Samtök atvinnulífsins segja alþjóðlega samkeppni kalla á aukna aðgát gagnvart kostnaðarhækkunum en hér á landi séu laun hærra hlutfall af verð-

mætasköpuninni en víðast hvar í kringum okkur.

Samtök atvinnulífsins hafa kynnt áherslur sínar og sagði Ingimundur Sigurpálsson, formaður samtakanna, að Ísland væri í úrvalsdeild. Þrátt fyrir það þurfi að skerpa á leikreglum atvinnulífsins því að mikilvægt sé að svo verði áfram.

- dh

LAUNAHÆKKANIR ÞURFA AÐ VERA RAUNHÆFAR Samtök atvinnulífsins kynna áherslur sínar.



Spár bankanna samstíga

Össur birtir þriggja mánaða uppgjör sitt í dag og eru greiningardeildir bankanna mjög samstíga í spám sínum. Þær gera ráð fyrir tæplega 3,8 milljónum dollara í hagnað.

Í fréttatilkygningu með ársuppgjöri Össurar kom fram að ekki væri búist við sterkum vexti á fyrsta ársfjórðungi og er söluþróun stuðningstækja talin draga niður heildarsöluvöxt fyrirtækisins. Bankarnir gera ráð fyrir sjö til átta prósentu veltuaukningu á fyrsta ársfjórðungi frá fyrra ári.

SPÁ UM AFKOMU ÖSSURAR

- í milljónum dollara

Íslandsbanki	3,6
KB banki	3,8
Landsbankinn	3,8

VÍS selur fyrir milljarð

VÍS seldi í gær hlutabréf í KB banka fyrir einn milljarð króna. Tryggingafélagið verður enn sem áður einn af stærstu hluthöfum bankans en félagið er fjórði stærsti eigandi KB banka á eftir Meði fjárfestingafélagi, Eglu og Arion safnreikningi. Finnur Ingólfsson, forstjóri VÍS, situr í stjórn KB banka.

Milli félaganna eru gagnkvæm eignatengsl því KB banki á tæp 30 prósent í VÍS.

- eþa



STEFNA AÐ SKRÁNINGU Á ÁRINU Magnús Þorsteinsson, stjórnarformaður Avion.

Velta í takt við væntingar

Avion Group hagnast um 2,5 milljarða.

Velta Avion Group á síðasta ári var í takt við væntingar og hagnaður félagsins var um 2,5 milljarðar króna. Heildarvelta félagsins var rúmlega milljarður dollara, sem samsvarar 69 milljónum króna.

Velta Excel Airways Group, sem Avion keypti á síðasta ári, vegur mest innan samstæðunnar. Hún var 39 milljarðar króna og hagnaður af Excel nam 1,8 milljónum króna. Hagnaður Air Atlanta var tæpur hálfur milljarður en velta félagsins var tæpir 22 milljarðar króna. Fyrirtækin sem mynda Avion Group eru Air Atlanta Icelandic, Íslandsflug og Excel Airways Group.

- dh

ÓDÝRARI TÍMARIT

Yfir 200 titlar á lægra verði

Gerðu verðsamanburð

Verð 445,-

Verð 795,-

Verð 495,-

NÝ SENDING AF TÍMARITUM

Verð 765,-

Verð 295,-

Verð 195,-

Verð 895,-

Verð 865,-

Verð 695,-

Verð 395,-

Alltaf ódýrastur!

Office 1 Superstore

Afgreiðslutímar verslana!

Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19, laugardaga 11-18, sunnudaga 13-18

Office 1 Skelvanir
Virka daga frá 10-18, laugardaga frá 11-16, sunnudaga 13-17

Office 1 Akureyri
Office 1 Egilsstöðum
Virka daga frá 10-18, laugardaga frá 11-16



Heyrst hefur

... að Valsmenn muni fá 22 ára gamlan enskan miðjumann frá Bolton í dag eða á morgun. Hann hetir Joel Pilkington og bykir vera mjög öflugur leikmaður. Valsmenn hafa fylgst með Pilkington í töluverðan tíma en hann hefur verið fyrirliði varaliðs Bolton.

sport
sport@frettabladid.is

FYRRVERANDI FRANSKI LANDSLÍÐSMAÐURINN IBRAHIM BA: SPILAR MEÐ KÁRA OG SÖLVA Í SVÍPÞÓÐ

Guðni er kóngurinn í Bolton



Eins og kannski einhverjir vita eru tveir íslenskir knattspyrnumenn á mála hjá

sænska úrvalsdeildarliðinu Djurgarden, þeir Kári Árnason og Sölvi Geir

Ottesen. Það sem færri vita er að í liðinu er einnig að finna fallna stjórnun sem allir sannir knattspyrnuáhugamann ættu að þekkja afar vel, vængmanninn Ibrahim Ba, fyrrum leikmanns Frakklands og AC Milan. Fréttablaðið náði tali af Ba í Stokk-hólmi í vikunni og spurði hann út í íslenska knattspyrnu. Ba tjáði blaðamanni að hann teldi Eið Smára Guðjohnsen einn hæfileikaríkasta leikmann ensku úrvalsdeildarinnar.

„Hann er leikmaður sem allir þekkja og óttast. Ég keppti nokkrum sinnum á móti honum og dáðist alltaf að því hvað hann gat gert með boltann,“ sagði Ba, sem lék eitt tímabil með Bolton í Englandi, árið eftir að Guðni Bergsson lagði skóna á hilla. Ba vissi þó vel hver Guðni væri.

„Það er synd að ég skuli aldrei hafa feng-

ið tækifæri til að spila með honum, því hann er einn virtasti leikmaðurinn í sögu félagsins. Það eru myndir af honum úti um allt og nafnið hans er nánast heilagt innan félagsins. Það er borin gríðarleg virðing fyrir Guðna. Liðsfélagar mínir sögðu mér sögur af honum og hversu frábær náungi hann væri. Það sama á við um stuðningsmennina, Guðni er í dýrlingatölu hjá þeim,“ sagði Ba.

Með hlíðsjón af hinum ört fallandi ferli Ba stóðst blaðamaður ekki mátið um að spyrja hann hvort hann gæti hugsað sér að spila á Íslandi eftir að dvölinni hjá Djurgarden lýkur. „Veistu, mig langar að segja að það sé aldrei að vita en ég get það ekki. Ég er 31 árs og á tvö ár eftir af samningi mínum hér í Svíþjóð. Eftir að hann rennur út held ég að það sé komið nóg af fótbolta hjá mér í bili.

> Við däumst að ...

... þeim Hörpu Melsted og Ingu Fríðu Tryggvadóttur sem í gær voru báðar að verða íslandsmeistarar í sjötta sinn. Það er erfitt að finna betri liðsmenn eða meiri sigurvegara í sögu íslenska kvannahandboltans.



> Við hrósum ...

... Guðmundi Karlssyni sem í gærkvöldi varð fyrsti þjálfarinn í sögu úrslitakeppni handboltans hér á landi til þess að stýra bæði karla og kvennaliði til Íslandsmeistarartitils. Guðmundur gerði karlalið Hauka að íslandsmeisturum 2000 og svo urðu stelpurnar meistarar í gær. Guðmundur kann greinilega sitt fag.



INGIMUNDUR INGIMUNDARSON Ólíklegt að hann leiki með ÍR á næstu leiktíð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Handboltalið ÍR:

Allir á förum?

HANDBOLTI Það bendir allt til þess að ÍR muni tefla fram mikið breyttu liði á næstu leiktíð enda eru leikmenn félagsins mjög eftirsóttir. Fyrirliði liðsins, Bjarni Fritzon, er búinn að semja við franska félagið Créteil og svo eru þrjú lykilmenn liðsins undir smásjá erlendra liða.

Danska úrvalsdeildarfélagið Ajax hefur boðið Hannesi Jóni Jónssyni og Ingimundi Ingimundarsyni samning og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun Hannes væntanlega skrifa undir sinn samning fljótlega.

Ingimundur mun aðeins biða með að skrifa undir samning við Ajax þar sem hann heldur á mánudaginn til Sviss ásamt markverðinum Ólafi Gíslasyni en þeir verða til reynslu hjá Winterthur fram á næsta fimmtudag. Félagið ku vera mjög spennat fyrir þeim félögum og er ekki ólíklegt að þeir fari frá Sviss með samningstilboð í töskunni.

- hbg

Haukakonur meistarar í 7. sinn

Haukar eru Íslandsmeistarar í handbolta kvenna í þriðja sinn á fimm árum eftir 26–23 sigur á í gær. Haukar unnu alla þrjá leiki úrslitanna og töpuðu ekki leik í úrslitakeppninni í ár.

HANDBOLTI Kvennalið Hauka tryggði sér í gær Íslandsmeistarartitilinn í sjöunda sinn í sögu félagsins eftir 26–23 sigur á ÍBV í þriðja úrslitaleik liðanna. ÍBV hafði unnið titilinn tvö undanfarin ár en í ár stóðst enginn Haukaliðinu snúninginn sem vann alla sjö leiki sína í úrslitakeppninni.

ÍBV byrjaði af krafti og allt leit úr fyrir að Eyjastúlkur ætluðu að koma í veg fyrir sigurhátíð heimastúlkna en Haukakonur tóku yfir leikinn á sjö mínútna kafla í lok fyrri hálfleiks, þær breyttu stöðunni úr 7-10 fyrir ÍBV í 14-11 fyrir Hauka. Haukar náðu mest fimm marka forskoti í seinni hálfleik en ÍBV náði hinsvegar aldrei að jafna leikinn.

Hanna Guðrún Stefánsdóttir og Harpa Melsted áttu báðar mjög góðan leik en auk þeirra skiluðu þær Kristína og Ramune Pekarskyte sínu og gott betur. Harpa varð þarna Íslandsmeistari í sjötta sinn með Haukum og Inga Fríða vann einnig sinn sjötta Íslandsmeistarartitil en þrjú af þeim vann hún með Stjörnunni á sínum tíma.

Harpa Melsted, fyrirliði Hauka

sagði liðsheildina lykilinn að sigri Hauka í einvigninu. „ÍBV er með marga frábæra einstaklinga í liðinu, en við erum með góða liðsheild, sem ég held að hafi skapað þennan sigur. Við vorum kannski dálítið hræddar að koma inn í þennan leik, vitandi það að við mættum í raun tapa tveimur leikjum, en við sýndum það bara og sönnuðum að við erum með besta liðið í dag, fyrst við vinnum 3-0,“ sagði Harpa.

„Þær eru rosalega skipulagðar, spila skynsamlega, eru með góða vörn og frábæra markvörslu. Þær unnu þetta á skynsemi og meira hungri. Þær eiga hrós skilið fyrir góða rimmu og frábæra úrslitakeppni. Það er erfitt að eiga við þær, það verður bara að viðurkennast,“ sagði Alfreð Örn Finnsson, þjálfari ÍBV eftir leikinn.

„Að vera með 7-0 vinningshlutfall í úrslitakeppninni segir alla söguna um styrk okkar liðs. Það vóg þungst í einvigninu að vinna í Eyjum og svo náðum við að klára þetta herna heima í dag. Lykillinn að þessum síðasta sigri er vörnin og hraðaupphlaupin hjá okkur,“ sagði Guðmundur Karlsson, þjálfari Hauka. baldur@frettabladid.is



BIKARINN Á LOFT Harpa Melsted og Haukastelpurnar fagna hér sjöunda meistaratitli félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

LEIKIR GÆRDAGSINS

DHL-deild kvenna

HAUKAR-ÍBV 26–23 (15-12)
Mörk Hauka: Hanna Guðrún Stefánsdóttir 9, Ramune Pekarskyte 6, Harpa Melsted 5, Ragnhildur Guðmundsdóttir 4, Anna Guðrún Halldórsdóttir 1, Inga Fríða Tryggvadóttir 1.
Varin skot: Kristína Matuzeviciute 17/3.
Mörk ÍBV: Alla Gokorin 9/2, Anastasia Patsiou 5, Tatjana Zukovska 3, Guðbjörg Guðmannsdóttir 3, Eva Björk Hlöðversdóttir 2, Darinka Stefanovic 1. **Varin skot:** Florentina Grecu 23/2.

Deildabikar karla í fótbolta

ÍA-KEFLAVÍK 2–1
Ellert Jón Björnsson (3.), Kári Steinn Reynisson, viti (88.) – Ingi Rafn Guðmundsson (56).
BREIÐABLÍK-FH 3–3 (4–2 í vítak.)
Olgeir Sigurgeirsson, viti (14.), Ellert Hreinsson (18.), Birgir Hrafn Birgisson (108.) – Tryggvi Guðmundsson 2 (viti 38., 56.), Ásgeir G. Ásgeirsson (93.). **Breiðablik** nýtti allar 4 vítaspurnar sínar en Hjörvar Hafliðason varð tvær frá FH og tryggði Blikum sæti í undanúrslitum.

Frægasti ís í heimi er loksins kominn til Íslands

Häagen-Dazs

Strawberries & Cream

Baileys

Dulce de Leche

Vanilla

Macadamia Nut Brittle

Cookies & Cream

Góður ís sem gællir við tunguna!

emmessis

ARGUS / 05-0230

Jón Arnór Evrópumeistari

Rússeska liðið Dynamo St. Petersburg vann alla 20 leiki sína í Evrópudeildinni og vann úrslitaleikinn gegn BC Kyiv með 11 stigum í Istanbul í gær, 85-74.

KÖRFUBOLTI Jón Arnór Stefánsson varð í gær fyrstur íslenskra körfuknattleiksmanna til að verða Evrópumeistari þegar hann ásamt félagum sínum í rússneska liðinu Dynamo St. Petersburg vann úkraínska liðið BC Kyiv í úrslitaleik Evrópudeildar FIBA, 85-74. Jón Arnór lék í 29 mínútur í leiknum og skoraði 9 stig, þar af komu sjö þeirra í fyrri hálfleik. Jón Arnór og liðsmenn Dynamo töpuðu ekki leik í allri keppninni en sigurinn í Istanbul í gær var númer tuttugu á tímabilinu.



JÓN ARNÓR FAGNAR Jón Arnór Stefánsson fagnar ásamt félagum sínum þegar Ed Cota lyftir bikarnum ásamt félagum sínum í Dynamo St. Petersburg. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leikmenn Dynamo byrjuðu leikinn ekki vel og voru tíu stigum undir eftir fyrsta leikhlotu, 18-28, en tóku sig heldur betur á, unnu annan leikhlotann 23-5 og náðu átta stiga forskoti, 41-33, fyrir hlé. Dynamo hélt síðan velli í seinni hálfleik, leikmenn Kiev náðu að minnka muninn í sjö stig en nær komust þeir ekki og Dynamo vann að lokum með 11 stiga mun.

Jón Arnór hefur oft leikið betur í sókninni í vetur en í gær en hann var þó margt að taka af skarið og þrátt fyrir að aðeins 3 af 12 skotum hans hafi farið rétta leið þá voru félagar hans í liðinu

hvað eftir annað að fylgja þeim eftir og skora ódýrar körfur eftir sóknarfráköst. Jón Arnór lék alls í 29 mínútur í leiknum.

Jón Arnóri hefur átt frábært tímabil með Dynamo St. Petersburg þótt að hann hafi ekki verið mikið í sviðsljósinu í leiknum í gær. Bandaríkjamadurinn Kelly

McCarthy var bestur í liði Dynamo en hann skoraði 24 stig og tók 7 fráköst. Ed Cota sýndi líka styrk sinn í lokin og skoraði fimm af 15 stigum sínum á lokamínútum leiksins, en þessi snjalli leikstjórnandi tók einnig 8 fráköst, gaf 6 stoðsendingar og stal 5 boltum. oo@frettabladid.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

26 27 28 **29** 30 1 2

Föstudagur

LEIKIR

- 19.00 Fylkir og Víðir/Höttur mætast í Egilshöll í C-deild deildarbikars kvenna.
- 20.15 Fjölnir og Fjarðarbyggð mætast í Boganum í úrslitum B-deildar deildarbikars karla í fótbolta.
- 21.00 ÍR og Haukar mætast í Egilshöll í C-deild deildarbikars kvenna í fótbolta.

SJÓNVARP

- 16.45 Þú ert í beinni! á Sýn.
- 17.45 Ólissport á Sýn.
- 18.00 Upphitun á Skjá einum. Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
- 19.00 Motorworld á Sýn.
- 19.30 Meistaradeildin í fótbolta á Sýn. Fréttabáttur um meistardeildina í fótbolta.
- 20.00 World Supercross á Sýn.
- 21.00 World Series of Poker á Sýn.
- 00.15 K-1 á Sýn.

HELOSAN
RAKAKREM
fyrir alla fjölskylduna

EINN TVEIR OG ÞRÍR 360.000

Mýkjandi og rakagefandi

HYUNDAI
hefur gæðin

Bíll ársins

» Hyundai Tucson
Verð frá kr. 2.320.000

Hyundai Tucson CRDi-Diesel, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.680.000
Bílasamningur kr. 35.900 á mánuði.
m.v. 10% útborgun. Við staðgreiðum þann gamla*.

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Með bílinn handa þér

*Bíll á myndi: Hyundai Tucson 2.0 dísel, 18" álfegur, samifur, krómsísi og vindkljófasett.
*Mánaðargreittur miðast við bílsamning Lýsingar til 84 mánaða og 100.000 km. Greittum út þann gamla 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins.

Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílars Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanesbæ sími 421 4444
Bifreiðaverkstæðið Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bílaleiga Húsavíkur sími 464 1888

Í sumarskapi

Nýr og spennandi
sumarfatnaður.
Flíspeysur, skóbuxur,
úlpur, jakkar o.fl.



Vinsælu Emotion flíspeysur frá Sonnenreiter í fjörum litum



Dakoda skóbuxur svartar og tvílitar.

Alaska úlpur og flíspeysur

OPIÐ ALLA VÍKA DAGA 9-19
Á LAUGARDÖGUM FRÁ 10-16 OG SUNNUDÖGUM 13-15
Lýnghálsi 4 • 110 R. S. 567 3300 • www.hestarogmenn.is

Kjartan bað mig afsökunar

Heimir Ríkarðsson, fyrrum þjálfari Fram, sefur sáttur eftir að formaður handknattleiksdeildar Fram, Kjartan Ragnarsson, bað hann afsökunar á að hafa sagt að Heimir væri að búa til kjaftasögur.

HANDBOLTI Málavextir eru þeir að þegar Heimir var rekinn frá Fram sagði hann eina ástæðuna fyrir brottrekstrinum vera þá að stjórn handknattleiksdeildar hefði fengið mjög freistandi tilboð sem hún átti erfitt með að hafna.

„Kjartan formaður hringdi í mig daginn fyrir fyrsta leikinn gegn ÍBV í úrslitakeppninni og lét mig vita af því að þeir hefðu fengið tilboð frá manni sem væri tilbúinn að greiða þjálfaralaun félagsins gegn því að sá maður væri Guðmundur Guðmundsson,“ sagði Heimir við Fréttablaðið 21. apríl síðastliðinn og bætti við að þessi maður væri Tryggvi Tryggvason, fyrrum gjaldkeri handknattleiksdeildar og góðvinur Guðmundar.

Fréttablaðið bar þessar fullyrðingar Heimis undir Kjartan sama dag, og hann svaraði svona: „Ég hef heyrt af þessu en þetta er bara kjaftasaga sem á sér enga stoð í raunveruleikanum. Við greiðum Guðmundi laun“.

Þessi ummæli Kjartans fóru



KJARTAN RAGNARSSON Formaður handknattleiksdeildar Fram bað manninn sem hann rak úr starfi þjálfara afsökunar í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR



HEIMIR RÍKARÐSSON Var ósáttur við að Kjartan Ragnarsson hefði sagt að ummæli hans væru kjaftasaga. Hann uppskar afsökunarbeiðni frá Kjartani í gær. Hann segist vera sáttur við endalok málsins. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

ekki vel í Heimi því formaðurinn segir að með þessu sé Heimir að búa til kjaftasögur og þar með að ljúga. Heimir fór í kjölfarið fram á það við Kjartan að hann bæðist afsökunar á þessum ummælum og það gerði Kjartan loksins í gær.

„Hann bað mig afsökunar á ummælum sínum bæði munnlega og skriflega,“ sagði Heimir við Fréttablaðið. „Ég er mjög ánægður með að hann skuli gera þetta og sé maður til þess að biðjast afsökunar. Ég sætti mig ekki við að því væri haldið fram að ég væri að búa til kjaftasögur því ég var ekki að gera það. Ég stend fyllilega við

það sem ég sagði og að hann skuli biðja mig afsökunar undirstrikar að ég sagði satt frá.“

Það var ekki bara Heimir sem var ósáttur við þessi ummæli Kjartans heldur urðu leikmenn og yngri flokka þjálfarar félagsins reiðir og þeir sendu frá sér yfirlýsingu þar sem meðal annars segir: „Við undirritaðir lýsum yfir óánægju okkar með aðgerðir stjórnar Handknattleiksdeildar Fram í tengslum við uppsögn á samningi Heimis Ríkarðssonar og atburði liðinna daga. Stjórnin hefur ekki komið hreint fram í samskiptum við hlutaðeigandi aðila né

KA enn þjálfaralaust:

Heimir hafnaði KA

HANDBOLTI Það ætlar ekki að ganga þrautalaust fyrir handknattleiksdeild KA að finna nýjan þjálfara í stað Jóhannesar Bjarnasonar sem sagði starfinu lausu þegar KA lauk keppni á Íslandsmótinu í ár. Þeir ræddu fyrst við Atla Hilmarsson sem gaf starfið strax frá sér og svo hafnaði Heimir Ríkarðsson, fyrrum þjálfari Fram, KAMönnum í gær.

„Þetta er mjög spennandi félag og ég ber mikla virðingu fyrir því starfi sem unnið er á Akureyri. Ástæðan fyrir því að ég hafna þeim er sú að ég er ekki tilbúinn að hlaupa frá vinnunni minni og svo er ég að byggja o.s.frv. Þetta gengur því ekki upp eins og staðan er í dag,“ sagði Heimir við Fréttablaðið í gær. Heimir hefur einnig átt í viðræðum við Gróttu/KR og bíða Seltirningar enn eftir svari frá Heimi.

- hbg

fjölmiðla.“ Leikmenn sættust nokkrum dögum síðar við stjórnina þótt engin afsökunarbeiðni hafi komið frá stjórninni.

Fréttablaðið hefur ítrekað reynt að ná sambandi við Kjartan síðustu daga án árangurs.

henry@frettabladid.is



Wonderland
MADRASSEN

VELDU BESTA RÚMIÐ

Sérfræðingur frá
Wonderland, leiðbeinir
fólki í vali á réttu dýnunni
í Epal í dag og á morgun.



epal

Skeifunni 6 / Sími 568 7733
Fax 568 7740 / epal@epal.is
www.epal.is



NÝTT Á ÍSLANDI

allt að
50%
ódyrari


Öll helstu merkin í verkfærum.
Ótrúlegt úrval af BMF festingum,
boltum, skúfum og saum.
Sjón er sögu ríkari.

*Súperbygg, þar sem þú færð
meira fyrir minna.*



15.600 kr.

GASHITIARI
13kw
hæð 220cm



690 kr. pr.stk

HRÍFA,
BEÐAKLÓRA
BEÐASKAFA



9.890 kr.

HEKKKLIPPA
BLACK & DECKER
18V 1,5AH 510MM



3.900 kr.

RENGGALLASETT
LUXUS STÆRÐIR
S,M,L,XL,XXL



2.190 kr.

SKÓFLA OG
STRÁKÚSTUR
Í SETTI



1.090 kr

GREINA-
KLIPPUSETT



1.390 kr. pr.stk

STUNGUSKÓFLA
GAFFALL



verð frá 290 kr.

LAUFAHRÍFUR



390 kr. pr.stk

PLÖNTUSKÓFLUR
GAFFALL OG KLÓRA
FISKARS



790 kr.

GREINAKLIPPUR



1 9.999 kr.

BÍLSKÚRS-
HURÐAOPNARI
MOTORLIFT 4000



1.190 kr.

ÚTI VEGGLJÓS
HVÍTT / SVART



12.990 kr.

DEWALT BORVÉL
12 VOLT
2 RAFHLÖÐUR



14.900 kr

LOFTPRESSA 2hk
24 LÍTRA



1.550 kr.

BÓNVÉL



5.990 kr.

POWER CRAFT
BÚTSÖG



38.900 kr.

DEWALT 988 K2
18 VOLT M/HÖGGI
2 RAFHLÖÐUR



4.990 kr.

HJÓLSÖG 185
M/LEISER

Opið mán-fös 8-18 og lau 9-15

Bæjarhaun 8 Hafnarfjörður
Sími: 414-6080

SÚPERBYGG
- meira fyrir minna





BT í barna-skapi



Eintak á 199kr?

Sendu SMS skeytið

BTL BTF
á númerið
1900
og þú gætir unnið.



Taktu þátt
þú gætir unnið:

Yo Gi Oh á DVD
Tímon og Pumba Umhverfis jörðina á DVD
Tímon og Pumba Á feralagi á DVD
Tímon og Pumba Út að borða á DVD
Incredibles á DVD
Shark tale á DVD
Aðrar DVD myndir
Kippur af Coke
Og margt fleira.



11. hver vinnur.



Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb, 199 kr/skeytið



STUÐ MILLI STRÍÐA : Afsakið – hlé

SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR FÍLAR EKKI HLÉ Í BIÓ



Kannist þið við eftirfarandi aðstæður: Þið sitjið í bíói, myndin er mjög góð, poppið er búið, spennan er í hámarki. Og ljósin kvikna í salnum, það er komið hlé. Eitt mest óþolandi fyrirbæri í íslensku menningarlífi fyrr og síðar. Einhver fékk þessa leiðindahugmynd fyrir margt löngu að klippa myndir í tvennt. Er þá sjaldnast hugsað um hvar hléið lendir í myndinni en oftar en ekki

kemur það á versta stað.

Ég hef lengi verið mikill andstæðingur þessa fyrirbæris og þess vegna hef ég ætíð glaðst mjög þegar ég hef sótt kvikmyndahátíðir hér á landi en sýningar á þeim hafa iðulega verið án hlés.

Ég varð þess vegna afar sár yfir því að sá síður skyldi ekki hafa verið í heiðri hafður á kvikmyndahátíðinni sem staðið hefur yfir undanfarið. Ég hafði hugsað mér gott til glóðarinnar að geta notið bíómyndanna í heilu lagi, án þess að hlé truflaði framgang þeirra. En ekki varð mér að þeirri ósk minni.

Þessi síður hefur löngum verið studdur poppkornsrökum og

því haldið fram að sælgætissala í hléi skipti sköpum í rekstri bíóhúsa. Ég neita að trúa þessu. Nógu dýrt er í bíó hér á landi. Mér finnst þetta einfaldlega mjög plebbalegur síður sem ætti að leggjast af.

Hef samt grun um að eigendur kvikmyndahúsanna fari ekki að þessum tilmælum mínum en bendi hér með á málaáhrifunartilögu: Að hætta með hlé á virkum dögum – en halda þeim um helgar.

Þeir sem sækjast eftir miklu poppkorns- og sælgætisáti gætu þannig valið að fara í bíó um helgar. Við hin gætum horft á myndir án hlés á virkum dögum. Og allir væru ánægðir. ■

myndasögur

■ PONDUS

Eftir Frode Överli



■ GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ PÚ OG PA

Eftir SÖB



■ KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



■ BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



■ TÖLVULEIKIR

Connery í tölvuleik

Leikarinn Sir Sean Connery ljáir James Bond rödd sína í nýjum tölvuleik, *From Russia with Love*, sem er byggður á samnefndri kvikmynd frá árinu 1963 með Connery í aðalhlutverki. Þetta er í fyrsta sinn sem þessi virti leikari kemur fram í tölvuleik.

Leikurinn verður gefinn út í haust fyrir PlayStation 2, Xbox og Nintendo GameCube. Mun hann byggja á hinna sígildu Bond-mynd en þó mun hann taka einhverjar nýjar stefnur.

„Fyrir leikara er þetta ný og spennandi leið til að fá útrás fyrir sköpunargleðina,“ sagði Connery. „Leikir eru gríðarlega vinsælt afþreyingarefni og ég er mjög ánægður með að fá tækifæri til að taka þátt í þessu verkefni.“ ■



JAMES BOND Leikarinn vinsæli ljáir James Bond rödd sína í nýjum tölvuleik.

■ FÓLK

Beckham er hamingju-samlega giftur

Það þóttu óneitanlega mikil tíðindi þegar sögur bárust af því að David Beckham, fyrirliði enska landsliðsins og leikmaður Real Madrid, hefði haldið framhjá konu sinni Victoriu Beckham með barnfóstrunni Rebecca Loos. Hafði hjónabandið þangað til verið álitid eitt það traustasta meðal fræga fólksins og engum duldist að þar var sönn ást. Lægðust öldurnar töluvert og Rebecca Loos hvarf af sjónarsviðinu. Adam var þó ekki lengi í paradís því slúður-blöðin héldu áfram að grafa ofan í kvennamál fyrirliðans og birtu fljótlega fréttir af því að Beckham ætti í tygjum við aðra unga snót, Söruh Marbeck.

Ekki bætir úr skák að nýja fóstran, Abbie Gibson, hefur nú tjáð fjölmiðlum að hjónabandið hangi á bláþræði. Þessi ummæli hennar hafa orðið til þess að Beckham lýsti því yfir í viðtali að

frásögn Gibson væri lygi. „Þetta er ótrúlegt, alveg ótrúlegt,“ lét Beckham hafa eftir sér. „Þú býður einhverjum inn á heimili til þín til þess að líta eftir börnunum og það eina sem þú getur gert er að treysta manneskjunni,“ sagði hann vonsvikinn og bætti því við að hann og Victoria væru í mjög eðlilegu hjónabandi þar sem upp kæmu ósættir en þá væru vandamálin leyst, rétt eins og í öðrum hjónaböndum.

Í viðtalinu sagðist Beckham enn fremur vera alinn upp við að koma fram við konur af virðingu og vera góður við þær. „Ef ég gerði eitthvað rangt myndi mamma hringja í mig og hundskamma mig,“ sagði hann. Beckham-hjónin reyndu að fá lögbann á birtingu frásagnar Gibson í blaðinu *News of the World* en því var hafnað. Dómarinn sagði frásögnina vera í þágu almennings.



DAVID OG VICTORIA

frá föstudegi til miðvikudags

VORÚTSALA

Allt að 50% afsláttur
Hreinsum út fyrir nýjum vörum!

Sem dæmi:
Flís windstopper með rennilás undir ermum
Stærðir: S til XXL, 3 litir

Tilboð
3.995

Sem dæmi:
Mikið úrval af gönguskóm með Goretex
Stærðir: 36 til 48
Verð áður: 14.995 kr.

Tilboð
9.995

Gönguskór
Flísfatnaður
Jakkar og fleira

Nýjar vörur streyma inn

Nýja SKÁTABUÐIN
- FERÐAVERSLUN -
Faxafeni 8 • 108 Reykjavík • sími 534 2727

Opið alla helgina
Laugardag 10-16
Sunnudag 13-16



heima



leðurstóll: 79.800



leðurstóll: 29.900



leðurstóll: 68.800



leðurstóll: 13.700

Grafíska smíðjan ehf. 04-05

heima

mán - fös 10.00 - 18.00
laugard 11.00 - 16.00

húsgagnaverslun • ármúli 23
108 reykjavík • 568 4242

Fimm gámar af Dieter Roth

Í gær var mikið um að vera bæði í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu og Listasafni Íslands þegar fimm gámar fullir af listaverkum eftir Dieters Roth voru tæmdir.

Í gámunum voru eitthvað um þrjú hundruð verk sem verða á yfirlitssýningu á verkum Dieters Roth. Sýningin er stærsta verkefni Listahátíðar í ár og verður hún í báðum þessum stærstu söfnum borgarinnar og að auki í sýningarsal í húsi Orkuveitu Reykjavíkur.

„Þessi verk eru bæði mjög stórar innsetningar og líka grafíkverk. Þetta verður stærsta sýning sem við höfum haft hérna í Listasafni Reykjavíkur og ég hugsa að sama megi segja um Listasafn Íslands,“ segir Soffía Karlsdóttir, kynningarstjóri Listasafns Reykjavíkur.

Björn Roth, sonur Dieters og sýningarstjóri þessarar miklu sýningar, sá um að pakka öllum verkunum niður ytra og hann var líka mættur í gær til að hjálpa við að taka verkin upp úr kössunum og raða þeim niður í sýningarsölunum.



EKKI MISSA AF...

... sýningu leiklistardeildar Listaháskólans og leikara hjá Leikfélagi Reykjavíkur á **Draumleik** eftir August Strindberg, sem sýndur er í Borgarleikhúsinu. Nokkrar aukasýningar verða í maí.

... sýningum á **Edith Piaf**, leikriti Sigurðar Pálssonar í Þjóðleikhúsinu með Brynhildi Guðjónsdóttur í hlutverki söngfluglsins franska.

... sýningum á verki **Hávass Sigurjónssonar, Grjótharðir**, sem nú er sýnt í Þjóðleikhúsinu.

menning

menning@frettabladid.is

Leikur að ljósi og speglum

Frá árinu 2002 hefur verið starfrækt á Akureyri ævintýraleikhús barna, sem í dag ætlar að halda upp á vorið með sýningu í Ketilhúsinu þar sem fram koma fjöllista- og spunahópur, balletthópar og danshópur kvenna.

„Án þess að vilja stæra mig neitt þá er þetta barnastarf hérna mjög sérstakt fyrirbæri,“ segir Arna Valsdóttir, sem stofnaði Ævintýraleikhúsið ásamt Önnu Richardsdóttur árið 2002.

„Þetta er í rauninni fjöllista- hópur. Við erum að vinna gjörninga hér með krökkunum og þau eru mörg orðin mjög hjálfuld í þessu. Við vinnum með ljós og skugga, spegla og hljóð, og semjum lítil hljóðverk. Svo erum við að færa út kvíarnar og

rekum balletthóp undir sama hatti.“

Fram kemur fjöllista- og spunahópur og verður með sýninguna „Hver er ég?“ Sýningin er sköpuð í samvinnu barnanna og leiðbeinandanna, þeirra Önnu og Örnú ásamt Lindu Guðrúnardóttur tónlistarmanns og Adalheiði S. Eysteinsdóttur myndlistarmanns, sem einnig eru foreldrar barna í hópnum.

Balletthópar koma fram undir stjórn Katrínar M. Þorbjörnsdóttur, en hún hefur kennt ballett á Akureyri undir hatti Ævintýradansleikhúss barna frá haustinu 2004.

Loks kemur fram danshópur kvenna undir stjórn Allýjar Aldísar Lárusdóttur, en yngsti dansarinn er aðeins fimm ára en



Í ÆVINTÝRALEIKHÚSINU Bömin í Ævintýraleikhúsi barna á Akureyri verða með tvær sýningar í dag til að halda upp á vorið.

sá elsti 82 ára. Sýningarnar í Ketilhúsinu verða tvær. Sú fyrri hefst klukkan 16 en sú síðari klukkan 18. ■



VOLPINO OG APÓTEKARINN Báðir vilja þeir eignast hina ungu og auðugu Grillettú í gamanóperunni Apótekanum, sem frumsýnd verður í Íslensku óperunni í kvöld.

Misskilningur og fjaðrafok

Í kvöld verður frumsýnd í Íslensku óperunni gamanóperan Apótekarinn eftir Haydn. Flytjendur eru nemendur í tónlistarskólum á Reykjavíkursvæðinu, og eru þeir allir þátttakendur í Óperustúdíói Íslensku óperunnar og Listaháskóla Íslands.

„Hún er ekki sérlega þekkt þessi ópera, og það eru nokkrar ástæður fyrir því,“ segir Ingólfur Niels Árnason, sem leikstýrir. Helsta ástæðan er sú að hluta af tónlistinni við þriðja þátt óperunnar vantar, en óperan er samin við leikrit eftir ítalskt leikritaskáld sem var mjög frægt á þessum tíma.

„En þótt óperan sé ekki þekkt þá er tónlistin ákaflega falleg og sagan er mjög skemmtileg.“

Söguþráðurinn er reyndar býsna dæmigerð ástarflækja eins og gjarnan tíðkast í gamanóperum.

„Hún fjallar um apótekara sem er þreyttur á að vera apótekari. Hann er með stúlku hjá sér og er forráðamaður hennar, en henni fylgir gifurlegur heimanmundur þannig að hann sér sér leik á borði og ætlar að giftast henni sjálfur og fá heimanmundinn.“

Apótekarinn hefur fengið þjón sinn, ungan strák, til þess að taka við apótekinu fyrir sig.

„Sá strákur er varla læs og vart hæfur til að taka við apótekinu, en ástir hafa myndast á milli hans og stúlkunnar. Til þess að flækja málin enn meira mætir á sviðið annar strákur, sem er af hefðarættum og ætlar sér að giftast þessari stúlku.“

Með helstu hlutverk fara Þorvaldur Þorvaldsson, sem leikur apótekarann Sempronio, Jóna Fanney Svavarsdóttir og Ólafía Línberg Jensdóttir, sem skipta með sér hlutverki Grillettú, Guðbjörg Sandholt og Sólveig Samúelsdóttir sem skipta með sér hlutverki Volpino og Erlendur Erlendsson syngur hlutverk Mengone. Þá eru fimm stúlkur í kór og hljómsveitina skipa sautján hljóðfæraleikarar. Hljómsveitarstjóri er Kurt Kopecki, tónlistarstjóri Íslensku óperunnar.

Alls verða fimm sýningar á þessari óperu Haydn. Aðgangur er ókeypis, þannig að þetta er kjörið tækifæri fyrir alla sem vilja prófa að bregða sér í óperuna í fyrsta sinn að láta nú verða af því. ■

NÝJAR BÆKUR

Hjá Máli og menningu eru komnar út í kilju



tvær af vinsælustu skáldsögum síðustu jólavertíðar, **Bítlaávarpið** eftir Einar M. Guðmundson og **Svartur á leik** eftir Stefán Mána. Báðar bækurnar vöktu mikla athygli um jólin; voru ýmist margprentaðar eða seldust upp.

Hjá Vöku-Helga-felli er komin út **Leynardómur smaragðsaugans** eftir Geronimo Stilton. Sigríður Halldórsdóttir þýddi.



Hjá Máli og menningu er komin út **Gáruð vötn** eftir Kerstin Ekman í þýðingu Höllu Sverrisdóttur. Kerstin Ekman er einn dádasti og vinsælasti höfundur Norðurlanda.

CONCERT KYNIR Í SAMVINNU VIÐ ET CONCERT PROMOTIONS

RÁS VÍKING

6 Dagar í SHADOWS

THE SHADOWS

HANK MARVIN BRUCE WELCH BRIAN BENNETT

THE FINAL TOUR

KAPLAKRIKI

5. MAÍ

ALLRA SÍÐUSTA TÆKIFÆRI
AÐ SJÁ MEISTARNA!
ÖRFÁIR MIÐAR LAUSIR

MIÐSALA VIÐ
INNGANGINN

20% afsláttur af öllum viðburðum Concert of greitt er með MasterCard

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagstíki Concert á vef Tilboðsklúbbs MasterCard, www.kreditkort.is/tilboðsklubbur

Fremst í röðina með Concert og Mastercard

FRÁ FRAMLEIÐENDUM PIRATES OF THE CARIBBEAN
EITT STÓRKOSTLEGASTA ÆVINTÝRI
SEM SAGAN HEFUR AFHJÚPAÐ



KOMIN ÚT Á DVD!

FRÁBÆRT AUKAEFNI!

- FJARSJÓÐSLEIT • ÚTKLIPPT ATRIÐI
- Á TÖKUSTAÐ NATIONAL TREASURE
- TEIKNAD UPPHAFSATRIÐI • BREYTTUR ENDIR



Apótekarinn eftir Haydn

Óperustúdíó Íslensku óperunnar og Listaháskóla Íslands

29. apríl kl. 20 - Frumsýning
1. maí kl. 20 - 2. sýn - 3. maí kl. 20 - 3. sýn
8. maí kl. 20 - 4. sýn - 10. maí kl. 20 - 5. sýn - Lokasýning

Ath. Aðgangur ókeypis

DVD sýning Vínafélags Íslensku óperunnar

Otello eftir Verdi
Laugardaginn 30. apríl kl. 14.00-17.30. Sýningin er á hlíðarsvölum Íslensku óperunnar (gengið er inn um aðalinngang).
Allir velkomnir - Aðgangur ókeypis

www.opera.is | opera@opera.is

Sími: 511 4200

ÍSLENSKA ÓPERAN

Íslenska óperan | V/Inqúlfstræti | Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík | Sími: 511 6400



KODDAMAÐURINN ÖRFÁ SÆTI LAUS Í KVÖLD!

■ Stóra sviðið kl. 20.00

DINAMÍT - Birgir Sigurðsson

2. sýn. í kvöld fös. 29/4 örfá sæti laus, 3. sýn. sun. 1/5 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 5/5 örfá sæti laus, 5. sýn. fös. 6/5 örfá sæti laus, 6. sýn. mið. 11/5 örfá sæti laus.

EDITH PIAF - Sigurður Pálsson

Lau. 30/4 uppselt, lau. 7/5 uppselt, fim. 12/5 uppselt, fös. 13/5 uppselt, fös. 20/5 nokkur sæti laus, sun. 22/5 nokkur sæti laus.

Sýningum fer fækkandi í vor.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR - Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.

Sun. 1/5 kl. 14:00 örfá sæti laus, mán 2/5. kl. 13:00 uppselt, sun. 8/5 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 22/5 kl. 14:00 uppselt, lau. 28/5 kl. 14:00 nokkur sæti laus.

MÝRARLJÓŠ - Marina Carr

Sun. 8/5 örfá sæti laus. Síðasta sýning!

■ Smíðaverkstæðið kl. 20.00

GRJÓTHARÐIR - Hávar Sigurjónsson

Í kvöld fös. 29/4 nokkur sæti laus, sun. 1/5. Aðeins þessar tvær sýningar eftir. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

■ Litla sviðið kl. 20.00

KODDAMAÐURINN - Martin McDonagh

Í kvöld fös. 29/4 örfá sæti laus, sun. 1/5 nokkur sæti laus, fim. 5/5 uppselt, fös. 6/5 örfá sæti laus, mið. 11/5 nokkur sæti laus, lau. 28/5 uppselt.

Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!
Sýningin hentar ekki viðkvæmu fólki og börnum.

Miðasölusími: 551 1200 Netfang: midasala@leikhusid.is Vefang: www.leikhusid.is
Opil kl. 12:30-18:00 mán.-þri. Aðra daga kl. 12:30-20:00. Simapantanir frá kl. 10:00 virka daga.
Þjóðleikhúsið sími 551-1200

Avaxtakarfan
I AUSTURBÆ

Selma
Eva Appelsína

Ef spegillinn gæti talað
þá myndi hann segja við mig
að ég væri fegurst
flottust og finust.
Það myndi hann
segja við mig.

SPARISJÓÐURINN

Miðasala í Austurbæ opin
alla daga frá kl. 14 til kl. 18
pantanir í síma 551 4700
www.avaxtakarfan.is

Sunnudagur 1. Maí kl: 13:30
Sunnudagur 1. Maí kl: 16:30
www.midi.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVID

DRAUMLEIKUR
e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.
Fö 6/5 kl 20
Fö 20/5 kl 20
Fö 27/5 kl 20
Síðustu sýningar

HÍBÝLI VINDANNA
leikgerð Bjarna Jónssonar eftir
Vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar
Lau 30/4 kl 20, Su 8/5 kl 20, Fö 13/5 kl 20
Su 22/5 kl 20, Fi 26/5 kl 20
- Síðustu sýningar

HÉRI HÉRASON
e. Coline Serreau
Fö 29/4 kl 20, Lau 7/5 kl 20, Lau 21/5 kl 20
- Síðustu sýningar

KALLI Á ÞAKINU
e. Astrid Lindgren
Í samstarfi við Á þakinu
Su 1/5 kl 14 - UPPSELT
Su 1/5 kl 17 - UPPSELT, Fi 5/5 kl 14,
Lau 7/5 kl 14, Su 8/5 kl 14, Lau 14/5 kl 14

Börn 12 ára og yngri fá fritt í
Borgarleikhúsið í fylgd
fullorðinna
- gildir ekki á barnasýningar

NÝJA SVID/LITLA SVID/ÞRIÐJA HÆÐIN

TERRORISMI
e. Presnyakov bræður
Fi 5/5 kl 20, Fi 12/5 kl 20.

ALVEG BRILLJANT SKILNABUR
Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.
Í kvöld kl 20 - UPPS., Lau 30/4 kl 20
Su 1/5 kl 20 - UPPS., Mi 4/5 kl 20 - UPPS.,
Fi 5/5 kl 20 - UPPS., Fö 6/5 kl 20 - UPPS.,
Lau 7/6 kl 20 - UPPS., Su 8/5 kl 20 - UPPS.,
Fi 12/5 kl 20 - UPPS., Fö 13/5 kl 20

SVIK
eftir Harold Pinter
Samstarf: Á SENUNNI, SÖGN ehf. og LA
Fi 12/5 kl 20 - Aukasýning

RÍÐIÐ INN Í SÓLARLAGIÐ
e. Önnu Reynolds.
Í samstarfi við leikhópinn KLÁUS.
Lau 30/4 kl 20, Fö 6/5 kl 20, Lau 7/5 kl 20

DANSLEIKHÚSIÐ

AUGNABLIKIÐ FANGAÐ
fjögur tímabundin dansverk
Su 1/5 kl 19:09 Síðasta sýning

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is • Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudaga

KVENNAKÓRAR



FJÓRAR AF FJÖGUR HUNDRUÐ Þær Ragna J. Helgadóttir, Margrét Þórðardóttir, Anna B. Brandsdóttir og Sigrún Óskarsdóttir hafa undanfarið verið að skipuleggja fjögur hundruð kvenna kóramót sem haldið verður í Hafnarfirði nú um helgina.

Konur streyma til Hafnarfjarðar

Síðdegis í dag leggja meira en fjögur hundruð konur leið sína til Hafnarfjarðar þar sem þær taka þátt í sjötta landsmóti íslenskra kvennakóra núna um helgina.

„Þetta mót er haldið á þriggja ára fresti. Síðast var það Kvennakór Suðurnesja sem hélt þetta mót, en það hefur aldrei verið fjölmennara en núna,“ segir Sigrún Óskarsdóttir, sem hefur unnið baki brotnu undanfarið við að undirbúa þetta glæsilega mót ásamt nokkrum kórfélögum sínum í Kvennakór Hafnarfjarðar.

„Það er Kvennakór Hafnarfjarðar sem heldur mótið í ár. Það eru til kvennakórar úti um allt land, á stöðum eins og Bolungarvík, Hólmavík, Siglufirði, Horna-

firði og Selfossi. Alls staðar. Svo kemur Íslenski kvennakórinn í Kaupmannahöfn líka á mótið og verður með okkur.“

Sérstakir gestir mótsins verða Björgvin Þ. Valdimarsson tónskáld, Edit Molnár, kórstjórnandi og organisti, Elín Ósk Óskarsdóttir, söngkona og kórstjóri, Gabriella Thész kórstjórnandi frá Ungverjalandi og Óskar Einarsson, tónlistarmaður og kórstjórnandi.

„Þetta byrjar allt saman með skráningu og afhendingu móts-gagna, en svo verður farið í óvissuferð á átta rútum og í framhaldi af því verður mótið formlega sett. Á laugardagskvöldinu verður hátíðarkvöldverður, með

skemmtiatriðum og balli. Svo verða tvennir tónleikar.“

Fyrri tónleikarnir verða á morgun klukkan 16 í Víðistaðakirkju þar sem kórnir syngja hver fyrir sig. Seinni tónleikarnir verða haldnir á sunnudaginn í Íþróttahúsinu við Strandgötu þar sem kórnir syngja allir saman fjögur lög auk þess sem fyrrnefndir fjórir hópar láta ljós sitt skína. Báðir tónleikarnir standa óllum opnir og er aðgangur ókeypis.

„Á tónleikum í Víðistaðakirkju ætla Kvennakór Hafnarfjarðar að frumflytja afmælislag sem Hildigunnur Rúnarsdóttir samdi fyrir okkur í tilefni þess að kórinn varð tíu ára á þriðjudaginn.“ ■



Prestir á vortónleikum með Erni Árnasyni

Karلاكórinn Prestir í Hafnarfirði heldur vortónleika laugardaginn 30. apríl kl. 16.00 í Neskirkju.

Einsöngvari með kórnum er Örn Árnason

Söngstjóri Jón Kristinn Cortez og undirleikari Jónas Þórir.

Á efnisskrá er fjölbreytt úrval laga eftir innlenda og erlenda höfunda.

GERÐUBERG

Sendu mér sólskin..
Menningardagar í Félagsstarfinu
29. apríl - 6. maí
Fjölbreytt dagskrá



Í Boganum:
Lóa Guðjónsdóttir opnar sýningu á vatnslita- og olíumyndum kl. 16 í dag!



Stefnumót við safnara II
Velkomin á opnun sýningarinnar laugardaginn 30. apríl kl. 15

Reykjavíkurborg Umhverfissvið
SORPA
REYKJAVÍKUR AKADEMIAN

www.gerduberg.is

birta
» BETRI SJÓNVARPSDAGSKRÁ UM HELGAR

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

26 27 28 **29** 30 1 2

Föstudagur

TÓNLEIKAR

- 17.00 Hljómsveitin **Benny Crespo's Gang** sprellar í Smekkleysu Plötubúð, Laugavegi 59.
- 23.00 Á Grand Rokk verða tónleikar með **The Fucking Champs** ásamt **Changer** og **Dáðadrenjunum**.

SKEMMTANIR

- 22.00 Trúbarnir **Böddi** og **Danni** leika af fingrum fram í Hressingarskálunum.
- Hljómsveit **Stefáns P.** leikur fyrir dansi í Ránni, Keflavík.
- Hljómsveitin **Bermuda** verður í stuði í Sjallanum á Ísafirði.
- Atli skemmtanalögga** og **Áki Pain** verða í búrunum á Pravda.
- Einar Örn** trúbador verður á litla sviði Gauksins á neðri hæð og **DJ Maggi** með syngjandi sveiflu á efri hæð.

SÝNINGAR

- 16.00 **Ævintýradansleikhús barna** heldur upp á vorið með sýningu í Ketilhúsinu á Akureyri á alþjóðlegum degi dansins. Fram koma fjöllista- og spunahópur, balletthópar, og danshópur kvenna.
- 18.00 **Ævintýradansleikhús barna** heldur upp á vorið með sýningu í Ketilhúsinu á Akureyri á alþjóðlegum degi dansins. Fram koma fjöllista- og spunahópur, balletthópar, og danshópur kvenna.

ÓPERA

- 20.00 Þáttakendur í **Óperustúdíói Íslensku óperunnar** og **Listaháskóla Íslands** frumsýna óperuna **Apótekarann** eftir Haydn í Íslensku óperunni. Hljómsveitarstjóri er **Kurt Kopecky** og leikstjóri **Ingólfur Niels Árnason**.

hvar@frettabladid.is

Blæs til stórsóknar

Benedikt Lafleur, rithöfundur, listmálari og bókaútgefandi með meiru, situr ekki auðum höndum frekar en fyrri daginn. Um þessar mundir eru að koma út sex nýjar bækur frá Lafleur útgáfunni. Von er á þremur í viðbót á næstu vikum og síðan bætist eitthvað á annan tug við síðar á árinu.



BENEDIKT LAFLEUR Sendir frá sér nju bækur í vor og annað eins síðar á árinu.

„Ég er að blása til stórsóknar í bókaútgáfunni núna í ár,“ segir Benedikt, sem auk bókaútgáfunnar hefur um langt skeið staðið fyrir svonefndum Skáldaspírukvöldum, þar sem þekkt jafnt sem óþekkt skáld lesa úr verkum sínum. Skáldaspírukvöldin eru haldin annan hvern þriðjudag á Kaffi Reykjavík.

„Maður uppgötvar sífellt fleiri efnilega höfunda í kringum Skáldaspírukvöldin. Oft leynast perlur í skúffum höfunda sem ekki hafa fengið neitt gefið út.“

Bækurnar sex sem voru að koma út eru Orð milli vina, úrval ljóða eftir Gunnar Dal sem ber sama nafn og ein ljóðabóka Gunnars, Örfok, skáldsaga eftir Eyvind P. Eiríksson, Ugly sat á kvisti, smásagnasafn eftir Þorstein Antonsson, Rökrétt framhaldslíf, ljóðabók eftir Kristján Hreinsson, og Með mér er Regn, ljóðabók eftir Hörð Gunnarsson, að ógleymdri

bókinni Sólrís í hringhendingum, sem er spunasafn smásagna, ljóða og hugleiðinga eftir Benedikt sjálfan.

Þá stefnir Benedikt á að gefa út þrjár bækur erlendis á árinu; tvær í Frakklandi og eina í Þýskalandi.

Fyrir utan bókaútgáfuna er Benedikt þessa dagana að opna litla myndlistarsýningu í Borgarbókasafni Reykjavíkur, aðalsafninu í Tryggvagötu. ■



Sjá sýningar í dálk Borgarleikhússins

KRINGLUKRÁIN UM HELGINA

HLJÓMSVEITIN KARMA í kvöld.

- Fjölbreyttur sérreittamatseðill öll kvöld vikunnar
- Tilboðsmatseðill fyrir Leikhúsgesti
- Hópamatseðill
- Sérstakur fyrir hópa

Borðapantanir í síma 568-0878 www.kringlukrain.is

DANSLEIKIR um helgina

Föstudaginn 29. apríl
Stuðsveitin **SÓLON**
Frítt inn föstudagskvöld

Laugardaginn 30. apríl
Alvöru sveitaball á mölinni

HLJÓMSVEITIN BRIMKLÓ
... leikur fyrir dansi

KLÚBBURINN
við Gullinbrú

Sjá nánari upplýsingar á www.klubburinn.is eða í síma 567 3100

Tenórinn

ALLRA SÍÐASTA SÝNING

Laugardaginn 7. maí kl. 20.00



Tangókvöld

Þriðjudaginn 3. maí kl. 20.00



Verzlunarskóli Íslands

100 ára 2005



Ingunn Sigurpáldóttir, 20 ára Verðandi stúdent 2005

Sjónvarpsmynd um skólann fyrr og nú verður sýnd af því tilefni, laugardaginn 30. apríl 2005, kl. 13:00 í Sjónvarpinu.

Afmælisárgangar verzlunarprófs munu hittast kl. 17:00, þann dag, nemendasambandsdaginn, í Verzlunarskólanum og rifja upp gömul kynni.



Valgarð Briem, 80 ára Stúdent 1945

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

Ljósmynd: Baldur Kristjánsson

tilboðin gilda til laugardagsins 7. maí
eða á meðan birgðir endast

opið föstudag 9 - 19:30
laugardag 10 - 16

ÍSLENSKI DAGGAR

Í FJARA
28

25%
afsláttur
við kassa

25%
afsláttur
við kassa

25%
afsláttur
við kassa

25%
afsláttur
við kassa

35%
afsláttur
við kassa

35%
afsláttur
við kassa

35%
afsláttur
við kassa



1184kg- SS GRAND ORANGE LAMBASTEIK merkt verð: 1579kg-	99- FK ÍS SÚKKULADI 1l.	148- VÍNAR MARSÍPANKAKA	148- VÍNAR MÖNDLUKAKA
1184kg- SS MEXICO LAMBASTEIK merkt verð: 1579kg-	132-	99- FK ÍS VANILLU 1l.	132-
1499kg- SS GRILLKJÖT LÆRISNEIÐAR merkt verð: 1998kg-	132-	132-	132-
621kg- SS BRATWURST PYLSUR merkt verð: 828kg-	198-	132-	199-
389kg- MÓA LEGGIR MAGNPAKKNING merkt verð 599kg-	198- LGG+ m/JARÐABERJUM, EPLUM og PERUM, FERSKJUM, HREINT eða BRAGÐBÆTT 6 í pakka	198-	199- KJÖRÍS FROSTPINNAR: GULIR, GRÆNIR og VANILLU 8 í pakka
199kg- MÓA VÆNGIR MAGNPAKKNING merkt verð 299kg-	599- STEIKTUR KJÚKLINGUR	198-	199-
389kg- MÓA LÆRI MAGNPAKKNING merkt verð 599kg-	298- BENECOL m/APPELSÍNU eða JARÐARBERJABRAGÐI, 6 í pakka	198-	448- KAFFITÁR SELEBES- KAFFI 250gr.
998kg- FOLALDA- BUFF	298-	169-	398- KAFFITÁR KÓLUMBÍU- KAFFI 250gr.
998kg- FOLALDA- GULASH	169- SKYR.IS m/VANILLU, MELÓNUM og ÁSTARALDIN, FERSKJUM og HINDBERJUM, JARÐARBERJUM, ÁN ÁVAXTA, PERUM, APRÍKÓSUM og VANILLU eða BLÁBERJUM 500ml.	169-	248- RÚBÍN HÁTÍÐARKAFFI 250gr.
		159-	267- TE & KAFFI SÓLBERJATE



3 FJARDARKAUPUM

APRÍL - 7. MAÍ



298-
MYLLU
SMJÖRKAKA

298-
MYLLU
DJÖFLATERTA
hálf



198-
ORA
FISKBOLLUR
1/1

99-
ORA
FISKBOLLUR
1/2



1198kg-

ALI
MEXICO
KÓTILETTUR
merkt verð:
1498kg-

ALI SKINKU
og PEPPERONI
ÁLEGG
20% afsl.
við kassa

1198kg-

ALI
SVÍNAHNAKKI
REYKTUR
merkt verð:
1498kg-



89-

EGILS
MALTÖL
flaska

49-

EGILS
APPELSÍN
flaska



134-

134-

134-

ORA DRESSING:
SÓLPURRKADIR TÓMATAR,
ÍTÖLSK eða
ÞÚSUND EYJA



198-

ORA
LÚXUSSÍLD
375gr.



2900-

LOOK PANNA
DJÚP 28cm.

3400-

LOOK
GRILLPANNA
27cm.



8-
EGILS
KRISTALL+
0,5l.



265-

SÓL
APPELSÍNUSAFI
1l.

265-

SÓL
ÁVAXTASAFI
1l.

159-

SÓL
SKINS-
SAFI
1l.

248-

ORA
LÚXUSSÍLD
Í SINNEPSSÓSU Í
375gr.

248-

ORA
LÚXUSSÍLD
Í SÆLKERASÓSU
375gr.



98-

EGILS
KRISTALL+
0,5l.

265-
SÓL
EPLASAFI
1l.

159-

SÓL
SKINS-
SAFI
1l.

248-

ORA
LÚXUSSÍLD
Í SINNEPSSÓSU Í
375gr.

248-

ORA
LÚXUSSÍLD
Í SÆLKERASÓSU
375gr.



349-

RÚBÍN
EXPRESSO
ITALIANO
250gr.

248-

RÚBÍN
KENYA
KAFFI
250gr.

398-

SÆLKERAKAFFI
VEISLUKAFFI
BAUNIR

398-

SÆLKERAKAFFI
VEISLUKAFFI
BAUNIR

798kg-

NAUTAHAKK
FRÁ KJÖTHÚSINU

298kg-

HAMBORGARAR
ÚR KJÖTHÚSINU
og BRAUÐ
4stk.



438kg-

GRILLSAGAÐUR
FRAMPARTUR



89-

MYLLU
SAMLOKUBRAUÐ
FÍNT eða GRÓFT
500gr.

431kg-

FK REYKT
FOLALDAKJÖT

959kg-

FK
JURTAKRYDDAÐ
LAMBALÆRI

948kg-

FJALLA-
GLÓÐARSTEIK
ÚR FRAMPARTI

438kg-

SÚPUSAGAÐUR
FRAMPARTUR

998kg-

FJALLA-
GLÓÐARSTEIK
ÚR LÆRI



FJARDARKAUP

ekki bara verð!



BENNI Síðan Smekkleysubúðin var opnuð á Laugaveginum í október hafa margir tónleikar verið haldir þar.

Ekki þessir týpísku bartónleikar

Útgáfufyrirtækið Smekkleysa hefur haldið fjölda tónleika í búð sinni síðan hún var opnuð á Laugaveginum í október.

Benedikt Reynisson, starfsmaður búðarinnar, sem einnig gengur undir nafninu Benni í Karate eftir útvarpsþætti sínum á XFM, segir að yfirleitt fái tónleikarnir góð viðbrögð. „Við vorum með tónleikana við opnunina á búðinni og ætluðum ekkert að hafa fleiri tónleika. En síðan ákváðum við upp úr því að halda tónleika allar helgar. Þarna hefur verið að koma fólk frá tólf til þrettán ára upp í þrítugt. Það er alltaf ágætis traffík,“ segir Benni. „Þetta veitir skemmtilega stemmningu. Þarna eru ekki þessir týpísku bartónleikar þar sem er fullt af reyk og fullu fólk. Þetta er miklu meira aðlaðandi og fjölskylduvænt. Það er líka öllum velkomið að koma og spila. Það skiptir ekki máli hvað þú ert gamall og hvað þú ert að gera.“

Töluverður fjöldi fólks hefur einnig komið í búðina til að sjá Smekkleysusýninguna Humar eða frægð. Þar er stiklað á stóru í sögu Smekkleysu og hljómsveitanna og skáldanna sem hafa komið við sögu hjá fyrirtækinu. Útlendingar hafa kíkt töluvert á sýninguna en þar er að finna muni sem tengjast sögu Smekkleysu, eins og kjólar af Björk.

Einnig var þarna kjóll sem fyrri-verandi trommari Sykurmolanna, Sigtryggur Baldursson, klæddist á tónleikum í Bandaríkjunum en honum var stolið fyrir utan búðina fyrir nokkru síðan þar sem hann hafði verið til sýnis.

Á morgun verða enn einir tónleikar í Smekkleysubúðinni. Þar stígur á stökk bandaríska folk-pönkhljómsveitin Defiance frá Indiana. Hefjast þeir klukkan 15.00 en sveitin heldur síðan aðra tónleika klukkan 20.00 í Kaffi Hljómalind.

Aðgangseyrir á þá er 500 krónur.

Aðrar hljómsveitir sem troða upp í Kaffi Hljómalind verða Shirley Temple Fanclub, kvenna-sveitin Viðurstyggð, The Best Hardcore Band in the World og Deathmetal Supersquad.

Að sögn Benna er Defiance frekar óvenjuleg hljómsveit. „Þetta er pönk í grunninn en hljóðfæraskipan er svolítið spes. Þeir spila á kassagítar, kontrabassa, selló, fiðlur og munnhörpur en garga samt á fullu,“ segir hann.

Aður en Defiance spilar í Smekkleysubúðinni spilar þar í dag Benny Crespo's Gang sem er ung og efnileg íslensk rokk-sveit. Hún sækir innblástur sinn frá hljómsveitum á borð við At the Drive-In, Blonde Redhead, Nirvana, Radiohead, The Mars Volta, Portishead, Led Zeppelin, Primus og Uriaah Heep.

freyr@frettabladid.is



Erik Jørgensen®

Framleiðandi sófa frá 1954



Sérfræðingur frá Erik Jørgensen veitir faglegar ráðleggingar um val á húsgögnum frá fyrirtæki sínu í dag og á morgun.



Skeifunni 6 / Sími 568 7733
Fax 568 7740 / epal@epal.is
www.epal.is

■ TÓNLIST

Nýtt frá Bubba í júní

Þann 6. júní næstkomandi koma út tvær nýjar plötur með Bubba Morthens; Ást og Í sex skrefa fjarlægð frá Paradís. Verið er að leggja lokahönd á þær um þessar mundir.

Upptökum á báðum plötunum stjórnadi Barði Jóhannsson úr hljómsveitinni Bang Gang en vinnsla við þær fór að mestu leyti fram í Frakklandi nú í vor. Bubbi verður því áberandi í sumar því tvær endurútgáfur eru einnig á leiðinni frá honum; Ísbjarnarblús og Kona, sem verða báðar í viðhafnarútgáfum.

BUBBI Fjórar plötur með Bubba eru væntanlegar í sumar.



■ TÓNLIST

Sérstæður söngvari til Íslands

Bandaríski tónlistarmaðurinn Antony heldur tónleika ásamt hljómsveit sinni, The Johnsons, þann 11. júlí á Nasa. Tónleikarnir eru liður í Evróputúr Antony og mun honum ljúka hér á landi.

Frá því að Antony kom fram á sjónarsviðið fyrir átta árum hefur hróður hans farið ört vaxandi. Á þessu ári hefur hann tekið mikið stökk en í febrúar kom út hljómplatan I'm a Bird Now, sem gagnrýnendur hafa keppt við að hefja upp til skýjanna.

Antony hefur verið að spila með goðsögninni Lou Reed í gegnum tíðina og átti upphaflega að koma með honum hingað til lands á síðasta ári. Ekkert varð af því vegna eigin tónleikaferðar

sem hann fór í. Antony hefur meðal annars sungið inn á plötur Reeds, The Raven og Animal Serenade, auk þess sem hann tók lagið í kvikmyndinni The Animal Factory.

Antony, sem er klæðskiptingur, þykir hafa stórgóða rödd og hefur hann meðal annars verið dádur af aðdáendum goth-tónlistar. Tónleikar Antony og The Johnsons þykja sannkallað augna- og eyrnakonfekt og því hlýtur það að teljast fagnaðarefni að listamaður sem er að klífa upp á stjörnuhimininn skuli koma til Íslands á leið sinni þangað.

Miðasala á tónleikana hefst 20. maí í verslun 12 Tóna við Skólavörðustíg og á midi.is. ■



ANTONY Þessi óvenjulegi söngvari heldur tónleika á Nasa þann 11. júlí.

■ TÓNLIST

Tónlist.is tveggja ára

Á laugardaginn verða liðin tvö ár frá því heimasíðan Tónlist.is fór í loftið. Af því tilefni verður meðal annars afmælishátíð í Kringlunni og happdrætti þar sem hægt er að vinna iPod, miða á tónleika með U2, frískriftilur að Tónlist.is og ýmislegt fleira.

Þá verður bætt við nýrri þjónustu, svo sem yfirfærslu á iPod og aðra stafræna spilara. Af því tilefni hafa höfundar og framleiðendur ákveðið að bjóða fólki upp á að sækja tónlist án endurgjalds alla afmælishelgina. Heimasíðan verður opin fyrir alla frá föstudagsmorgni til miðnættis á sunnudegi og þar geta notendur sótt allt að fimmtíu lög til eignar.



HILDUR VALA Idol-stjarnan Hildur Vala syngur í Kringlunni á laugardag í tilefni af tveggja ára afmæli Tónlist.is.

Tónlist.is hefur notið vaxandi vinsælda síðan hún fór fyrst í loftið og er fjöldi skráðra notenda nú rúmlega 15 þúsund talsins. Nú má nálgast vel yfir 300.000 íslensk og erlend lög á vefnum og með nýjum samningum við framleiðendur er gert ráð fyrir að fjöldi laga fari yfir milljón á þessu ári. Þess má einnig geta að um miðjan maí geta Mac-notendur keypt tónlist á vefnum í fyrsta sinn.

Afmælishátíðin í Kringlunni hefst fyrir framan Skífuna klukkan 15.00. Þar koma fram Idol-stjarnan Hildur Vala og hinn efnilegi trúbandur Helgi Valur.

Bragðgóðar fjölvítamíntöflur með steinefnum

VitaMineral

Fyrir fullorðna og börn eldri en 11 ára

Bornalagasamkeppni Sena, RMP og Stundarinnar Óskar fer að hefjast. Fylgjst með á www.reykjavikMP.com

TÓNVINNSLUSKÓLI ÞORVALDAR BJARNA
Starfræktur af Reykjavík Music Productions

ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR

Fyrstu námskeiðunum í Tónvinnskólalíkan Þorvaldar Bjarna er að ljúka.

